

3. Róttæk stúdentahreyfing

1. Kynslóðin '68

Dví hefur verið haldið fram að fá ártöl í sögu nútímans veki jafnstærk viðbrögð í hugum fólks og ártalið „1968“. Sumir hugsi til þessa ártals með söknuði og líti svo á að þá hafi hugmyndir um frelsi, réttlæti og samfélagslegan jöfnuð fengið byr undir báða vængi. Aðrir líti aftur á móti til baka til þess með hrolli og hugsi um það sem tímabil þegar öfgakenndar vinstrihugmyndir og ábyrgðarleysi hafi mótað samfélagsþróunina.¹

Ekki er að undra þótt fólk hafi sterkar skoðanir á '68-kynslóðinni, á hvern veg sem þær eru. Tímabilið var á margan hátt sérstakt og afar litríkt og fól í sér róttækt uppgjör við ríkjandi samfélags-hugmyndir. Kannski er ekki að furða að í daglegu tali sé stundum talað um „'68-byltinguna“ þótt sú nafngift eigi ef til vill ekki við rök að styðjast, a.m.k. ekki í stjórnmálalegum og hagrænum skilningi. Breski sagnfræðingurinn Eric Hobsbawm segir þannig að pólitísk þýðing stúdentauppreisnarinnar hafi verið skammvinn og lítil og að hún hafi almennt verið „fyrirbæri utan við efnahagsmál og pólitík“. Menningarleg þýðing hennar hafi aftur á móti verið þeim mun meiri, segir Hobsbawm,² og almennt virðist það dómur fræðimanna að sjöundi áratugurinn hafi markað djúp spor í þróun vestræns samfélags, a.m.k. í hugarfarslegum skilningi.³ Hér má vitna í danska sagnfræðinginn Henrik Jensen, en að hans mati tókst umræddri hreyfingu sjöunda áratugarins á margan hátt að umbylta viðteknum menningarlegum gildum. Á þessum tiltölulega fáu árum hafi orðið ákveðnar grundvallarbreytingar á ýmsum samfélagslegum hugmyndum og viðhorfum og gildi á borð við einstaklingshyggju og frjálslyndi hafi fengið stóraukið vægi.⁴

En hver var þá þessi „kynslóð“ sem menn segja að hafi haft þvítík áhrif? Og er yfirhöfuð hægt að setja stóran hóp manna fæddan á sama árabili undir einn hatt hugmyndafræðilegs straums? Að minnsta kosti er víst að sjálft kynslóðarhugtakið er vandmeðfarið, og verður að hafa á því nokkra fyrirvara. Hér má vitna í Gest Guðmundsson félagsfræðing, en hann hefur fjallað allfjarlega um þetta hugtak og notkunarmöguleika þess. Ein merking hugtaksins, og sú sem notuð er hér, er að kynslóð merki „aldurshóp sem á einhvern

¹ Bjereld og Demker, *I vattumannens tid?*, 14.

² Hobsbawm, *Öld öfgranna*, 303.

³ Judt, *Postwar*, 390 og áfram. – Samkvæmt danska sagnfræðingnum Henrik Jensen er þó umdeilt hverju sjöundi áratugurinn breytti og hvaða þýðingu það hafði. Þar skiptir m.a. máli hvernig tímabilið er skilgreint, hvenær það er talið hefjast og enda. Um þetta er rætt í bók eftir Berntson, Guðmund Hálfðanarson og Jensen, *Europa 1800–2000*, 349 og áfram.

⁴ Berntson, Guðmundur Hálfðanarson og Jensen, *Europa 1800–2000*, 352. – Bjereld og Demker, *I vattumannens tid?*

hátt hefur markað sér sess í sögunni“. En gott dæmi um slíka notkun er orðið aldamótakynslóð sem lengi hefur verið notað um það fólk sem var fætt um aldamótin 1900 og setti mikinn svip á alla þróun íslensks þjóðfélags úr bændasamfélagi yfir í borgaralegt samfélag. Hugtakið hefur þannig mikið verið notað í daglegu tali en hefur einnig fastmótaðan fræðilegan sess og hefur gengið í gegnum langa þróun, og m.a. hefur því verið hafnað að líta á „þá sem fæðast á tilteknu árabili sem eina samstæða kynslóð heldur sem samsafn hópa því að þær aðstæður, sem móta kynslóðina, snúi mismunandi andlitum að mismunandi hópum“.⁵

Í þessu sambandi vísar Gestur til eins frumkvöðuls kynslóðar-hugtaksins innan félagsfræðinnar, Karls Mannheim, en hann hafi alls ekki notað hugtakið þannig að það næði yfir alla sem fæðingar-árs síns vegna tilheyruðu sömu kynslóð. Mannheim notaði hugtakið um tiltekinn hóp jafnaldrar

sem yrðu fyrir sömu afgerandi áhrifum á mikilvægum þroska-skeiðum. Þessi áhrif gæfu ákveðna sameiginlega reynslu sem tengdi lífssögu einstaklinga við sögu samfélagsins og setti varanlegt mark á hugsunarhátt og gerðir. Slíkar kynslóðir verða ekki til á taktfastan hátt með jöfnu árabili. Djúptækar þjóðfélagsbreytingar og dramatískir atburðir, svo sem kreppa, stríð, þjóðflutningar og mikil þjóðfélagsátök, leggja á ákveðnum tímum grunn að sterkri sameiginlegri reynslu og móta kynslóðir, skv. hugtakamótun Mannheims.⁶

Gestur Guðmundsson gerir enn fremur grein fyrir því að umrætt hugtak hafi orðið hluti af meginstraumi félagsfræðinnar í tengslum við rannsóknir á kynslóðinni „sem síðar var kennd við ártölin 1967 og 1968 ... Fræðimenn reyndu að komast að því hvaða sérstaka reynsla hefði kveikt æskulýðsuppreisnina og sameinað stóran hluta ungmenna undir merkjum hugsjóna og markmiða sem flest voru framandi í augum hinna eldri.“⁷

Því ekki verður um það deilt að mótunaráhrif þessara ára á ungmennti tímabilsins voru á margan hátt alveg ný af nálinni og „kynslóðin“ sem óx úr grasi undir þeim áhrifum átti eftir að hafa gríðarleg áhrif á þróun háskólasamfélaga hvarvetna um Evrópu og þá einnig á Íslandi. Á þeim árum sem '68-hreyfingin eða „'68-kynslóðin“ var hvað atkvæðamest urðu á margan hátt til alveg nýjar

⁵ Gestur Guðmundsson, „Kynslóðin sem komst út úr kalda stríðinu“, 27–29.

⁶ Gestur Guðmundsson, „Kynslóðin sem komst út úr kalda stríðinu“, 28.

⁷ Gestur Guðmundsson, „Kynslóðin sem komst út úr kalda stríðinu“, 28.



II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN – II.3 RÓTTÆK STÚDENTAHREYFING

Kröfuganga franskra stúdentna í maí 1968.



hugmyndir um hvað það þýddi að vera námsmaður eða stúdent. Námsmenn voru ekki lengur aðallega karlkyns úr efri stéttum þjóðfélagsins, auk fáeinna afburðagreindra alþýðupilta. Þeir voru nú af báðum kynjum og upprunnir í flestum stéttum og mættu til leiks inn í háskólana með gerólíkt hugmyndafræðilegt og félagslegt farteski því sem forverar þeirra höfðu haft með sér um allar aldir.

2. Uppruni og einkenni '68-hreyfingarinnar

Mótmælaaðgerðir settu svip sinn á þjóðfélagið vestanhafs um og upp úr miðjum sjöunda áratugnum, og í bandarísku þjóðlífi voru óeirðir áberandi frá um 1965. Um háskóla landsins fóru bylgjur andófsaðgerða sem brátt náðu einnig til háskóla í Evrópu.⁸ Aðgerðir þessar voru vissulega pólitískar en með allt öðru sniði en venja hafði verið. Stúdentahreyfingarnar hentu hefðbundnum pólitískum aðferðum fyrir róða og gripu þess í stað til beinna aðgerða og mótmæla á strætum úti.⁹

⁸ Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld*, 341.

⁹ Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld*, 341.



Stúdentaaðgerðirnar náðu hámarki á árunum 1967–68, en andófsmenn lögðu háskólana undir sig og kröfðust grundvallarbreytinga bæði á skipulagi skólanna og á sjálfu þjóðfélaginu.¹⁰ Stúdentaaðgerðirnar í Frakklandi eða „maí '68“ hafa orðið nokkurs konar tákn þessara atburða, en uppreisnin í París náði hámarki þetta fræga vor eftir að hafa verið að gerjast allan veturinn á undan. Og eins og kunnugt er urðu átökin hvergi eins umfangsmikil og þar í landi, en franska verkalýðshreyfingin lýsti yfir stuðningi við kröfur stúdentanna, og bylgja verkfalla fór um allt Frakkland.¹¹ En meðan á þessu stóð var allt á tjá og tundri innan háskólanna. Stúdentar breyttu skólunum í nokkurs konar tilraunastöðvar og tóku skipulagningu námsskráa og námsefnis í sínar eigin hendur.¹² Virðast þeir raunar hafa ætlað sér í einhvers konar frjálsa menntun sem þeir skipulegðu eftir eigin höfði.

Að háskólar væru íhaldssamar stofnanir var að sjálfsögðu ekkert nýtt. Samkvæmt aldagömlum hefðum voru háskólar flabeinsturnar sem fyrst og fremst voru ætlaðir fámennum hópum þjóðfélagsins. En hvað gerði það að verkum að kynslóðin sem óx úr grasi á eftirstríðsárunum varð þess umkomin að gera þvílíkt áhlaup á þetta virki? Nokkur atriði hafa verið nefnd sem helstu ástæður ungmennauppreisnarinnar, en sagnfræðingar hafa haldið því fram að róttæka hreyfingu sjöunda áratugarins megi rekja til allsérstæðra sögulegra aðstæðna í þróun Vesturlanda á tímabilinu, og að komið hafi til nokkrir samverkandi þættir.¹³ Bandaríski sagnfræðingurinn Ronald Fraser heldur því raunar fram að efnahagsleg og félagsleg þróun eftirstríðsáranna hafi verið á þann veg að kynslóðin er þá óx úr grasi hafi hlotið að verða nokkuð sérstök.¹⁴

Bent hefur verið á að það hafi verið í lok sjötta áratugarins að „unglingar“ og ungmenni komu í fyrsta sinn fram á sjónarsviðið sem sérstakur samfélagslega skilgreindur hópur, bæði í sjálfs sín augum og annarra.¹⁵ Einnig óx þessi nýtilkomni og fjölmenni samfélagshópur úr grasi á tímum einstaks uppgangs í efnahagsmálum eða þess „efnahagsundurs“ sem áður hefur verið rætt. Og hvað varðar áhrif efnislegra þátta á hreyfinguna '68 þá virðast fræðimenn samdóma um að mikilvægar forsendur hennar hafi verið að finna í aukinni efnahagslegri velferð, sem var útbreiddari og náði til fleiri félagslegra hópa en nokkru sinni áður hafði gerst. Danski sagnfræðingurinn Henrik Jensen heldur því raunar fram að ef nefna ætti einhverja eina ástæðu sem sérstaklega ýtti undir þá andófhreyfingu

¹⁰ Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld*, 341.

¹¹ Eley, *Forging Democracy*, 347. – Gestur Guðmundsson og Kristín Ólafsdóttir, '68, 74–77. – Einar Már Jónsson, *Maí 68*.

¹² Eley, *Forging Democracy*, 347.

¹³ Fraser, 1968, 2–3. – Östberg, 1968 *när allting var i rörelse*, 22.

¹⁴ Fraser, 1968, 3–14.

¹⁵ Berntson, Guðmundur Hálfðanarson og Jensen, *Europa 1800–2000*, 359. – Östberg, 1968 *när allting var i rörelse*, 24.



II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN – II.3 RÓTTÆK STÚDENTAHREYFING

sem af stað fór á sjöunda áratugnum þá sé það einmitt að atvinnuleysi var í lágmarki á tímabilinu. Það að allur þorri manna hafði fulla atvinnu var nauðsynleg forsenda aukins jafnréttis í skiptingu velferðar og auðs og hafði þannig m.a. mikil áhrif á þá hjartasýni sem einkenndi tímabilið.¹⁶

Nú varð til, í fyrsta sinn í sögunni, allstór hópur ungs fólks sem hafði eigin fjárráð að einhverju leyti eða réði yfir fjármunum sem hann gat ráðstafað að eigin vild. Fjárhæðirnar sem um ræddi voru kannski ekki háar, en engu að síður varð hér til ákveðinn efnahagslegur grunnur að sérstakri unglíngamenningu.¹⁷ Á grundvelli þessa sköpuðu þeir sinn eigin lífsstíl, eigin unglíngamenningu, sem byggðist m.a. á tískuklæðnaði og rokktónlist.¹⁸

Ronald Fraser telur í það minnsta að ungt fólk hafi ekki lengur haft þá tilfinningu í sama mæli og áður að það yrði að feta fyrirfram troðnar slóðir og að hlíta hefðbundnum félagslegum siðum og venjum til þess að tryggja sína eigin framtíð.¹⁹ Unglingarnir tóku að líta stöðu sína nýjum augum, þeir töldu sig eiga rétt á að hafa skoðanir á eigin framtíð og að krefjast þegnréttinda, ekki samkvæmt fyrirfram gefnum siðum og venjum heldur á sínum eigin forsendum.²⁰

Þá ber að nefna áhrif kalda stríðsins, en fræðimenn eru samdóma um að það sé þáttur sem hafi haft veruleg áhrif á ungmennauppreisnina á sjöunda áratugnum. Lýsingar rithöfundarins Einars Más Guðmundssonar gefa afar fróðlega innsýn í þetta atriði, þ.e.a.s. hvernig '68-uppreisnin varð til sem ákveðið viðbragð við þrúgandi samfélagshugmyndum kaldastríðsáranna. Eða hvernig einstaklingar af umræddri kynslóð fundu í henni farveg til að mótmæla því „stírðnaða kerfi“ og „stöðnuðu siðum“ sem ríktu er þeir uxu úr grasi. Einar Már fjallar um uppvaxtarár árganganna sem fæddust um 1950 og lýsir þeim félagslegu og menningarlegu gildum sem ríktu er þeir voru að alast upp. Að hans mati voru þau

ákaflega íhaldssöm, kalda stríðið í algleymingi, hin svart-hvíta heimsmynd allsráðandi og menningin svona hálfgerð skólastjórmenning, hugsjónir og siðir ungmennafélags- og aldamótakynslóðarinnar áttu að verða okkar. Það var alltaf verið að segja: Við rifum ykkur upp úr fátæktinni og gáfum ykkur að éta. Þess vegna er líka sjálfsagt að við kennum ykkur að hugsa. Hinir andlegu feður sem komu í skólana og messuðu yfir okkur voru skátaforingjar, bindindispostular og trúarfröm-

¹⁶ Berntson, Guðmundur Hálfðanarson og Jensen, *Europa 1800–2000*, 359.

¹⁷ Östberg, *1968 när allting var i rörelse*, 24.

¹⁸ Berntson, Guðmundur Hálfðanarson og Jensen, *Europa 1800–2000*, 359. – Eley, *Forging Democracy*, 353–55. – Östberg, *1968 när allting var i rörelse*, 23.

¹⁹ Góð umfjöllun um bilið milli kynslóðanna er í Eley, *Forging Democracy*, 353–55.

²⁰ Fraser, *1968*, 3.



uðir, flestir svo leiðinlegir að þeir hlutu að ala af sér díalektíska afneitun einsog sagt var í gamla daga.²¹

Að sögn Einars Más var '68-uppreisnin þannig að hluta til uppreisn gegn þrúgandi menningarlegum hugmyndum sem voru samofnar því samfélagskerfi er '68-kynslóðin ólst upp við. En lýsingar Einars Más á drifkraftinum að baki uppreisninni eru ekki síður áhuga-verðar. Hann fólst ekki nauðsynlega í meðvituðum hugmyndafræðilegum ástæðum heldur ekki síður í því að '68-hreyfingin bauð unga fólkinu upp á farveg fyrir sinn eigin uppreisnarvilja og þrá eftir annars konar lífi en því sem rúmaðist innan þess samfélagskerfis sem það hafði alist upp við, einhverju nýju.²²

Að lokum skal nefndur þáttur sem kynti mjög undir '68-uppreisninni, en það var stríðið í Víetnam. Uppreisn '68-kynslóðarinnar mótaðist af reiði gegn utanríkisstefnu Bandaríkjanna, og var Ísland ekki undanskilið. Íslenskir stúdentar létu stríðið í Víetnam sig mjög varða, og starfsemi utanríkisnefndar Stúdentaráðs²³ og skrif stúdenta í Stúdentablaðið á þessum árum vitna um það.²⁴

3. Hugmyndafræði

'68-hreyfingin var þó ekkert eitt heldur margslungin og beindist í fjölmargar áttir sem snertu hugmyndafræði, pólitík og pólitískar baráttuáðferðir og lífsstíl. Þó hefur sænski sagnfræðingurinn Kjell Östberg haldið því fram að hvað varðaði grundvallarheimsmynd þá hafi hún verið nokkuð heildstæð. Alþjóðleg samstaða var lykilatriði meðal þeirra sem tilheyrðu hreyfingum sjöunda og áttunda áratugarins, og menn sameinuðust um stuðning við þjóðir þriðja heimsins og frelsisbaráttu þeirra.²⁵ Þá segir Östberg að hreyfingin hafi verið grundvölluð á sterkri jafnréttishugsun sem hafi mótað hana frá grunni og líklega hafi það einmitt verið orðið „jafnrétti“ sem hvað oftast kom fyrir í pólitískum umræðum í lok sjöunda áratugarins, en um leið hafi það orðið eins konar grundvallarkrafa að þróa nýtt og víðtækt lýðræði sem risti dýpra en hefðbundið væri.²⁶ Hugmyndir þessar birtust í baráttu gegn valdi og hefðum og venjubundnu lífsmynstri, og almennt megi segja að fyrir hendi hafi verið, a.m.k. meðal ákveðins hóps fólks, djúpstæð trú á að breytingar væru mögulegar eða að bylting samfélagsins væri möguleg.²⁷

Skrif Gests Guðmundssonar og Kristínar Ólafsdóttur eru athyglisverð varðandi það hvernig umrædd pólitík var stunduð. Eins og þau

²¹ Gestur Guðmundsson og Kristín Ólafsdóttir, '68, 204.

²² Gestur Guðmundsson og Kristín Ólafsdóttir, '68, 204–05.

²³ *Lbs.* Fundargerðir Utanríkisnefndar SHÍ feb. 1966 – jan. 1973. Sjá fund 20. okt. 1971 og 25. og 30. apríl 1972. – *Lbs.* Fundargerðir stúdentaráðs Háskóla Íslands sept. 1971 – feb. 1973. Fundur 6. maí 1972.

²⁴ Sjá t.d. *Stúdentablaðið* 1973 11. tbl., 11.

²⁵ Um það vitna fjölmargar greinar í *Stúdentablaðinu* á árunum 1972–75.

²⁶ Östberg, 1968 *när allting var i rörelse*, 120–21.

²⁷ Sjá t.d. Guðni Th. Jóhannesson, *Óvinir ríkisins*, 266–67.

II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN – II.3 RÓTTÆK STÚDENTAHREYFING

gera grein fyrir þá var það ein veigamesta breytingin sem 1968 hafði í för með sér að merking sjálfs orðsins „pólitík“ breyttist og að hugtakið fékk mun víðtækari merkingu en það hafði áður haft. Fyrir hafði verið litið svo á að „stjórnmal væru afmörkuð í kringum starfsemi þjóðþinga og stjórnmalaflokka“. Með '68-hreyfingunni gerðist það að ýmis þau atriði sem uppreisnin beindist að, vald prófessora, skólastefna á Vesturlöndum, kúgun kvenna o.s.frv., voru sett í afar víðtækt samhengi er nefnt var pólitískt. Varð það þannig almennt „pólitík að hrófla við ævafornum hefðum, rótgrónu valdi og vanahugmyndum“. „Á tímabili var allt pólitík“, segja þau, og var þá almennt vísað til þess að „félagsleg og pólitísk öfl“ hefðu mólandi áhrif á reynsluheim fólks.²⁸ Hér má einnig benda á skrif breskbandaríska sagnfræðingsins Geoffs Eley þess efnis að '68-hreyfingin hafi ýtt mjög undir þróun nýrrar tegundar stjórnmalalegrar baráttu sem fór nú í auknum mæli fram utan hefðbundins vettvangs, þings eða stjórnmalaflokka. Um þetta voru ýmis dæmi, en eitt það mikilvægasta var nýja kvennahreyfingin sem síðar verður komið að. Á áttunda áratugnum varð hún eitt mikilvægasta dæmið um óhefðbundna pólitíska hreyfingu sem byggðist á grasrótastarfsemi.²⁹ En slík óhefðbundin pólitísk barátta stúdenta var ákveðið megineinkenni '68-hreyfingarinnar innan háskólanna, og átti hún eftir að móta Háskóla Íslands umtalsvert og setja sterkan svip á háskóla lífið.

Eitt helsta einkenni stúdentahreyfingarinnar '68 var þannig hin gríðarsterka uppreisn sem henni fylgdi gegn yfirvaldi og hefðbundnum valdakerfum af öllu mögulegu tagi. Skipti þar ekki máli hvort um var að ræða stofnanir sem byggðust á stigskiptu valdakerfi, eins og t.d. háskólana eða fulltrúa þessara stofnana, kennara og prófessora sem tóku nú skyndilega að fá það óþvegið frá nemendum sínum eftir að hafa setið upphafnir á stólum sínum um aldir. Eða þá óskrifuð lög og reglur samfélagsins um t.d. hegðun og framkomu sem tekin voru til gagn Gerrar endurskoðunar. Uppreisnarinnar gegn yfirvaldi varð vart á fjölmörgum sviðum samfélagsins, bæði því opinbera og í einkalífínu. Má þar nefna stjórnmalasviðið, þar sem ýmis grasrótarsamtök tóku að láta í sér heyra, menningu og listir þar sem uppreisn var gerð gegn hugmyndum um „hámenningu“ og fjölskylduna þar sem vald foreldra yfir börnum sínum var endurskoðað.³⁰ Eitt af boðorðum dagsins var að láta reyna á alls kyns mörk og gjarnan að fara yfir þau á einhvern hátt. Þar má vitna í

²⁸ Gestur Guðmundsson og Kristín Ólafsdóttir, '68, 261.

²⁹ Eley, *Forging Democracy*, 364.

³⁰ Vandlega umfjöllun um þetta er að finna í Bjereld og Demker, *I vattumannens tid?*, 19–22.



II.3.3 HUGMYNDAFRÆÐI

andrá

FYRSTA ÁR
FYRSTA BLAÐ
24. Okt. 1969

KJAFTHÖGG EFTIR KOSNINGAR

HELGI KRISTBJARNARSON / ÞORSTEINN PÁLSSON
(Sjá LIPURTA bls. 3-6)

HÁSKÓLA
HÁTÍÐ
25. OKT.

(Sjá ÁTTAVITA STÚDENTA á bls. 2)

*Veisufagnatur og
klæðfletting á föstudag!*

(Sjá MISSERISVINDINN á bls. 7)

Árið 1966 var Stúdentafélag Háskóla Íslands endurreist eftir langt hlé sem vettvangur fyrir pólitísk átök stúdenta. Þá var hugmyndin að Stúdentaráð yrði ópólitísk hagsmunasamtök. En félagið átti sér skamma framtíð því litlu síðar skall yfir hin róttæka bylgja sem hélt því meðal annars fram að allt væri pólitískt og því væri engin leið að vera ópólitískur. Þá varð Stúdentaráð opinskátt pólitískt á ný og Stúdentafélagið missti hlutverk sitt. Andrá, blað stúdentafélagsins, kom út óreglulega á árunum 1969–71.

Geoff Eley, en að hans mati var það einmitt ríkur þáttur í stúdentadgerðunum í Frakklandi að brjóta venjubundnar reglur og rjúfa mörk þess sem mátti gera og segja.³¹ Í því sambandi má einnig benda á slagorð sem stúdentahreyfingin er þekkt fyrir eins og t.d. „Ímyndunaraflið til valda“ sem víða mátti sjá málað á veggum í Latínuhverfinu vorið fræga í París.³² En um leið og markmið stúdentanna var að ryðja úr vegi ytri og innri hömlum, höftum og valdboði, þá vildu þeir einnig hefja á loft sköpunarmátt einstaklingsins

³¹ Eley, *Forging Democracy*, 352.

³² Eley, *Forging Democracy*, 347. – Gestur Guðmundsson og Kristín Ólafsdóttir, '68, 76. – Fleiri slagorð stúdentahreyfingarinnar hljóma svo á ensku: „Be realistic – Demand the Impossible“ og „Take your Desires for Realities“.



II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN – II.3 RÓTTÆK STÚDENTAHREYFING



Á Íslandi rann starf róttæku stúdentahreyfingarinnar að hluta til saman við baráttu gegn aðild Íslands að NATO og hersetu Bandaríkja- manna á Keflavíkurflug- velli. Sumarið 1968 hélt NATO fund í Háskóla Íslands. Róttæklingar og herstöðvaandstæðingar mótmæltu honum með því að setjast á tröppur aðal- byggingar Háskólans. Lög- reglan fjarlægði hópinn, og hér sjást tveir lögregluþjónar taka harkalega á Gísla Gunnarssyni sagnfræðingi. Nokkrum árum síðar var hann orðinn lektor og síðar prófessor við Háskólann.

og frelsi til að móta líf sitt og umhverfi. Á grundvelli þessa andæfðu þeir skipulagi og almennt öllu því kerfi er háskólarnir byggðust á, úreltum kennsluháttum og hegðunarmynstri.³³

Í ljósi alls þessa hlaut að sjóða upp úr innan háskólanna. Í fyrsta lagi voru háskólar víða um Evrópu engan veginn tilbúnir að taka á móti hinum mikla stúdentafjölda sem inn í þá streymdi. Stúdentunum var aðeins dembt inn í þau fög sem þar voru fyrir og þeir síðan látnir sitja undir sömu hefðbundnu kennsluaðferðum og ætíð höfðu tíðkast.³⁴ En háskólarnir voru ekki aðeins staðnaðir og vanbúnir hvað varðaði alla kennsluaðstöðu heldur byggðu þeir líka á afar fastmótuðu valdakerfi. Því hefur verið haldið fram að þetta hafi leitt til ákveðinnar blindni meðal háskólamanna sem hafi að miklu leyti verið úr tengslum við nemendur sína.³⁵

En hvað þá með sjálf málefnið sem í húfi voru? Hvað var það sem stúdentarnir vildu ná fram með baráttu sinni? Baráttumál þeirra voru yfirleitt hin sömu, en í fyrsta lagi beindust þau að stöðnuðu valdakerfi háskólanna, þess var krafist að hinu „ævaforma prófessora- veldi háskólanna yrði hnekkkt“ og að teknir yrðu upp lýðræðislegri stjórnarhættir. Krafa stúdenta var að koma sjálfir að stjórn skólanna og að fá þátttökurétt í helstu valdastofnunum. Þá vildu þeir að gerðar yrðu breytingar á námsfyrirkomulagi og námsefni og að það yrði fært til nútímalegra horfs. Bættra námslána og jafnvel námslauna var einnig krafist. Þá beindist baráttan eins og kunnugt er að öðrum málefnum en þeim sem snertu háskólana beinlínis. Þar sátu í fyrirrúmi krafan um alþjóðlega samstöðu, sem birtist t.d. í mótmælum gegn Víetnamstríðinu, og stéttabarátta þar sem stúdentar „óskuðu fullrar samstöðu með verkalýð í sameiginlegri baráttu gegn borgarastéttinni“.³⁶ Þó mætti segja að sú hugmynd hafi falið í sér ýmsar þversagnir, enda voru háskólar í raun ekki síst eins konar út- ungunarstöðvar fyrir borgarastéttina.

Að lokum hefur því verið haldið fram að það hafi alls ekki ríkt nein sérstök eining eða sameiginleg sýn meðal unga fólksins um hvernig ætti að breyta háskólunum. Stórir hópar stúdenta á Vestur- löndum voru í sjálfu sér sáttir við hugmyndafræðilegar stoðir námsins en fannst skólarnir ekki sjá þeim fyrir þeirri menntun sem þeir þurftu svo að þeir gætu lagt stund á ákveðin störf og öðlast þann starfsframa sem þeir stefndu að. Minni en róttækari hópur stúdenta hafi aftur á móti verið annarrar skoðunar. Sá hópur setti fram harkalega gagnrýni á grundvöll námsins og sjálfa hugmynda-

³³ Helgi Skúli Kjartans- son, *Ísland á 20. öld*, 341.

³⁴ Berntson, Guðmundur Hálfðanarson og Jen- sen, *Europa 1800– 2000*, 373.

³⁵ Berntson, Guðmundur Hálfðanarson og Jen- sen, *Europa 1800– 2000*, 373.

³⁶ Gestur Guðmundsson og Kristín Ólafsdóttir, '68, 79–80.

fræðina sem þar lá að baki og gagnrýndi þá stefnu sem stúdentunum fannst vera ríkjandi, að leggja áherslu á menntun sérfræðinga og meðfærilegra þjóna ríkisins sem styddu ríkjandi valdakerfi í blindni. Þessir hópar gátu þó, í byrjun að minnsta kosti, sameinast í kröfunni um aðild að stjórn háskólanna og stúdentalýðræði.³⁷

4. Stúdentahreyfing á Íslandi

Ísland fylgdi straumum tímans, a.m.k. að mörgu leyti, en þær hugmyndir sem hér hafa verið ræddar tóku smám saman að berast til landsins á síðari hluta sjöunda áratugarins. Þó hefur verið bent á að námsmannahreyfing „í 68-stíl“ hafi hvorki verið „fyrsti né eini votturinn um ólgu eða leysingu í íslenskum þjóðmálum“. Á síðari hluta sjöunda áratugarins tóku ýmis róttækniöfl að vakna og fá hljómgrunn á Íslandi, og má m.a. nefna að andóf gegn NATO og Víetnamstríði færðist í aukana.³⁸

Mikilvæg spurning í því samhengi er hvernig þessir straumar námsmannahreyfingarinnar birtust hér á landi og þá sérstaklega við Háskóla Íslands, en innreið hennar í íslenska lögsögu var að sumu leyti með nokkuð sérstökum hætti. Hin áberandi vinstri gagnrýni og barátta var t.d. nokkuð lengi að koma fram, en upphaf „vinstri áratugarins“ við Háskóla Íslands hefur verið tímasett um árið 1971 eins og síðar verður komið að.³⁹ Munurinn á Háskóla Íslands og öðrum háskólum, bæði austan hafs og vestan, kristallaðist samkvæmt Gesti Guðmundssyni og Kristínu Ólafsdóttur að vissu leyti í því að skömmu eftir stúdentauppreisnina í Frakklandi eða í lok júní 1968 var Háskólinn nýttur til fundarhalds ráðherra Atlantshafsbandalagsins, NATO, og varð af „því tilefni ... ekki nema smávegis taugatitringur meðal stúdenta, og engar aðgerðir af þeirra hálfu“.⁴⁰ Þó er rétt að geta þess að Fylkingarfélagar er höfðu uppi mótmæli gegn fundinum komust með lagni að tröppum Háskólans og sungu „þar söngva sína og höfðu uppi vígorð“.⁴¹ Ekki er ólíklegt að þar hafi stúdentar verið meðal þátttakenda, en um leið má hafa tímasetningu fundarins í huga, hann var haldinn í júnímánuði og stúdentar margir víðsfjarri.

Í öðru lagi má færa rök fyrir því að hugmyndafræðileg gagnrýni er á margan hátt var í stíl stúdentahreyfingarinnar á Vesturlöndum hafi markað spor innan Háskóla Íslands á síðari hluta sjöunda áratugarins, jafnvel þótt hún væri ekki endilega sett fram undir sósíalískum eða róttækum formerkjum. Og baráttan fyrir stúdentalýðræði

³⁷ Berntson, Guðmundur Hálfðanarson og Jensen, *Europa 1800–2000*, 373.

³⁸ Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld*, 342–43. – Guðni Th. Jóhannesson, *Óvinir ríkisins*, 220. Um upphaf róttækra hreyfingar á Íslandi, sjá sama rit, bls. 216–22.

³⁹ Páll Björnsson, *Vaka 1935–1985*, 55. – Jón Ólafur Ísberg, *Stúdentsárin*, 244.

⁴⁰ Gestur Guðmundsson og Kristín Ólafsdóttir, '68, 189. – *Morgunblaðið* 25. júní 1968, 1. – *Þjóðviljinn* 25. júní 1968, 1.

⁴¹ Hér tekið eftir Guðna Th. Jóhannessyni, *Óvinir ríkisins*, 236.

II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN – II.3 RÓTTÆK STÚDENTAHREYFING

var allöflug innan Háskóla Íslands á þessum tíma jafnvel þótt hún hafi haft á sér heldur borgaralegri blæ en tíðkaðist við háskóla erlendis, sem ýmsir voru í uppnámi á þessum árum.

Í þessu samhengi er t.d. athyglisvert að þegar árið 1966, þegar hin svokallaða Háskólanefnd var sett á laggirnar, áttu stúdentar fastan fulltrúa í nefndinni.⁴² En nefnd þessi markaði skýr spor í sögu skólans, og verður rækilega fjallað um hana hér á eftir. Árið 1969 skilaði hún af sér skýrslu mikilli er bar yfirskriftina *Efling Háskóla Íslands*, og voru þar gerðar tillögur um framtíð Háskólans.⁴³ Einn þessara stúdentafulltrúa, Helgi Skúli Kjartansson, kom inn í nefndina árið 1968 þegar hann hóf nám við Háskóla Íslands og hafði það verk með höndum að standa vörð um „prinsippmál stúdenta“. Helgi Skúli lýsir þeim á þann veg að stúdentar hafi verið „á móti aðgangstakmörkunum að námi“ og vildu „sveigjanlegri námskipun með einingakerfi og árlegum prófum“ og möguleika á að tengja námsbrautir „yfir það sem við kölluðum deildarmúra“.⁴⁴ Ummæli hans um afstöðu háskólamanna til aðgerða stúdenta úti í heimi eru einnig afar athyglisverð. Þau sýna að þótt stúdentaóeirðirnar hefðu enn ekki haft mikil áhrif við Háskóla Íslands þá var mönnum þó ekki alveg rótt þeirra vegna. „Stúdentaóeirðir eða námsmannaandóf“, segir Helgi Skúli,

voru nýr og mjög truflandi veruleiki sem maður fann að hvíldi þungt á nefndarmönnum án þess að skipta þó mjög miklu máli fyrir viðfangsefni nefndarinnar. Mér var þó ekki tekið þarna sem neinum uppreisnarmanni heldur vel og af flestum mjög vinsamlega. Hef líklega notið meiri viðurkenningar þarna út á þá stöðu sem erlendir stúdentar höfðu knúið fram með svo áberandi hætti.⁴⁵

Það er sérstakt einkenni á róttækri námsmannahreyfingu á Íslandi að hún átti ekki upphaf sitt við Háskóla Íslands, heldur kom hún fyrst fram í íslenskum menntaskólum annars vegar og hins vegar meðal íslenskra námsmanna erlendis. Hreyfingin var þó ekki aðeins sein að berast inn fyrir vegg Háskóla Íslands heldur líka til Íslands yfirhöfuð, enda fór í raun lítið fyrir '68-hreyfingunni hér á landi á því fræga ári. Helstu merki hennar voru að meiri hörku gætti í kröfugöngum gegn stríðinu í Víetnam og her á Íslandi en áður, og átök urðu við lögreglu í kjölfarið. Ástæður þessa hafa t.d. verið nefndar ólíkar þjóðfélags-

⁴² HÍ. Fundargerðabók háskólaráðs 30. júní 1966, 430. – *Efling Háskóla Íslands*, 1.

⁴³ *Efling Háskóla Íslands*.

⁴⁴ *Tölvupóstur*. Helgi Skúli Kjartansson 23. mars 2009.

⁴⁵ *Tölvupóstur*. Helgi Skúli Kjartansson 23. mars 2009.



II.3.4 STÚDENTAHREYFING Á ÍSLANDI



Háskólastúdentar og nemendur menntaskóla og Kennaraskólans skunda á Arnarhól í Reykjavík 15. febrúar 1969 til að halda þar útifund. Þar var krafist úrbóta í húsnæðismálum skólanna, endurskoðunar fræðsluferfisins og námslýðræðis.

aðstæður, fólksfæð og að stórborgir voru ekki til staðar. Á Íslandi „skorti aðstæður stórborga og risaháskóla“, og má vissulega telja líklegt að þessir þættir hafi skipt verulegu máli.⁴⁶

Árið 1970 markaði ákveðin skil. Fræðimenn vitna um að þetta sumar hafi orðið ákveðin breyting á stemningunni í Reykjavík sem falist hafi í því að æskulýðsuppreisn árána á undan hafi tekið að setja sitt mark á bæinn, í „einhverri kaótískri blöndu af vinstri röttækni og hippamennsku“.⁴⁷ Í apríl þetta ár átti sér stað einn mest afgerandi viðburður í uppreisn íslenskra námsmanna, og voru nú ekki menntaskólanemar á ferð heldur íslenskir háskólanemar á erlendri grundu, nánar tiltekið í Svíþjóð. Þetta var hin svokallaða sendiráðstaka í Stokkhólmi þann 20. apríl 1970.⁴⁸ En til Íslands bárust fregnir um það „að hópur íslenskra stúdenta hefði ruðzt inn í sendiráð Íslands í Stokkhólmi og vísað þaðan út sendiráðsfulltrúanum og skrifstofustúlku og sett að með matarbygðir inni í byggingunni“. Atburður þessi vakti eins og gefur að skilja enga lukku meðal íslenskra ráðamanna.⁴⁹ Um leið var hæpið að búast við öðru en að atburðir sem raunverulega skóku háskólakerfið bæði í Evrópu og Ameríku á tímabilinu fyndu sér einhvern farveg meðal Íslendinga. Má taka undir að atburður þessi hafi minnt á að '68-hreyfingin var sterkara afl en svo að menn gætu sagt að „hér gerðist ekkert slíkt“.⁵⁰

Í handskrifaðri stefnuyfirlýsingu er skilin var eftir í sendiráðinu fóru stúdentarnir að dæmi féлага sinna víðsvegar á Vesturlöndum og sögðu að aðgerðir þeirra væru liður í að „knýja ... fram“ sósíal-

⁴⁶ Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld*, 341. – Gestur Guðmundsson og Kristín Ólafsdóttir, '68, 203, 217.

⁴⁷ Gestur Guðmundsson og Kristín Ólafsdóttir, '68, 207–08.

⁴⁸ *Morgunblaðið* 21. apríl 1970, 32. – *Þjóðviljinn* 21. apríl 1970, 1.


⁴⁹ *Alþingistíðindi* 1970 B, 1681.

⁵⁰ Guðni Th. Jóhannesson, *Óvinir ríkisins*, 217. Hér er nákvæm umfjöllun um sendiráðstökuna, 265–77.



II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN – II.3 RÓTTÆK STÚDENTAHREYFING

Ein fyrsta herskía aðgerð íslensku námsmannahreyfingarinnar fór fram 20. apríl 1970 þegar ellefu íslenskir stúdentar hertóku íslenska sendiráðið í Stokkhólmi. Á myndinni sést sænska lögreglan leiða einn tókumanna út.



íska byltingu í sínum heimahögum, þ.e.a.s. á Íslandi. Sendiráðstakan í Stokkhólmi varpar þó einnig ákveðnu ljósi á einkenni íslenskrar stúdentabaráttu. Í stefnuyfirlýsingunni kröfðust stúdentarnir betri kjara fyrir námsmenn og mótmæltu „því ófremdarástandi“ sem að þeirra mati ríkti á sviði íslenskra menntamála.⁵¹ Í aðgerðunum birtist þannig skýrt eitt megineinkenni íslenskrar stúdentabaráttu, baráttan fyrir bættum kjörum eða námslánum.⁵²

Og þróunin hélt áfram. Hvattir af aðgerðunum í Svíþjóð hertóku nálægt hundrað menntaskólanemar og nemar úr fleiri skólum Menntamálaráðuneytið en voru bornir út þaðan í samræmi við hina sænsku fyrirmynd. Áður höfðu nemendurnir sett rauða fána út um glugga hússins, og var markmið þeirra samkvæmt Þjóðviljanum „valdataka verkalýðsstéttarinnar“.⁵³

5. Aðdragandi innan Háskólans

Þótt hugmyndastraumar '68-hreyfingarinnar hafi verið nokkuð lengi á leiðinni inn í Háskóla Íslands þá mátti þó greina þar á síðari hluta sjöunda áratugarins ákveðna gagnrýni á námið og skólann og jafnvel þjóðfélagið allt. Á köflum tók þessi gagnrýni á sig verulega beitta mynd, enda þótt hún væri tæplega sósíalísk.

Þjóðfélagsgagnrýni innan Háskólans hafði raunar ýmis birtingarform, en um miðjan sjöunda áratuginn blönduðu nemendur sér inn

⁵¹ Guðni Th. Jóhannesson, *Óvinir ríkisins*, 273–74. Þar er hin handskrifaða stefnuyfirlýsing birt.

⁵² Gestur Guðmundsson og Kristín Ólafsdóttir, '68, 202. – Guðni Th. Jóhannesson, *Óvinir ríkisins*, 265. Um mismunandi möguleika til að stunda háskólanám eftir efnahag var einnig fjallað í *Efning Háskóla Íslands*, 76.

⁵³ *Þjóðviljinn* 25. apríl 1970, 1. – Guðni Th. Jóhannesson, *Óvinir ríkisins*, 277–78.

í ákafar þjóðfélagsdeilur um sjónvarp Bandaríkjamanna á Íslandi. Sjónvarp þeirra hafði lengi valdið deilum, og er stækkunarleyfi sem Bandaríkjamenn sóttu um og fengu komst í gagnid í mars 1963 jókst sú gagnrýni verulega,⁵⁴ en árið 1964 var talið að um 10.000 Íslendingar horfðu reglulega á Keflavíkursjónvarpið. Óttuðust menn mjög um þjóðerni landsmanna og tungu, og í byrjun árs 1964 urðu ákveðin þáttaskil í málinu þegar 60 þekktir kjósendur, þ.á m. margir helstu rithöfundar landsins, prófessorar, forvígismenn hagsmunasamtaka, skólastjórar og biskupinn yfir Íslandi, afhentu Alþingi áskorun um að takmarka sjónvarpið við herstöðina.⁵⁵ Í þessari mótmælaöldu gegn Keflavíkursjónvarpinu kom Háskólinn við sögu, en þann 1. desember 1965 hélt Sigurður Lúndal ræðu um málið er nefndist „Varðveisla þjóðernis“, og ræddi hann þar vafasöm áhrif Keflavíkursjónvarpsins á íslenska þjóðmenningu.⁵⁶ Og vissulega er það „athyglisvert að sú 1. desember ræða sem vakið hefur einna mesta athygli á seinni árum ... var flutt af hægrimanni fyrir tilstuðlan vinstrianna með almennum stuðningi stúdenta“. Sigurður talaði þannig ekki fyrir daufum eyrum því stúdentar tendruðust upp og söfnuðu í kjölfarið hvorki meira né minna en 600 undirskriftum til Alþingis þar sem sjónvarpi Bandaríkjamanna var mótmælt!⁵⁷

Með gagnrýni sinni á Keflavíkursjónvarpið skipuðu stúdentar sér í flokk með háværum gagnrýnisröddum í þjóðfélaginu þar sem menntamenn fóru fremstir. Gagnrýni þeirra átti aftur á móti lítt skylt með róttæknistraumum sjöunda áratugarins, og lágu rætur hennar fremur í vinstri pólitík sjötta og sjöunda áratugarins sem mótaðist af andstöðunni gegn bandaríska hernum og var mjög lituð af þjóðernissinnuðum viðhorfum.⁵⁸

Árið 1966 mátti einnig greina ákveðinn enduróm atburða utan úr heimi, en þá lenti stúdentum saman við háskólayfirvöld út af máli er sannarlega hafði snertingu við uppreisnarhreyfingu sjöunda áratugarins. Þá var á ferð á Íslandi sænski rithöfundurinn Sara Lidman, í boði Menningar- og friðarsamtaka íslenskra kvenna.⁵⁹ Er Stúdentafélagið bauð henni að flytja erindi um Vítetnamstríðið gerðist það að háskólayfirvöld meinuðu stúdentum að hlýða á Lidman í salarkynnum skólans, og var fundurinn í staðinn fluttur á Hótel Sögu.⁶⁰ Stúdentar voru afar ósáttir við þetta, og benti formaður Stúdentaráðs, Björn Teitsson, m.a. á að þeir hefðu enn ekki yfir að ráða neinu húsnaði til félagsstarfsemi. Taldi hann að það bryti

⁵⁴ Valur Ingimundarson, *Uppgjör við umheiminn*, 76–79.

⁵⁵ Valur Ingimundarson, *Uppgjör við umheiminn*, 79–82.

⁵⁶ Sigurður Lúndal, *Varðveisla þjóðernis*.

⁵⁷ Jón Ólafur Ísberg, *Stúdentsárin*, 235–36.

⁵⁸ Ítarleg umfjöllun um þetta mál er í: Hörður Vilberg Lárusson, „Hernám hugans“, 19–37.

⁵⁹ Um Söru Lidman og stöðu hennar í sænsku menningarlífi, sjá Östberg, *1968 nær allting var i rörelse*, 78–79.

⁶⁰ Jón Ólafur Ísberg, *Stúdentsárin*, 238–39. – Björn Teitsson, „Um aðstöðu stúdenta til félagsfunda í ljósi nýjustu atburða“, 26–27.



Stúdentar héldu uppi margs konar menningararlífi á sjöunda áratugnum. Myndin er frá bókmenntakynningu Stúdentafélags Háskóla Íslands í Áthugasal Hótel Sögu 2. apríl 1968. Íslenskunemarnir Silja Aðalsteinsdóttir og Þorleifur Hauksson leiklesa einþáttung Thors Vilhjálmssonar. Allt hefur sinn tíma.

gegn hinni „siðferðislegu skyldu háskólayfirvalda á hverjum tíma til að halda uppi merki akademísku anda og frjálsrar hugsunar“ að meina stúdentum að gangast fyrir slíkum fundarhöldum í húsnæði Háskólans.⁶¹

6. Gagnrýni stúdenta

Háskóli Íslands fór ekki að öllu leyti varhluta af þeirri gagnrýni sem háskólar austan hafs og vestan sættu á þessum árum. Gagnrýni íslenskra nemenda snerist ekki síst um aðbúnað og þá aðstöðu til náms sem nemendum væri búin innan skólans. Meðal frumherja úr hópi nemenda sem fjölluðu um ríkjandi ástand innan Háskóla Íslands á slíkum nótum var Böðvar Guðmundsson skáld og rithöfundur. Böðvar, sem var í forystusveit stúdenta, veitti um þær mundir forstöðu menntamálanefnd Stúdentaráðs, og eru skrif hans fróðleg ekki síst fyrir þær sakir að þau gefa ákveðna innsýn í afstöðu nemenda sjálfra til skólans á þessum tíma. Ritsmið sú er hér um ræðir birtist í Stúdentablaðinu árið 1966, sama ár og hin svokallaða Háskólanefnd var sett á laggimar.⁶²

Í tilefni af skipun nefndarinnar tók Böðvar Guðmundsson sér penna í hönd, og sú mynd sem hann dró upp bendir til þess að íslenskir stúdentar hafi ekki allir verið sáttir við nám sitt, fremur en kollegar þeirra á erlendri grundu. Leiddu samræður við stúdentu að sögn Böðvars í ljós að „stór hópur þeirra er óánægður með afar margt, sem viðkemur náminu og finna þeir skóla og kennslu flest til foráttu“. Umkvörtunarefni íslensku stúdentanna snerust samkvæmt greininni mjög um námsaðstöðu, námsgögn og kennsluáðferðir. Að sjálfsögðu töluðu ekki allir stúdentar einum rómi, sagði Böðvar, „en einhvers konar umkvörtun er næsta algeng, þegar stúdent fer að ræða aðstöðu sína til náms“. ⁶³ Þá væri nemendum afar gjarnt að bera skóla sinn saman við háskóla erlendis, þar sem þeir teldust þess vissir að aðstaða öll væri allt önnur. Böðvar benti að vísu á að fáir stúdentar við Háskólann þekktu til aðstæðna við útlenda skóla og fréttu að mestu leyti af þeim gegnum aðra stúdentu er þar hefðu stundað nám, sem auðvitað ýktu eitthvað frásagnir sínar um þá góðu aðstöðu er þar ríkti. Taldi hann þó að frásagnir þeirra hefðu „sannsögulegan kjarna“. ⁶⁴

Það herrans ár 1968 leið heldur ekki alveg hljóðalaust hjá við Háskóla Íslands. Gagnrýni kom m.a. fram sem var ekki undir „vinstri formerkjum“ heldur kom hún úr herbúðum Vöku, félags lýðræðis-

⁶¹ Björn Teitsson, „Um aðstöðu stúdenta til félagsfunda í ljósi nýjustu atburða“, 27.

⁶² *Efning Háskóla Íslands*, 1.

⁶³ Böðvar Guðmundsson, „Efning Háskólans“, 11.

⁶⁴ Böðvar Guðmundsson, „Efning Háskólans“, 11–12.

sinnaðra stúdenta. Var hún þó ekki síður óvægin. Hér má benda á afmælisrit félagsins eftir Pál Björnsson sagnfræðing, en þar segir að undir lok sjöunda áratugarins hafi farið að bera á ákveðnu þjóðfélagslegu andófi innan Vöku sem orðið hafi allalmennt. Hafi gagnrýnin m.a. beinst að stjórnáflökkunum og pólitískri samtryggingu þeirra, og segir Páll að félagið hafi þarna verið undir áhrifum aukinnar þjóðfélagslegrar gagnrýni í landinu.⁶⁵ Haustið 1968 vann Vaka sigur í kosningum til Stúdentafélags Háskóla Íslands, og var formaður kjörinn Ólafur G. Guðmundsson stud. med. Hinn nýkjörni formaður flutti síðan ávarp á 1. desember samkomu stúdenta árið 1968, og þótt hann gerðist að sjálfsgöðu ekki boðberi sósíalískrar byltingar talaði hann engri tæpitungu í umfjöllun sinni um kennslumál og vísindi innan skólans.

Fyrsta desember 1968 var 50 ára afmæli íslenska fullveldisins, og lagði formaður Stúdentafélagsins út af þessu í ræðu sinni. Talaði hann um að fullveldisárin hefðu fært með sér stórfelldar almennar framfarir og að vonir hinna allra hjartsýnustu manna hefðu orðið að veruleika. Öðru máli gegndi aftur á móti um Háskólann, þessa nauðsyn hins fullvalda ríkis, þótt einnig hefði verið stefnt hátt með stofnun hans. En Háskóli Íslands hefði „aldrei verið vísindastofnun, eins og vonir stóðu til“, sagði formaður Stúdentafélagsins, „og nú er svo komið, að hann veldur ekki hlutverki sínu sem kennslustofnun nema að mjög takmörkuðu leyti“.⁶⁶ Þessi orð vöktu athygli utan veggja skólans, og vitnaði Þjóðviljinn til þeirra í frétt þann 1. desember 1968.⁶⁷ Formaður Stúdentafélagsins fullyrti að Háskólinn hefði ævinlega verið „fyrst og fremst embættismannaskóli í augum almennings í landinu“ og eins og hann sagði, stofnun „til uppeldis svonefndra forréttindastétta“. Vissulega hefði þjóðfélagið þarfnast embættismanna, lögfræðinga, lækna og presta, en nú væru nýir tímar, umrædd viðhorf gengju ekki lengur enda þarfir atvinnuveganna fyrir sérmenntaða menn stöðugt að aukast.⁶⁸

Og sannarlega var víða pottur brotinn samkvæmt ræðumanni. Stjórnkerfi stofnunarinnar var gallað að hans sögn, laun prófessora of lág og kjör verri en gerðist meðal erlendra starfsbræðra, skrifstofulið of fámennt og allur aðbúnaður frumstæður.⁶⁹ Þá hefði kennslurými ekkert aukist þó stúdentafjöldi hefði fimmfaldast síðan háskólabyggingin var tekin í gagnið árið 1940. Félagsaðstöðu vantaði fyrir stúdenta, sem setti „þroskaskilyrðum þeirra vissulega þröngar skorður“, og þá væri vinnuaðstaða kennara á frumstæðu stigi og kennsluhættir „staðnaðir og úreltir“.⁷⁰ Gekk Ólafur svo langt að

⁶⁵ Páll Björnsson, *Vaka 1935–1985*, 52, 86–87. Innan Vöku var t.d.

ákveðinn hópur manna er studdi framboð Kristjáns Eldjárn til forsetaembættis.

⁶⁶ Ólafur G. Guðmundsson, „Ávarp“, 4. Leturbr. í heimild. – Ávarpið birtist síðar óstytt, sjá Ólafur G. Guðmundsson, „Ávarp á fullveldishátíð“.

⁶⁷ *Þjóðviljinn* 1. des. 1968, 7.

⁶⁸ Ólafur G. Guðmundsson, „Ávarp á fullveldishátíð“, 6.

⁶⁹ Ólafur G. Guðmundsson, „Ávarp á fullveldishátíð“, 6.

⁷⁰ Ólafur G. Guðmundsson, „Ávarp á fullveldishátíð“, 7.

II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN – II.3 RÓTTÆK STÚDENTAHREYFING



Vökumaðurinn Ólafur G. Guðmundsson, formaður Stúdentafélags Háskóla Íslands, flytur skelegga ræðu á fullveldisfagnaði stúdenta 1. desember 1968.

tala um „neyðarástand“ er ekki þyrfti að rökræða og vísaði um leið í störf Háskólanefndar og sagði að ekki yrði lengur beðið eftir mörkun heildarstefnu um framtíð háskólans.⁷¹ En í það minnsta stæðu stúdentar, kennarar og stjórn stofnunarinnar nú frammi fyrir því verkefni að færa skólann „úr niðurlægingu og vanrækslu til þeirrar reisnar, sem honum sæmir“.⁷²

Hin skorinorða ræða Ólafs G. Guðmundssonar á fullveldisdaginn 1968 vakti athygli og var hún síðar birt í fullri lengd í Stúdentablaðinu þar sem margir hefðu til þess hvatt. Ræða þessi og önnur skrif Ólafs á þessum árum eru þó ekki síður athyglisverð fyrir þá sök að þar má víða greina enduróm af hugmyndum og kröfum námsmanna á Vesturlöndum.⁷³ Talað var um nauðsyn þess að stúdentar tækju þátt í þjóðmálabaráttu⁷⁴ og aukinheldur bent á að í útlöndum hefði ungt fólk staðið í háværrí réttindabaráttu að undanfögnu.⁷⁵

Ekki er hægt að skilja orð Ólafs G. Guðmundssonar öðruvísi en að hann hvetti til að nemendur við Háskólann gerðust að einhverju leyti þátttakendur í þeirri róttæku stúdentahreyfingu er skók hinn vestræna heim. Í því sambandi var það ekki síst krafan um stúdentalyðræði sem honum lá á hjarta. Hann sakaði stúdenta um að gera sér ekki grein fyrir stöðu sinni og að lifa í ákveðinni sjálfsblekkingu. „Ef stúdentar hérlendis vilja vera eftirbátar kollega sinna um allan heim, þá virðist sjálfsagt, að þeir haldi áfram að gæla við þær fólsku hugmyndir, sem þeir hafa gert sér um aðstöðu sína, réttindi og áhrif.“ Spurði hann í þessu sambandi hvort nemendur teldu það vera áhrif á stjórn skólans þótt þeir hefðu einn fulltrúa í háskólaráði þegar á móti væru sjö prófessorar sem þar að auki réðu sjálfir, eða hefðu úrskurðarvald um hvenær þessi eini nemendafulltrúi mætti á fundi og hefði „málfrelsi og atkvæðisrétt“?⁷⁶ Sú var einmitt staðan á þessum árum að deildarforsetar skyldu samkvæmt reglugerð kveðja til fulltrúa stúdenta þegar þeir mátu það svo að málefni er til umfjöllunar voru ættu við þá erindi!⁷⁷ Ólafur aftur á móti hvatti stúdenta til kröfugerðar og til að taka höndum saman, til baráttu þyrfti „samhentan fjölda, en ekki fáa einstaklinga stritandi hver í sínu horni“.⁷⁸ Krafan um stúdentalyðræði eða þátttöku stúdenta í stjórnarstofnunum háskólans var eitt af meginbaráttuefnum stúdenta á árunum 1968–69.⁷⁹

Hér vaknar spurningin um hvernig beri að túlka ofangreindan málflytning hinna tveggja forystumanna stúdenta sem fjallað er um hér að framan, Böðvars Guðmundssonar og Ólafs Grétars Guð-

⁷¹ Ólafur G. Guðmundsson, „Ávarp á fullveldishátíð“, 6–7.

⁷² Ólafur G. Guðmundsson, „Ávarp“, 4.

⁷³ Ólafur G. Guðmundsson, „Ávarp á fullveldishátíð“, 6.

⁷⁴ Ólafur G. Guðmundsson, „Ávarp á fullveldishátíð“, 5–6.

⁷⁵ Ólafur G. Guðmundsson, „Aukin áhrif stúdenta“, 3.

⁷⁶ Ólafur G. Guðmundsson, „Aukin áhrif stúdenta“, 3.

⁷⁷ Páll Jensson, „Aukin áhrif stúdenta“, 2.

⁷⁸ Ólafur G. Guðmundsson, „Aukin áhrif stúdenta“, 3.

⁷⁹ Páll Björnsson, *Vaka 1935–1985*, 55.



Árið 1969 fengu stúdentar í fyrsta sinn rétt til að taka þátt í kosningu rektors. Í kosningu þeirra fékk Jóhann Axelsson, lífedeisfræðingur og prófessor í Læknadeild, flest atkvæði, en það nægði honum ekki til að fá rektorsstarfið. Í síðari umferð var kosið á milli Magnúsar Mús Lárussonar og Magnúsar Magnússonar, og sigraði Magnús Már með atbeina stúdenta.

mundssonar. Báðir gegndu forystuhlutverkum meðal stúdenta, og báðir voru vissulega harðorðir í garð Háskólans. Þá er til að taka að skoða verður málflutning stúdenta í ljósi hugmyndastrauma síðari hluta sjöunda áratugarins, en segja má að óvægin og harkaleg umfjöllun um menn og málefni hafi verið einkenni þessa tímabils. Virðast menn hafa talið það ákveðið aðalsmerki að láta flest flakka og slá hvergi af í gagnrýninni. Á hinn bóginn er ekki síður mikilvægt að stúdentar þessir voru fjarri því einir um að setja fram gagnrýni á aðbúnað Háskólans og háskólastúdenta um og eftir miðjan sjöunda áratuginn. Háskólinn var vissulega á ýmsan hátt mjög vanbúinn eins og komið verður að hér á eftir, og að mörgu leyti var gagnrýni stúdenta samhljóma mati háskólayfirvalda sjálfra á stöðu Háskólans, þótt orðaval þeirra síðarnefndu væri kannski hefлаðra. Og að lokum skiptir verulegu máli frá hvaða sjónarhóli er horft á gagnrýni íslenskra stúdenta á síðari hluta sjöunda áratugarins. Sé ofangreind umræða borin saman við þann hreinsunareld sem margir erlendir háskólar gengu í gegnum á sjöunda áratugnum er ljóst að við Háskóla Íslands fengu menn þrátt fyrir allt að anda frekar rólega.

7. Baráttumál og aðgerðir

Á þessum árum átti sér stað hugmyndafræðileg þróun til vinstri, enda hafa þau verið kölluð „vinstri áratuginn“. Á áttunda ára-



II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN – II.3 RÓTTÆK STÚDENTAHREYFING

tugnum réðu vinstrimenn lögum og lofum við Háskólann, og vinstri-stefna varð að meginhugmyndastraumi meðal stúdenta. Hefur vinstri áratugurinn verið talinn hefjast árið 1971, árið sem vinstrimenn sigruðu bæði í Stúdentaráðskosningum og í kosningum til 1. desember hátíðarhaldanna.⁸⁰ Árin í kringum 1970 marka þannig skil, en þá tók vinstri róttækni að berast inn í Háskólann í auknum mæli, og má fyrst telja stofnun félags vinstrimanna, Verðandi, í ársbyrjun 1969.⁸¹

Litlar rannsóknir liggja fyrir á baráttumálum stúdenta á þessum árum við Háskóla Íslands og róttækri stúdentahreyfingu ef frá er talin rannsókn Gests Guðmundssonar og Kristínar Ólafsdóttur. Um leið ber þess að geta að ekki fylltu allir stúdentar flokk róttæklinganna. Að áliti Gests og Kristínar hafði kjarabarátta meginþýðingu í íslenski stúdentabaráttu og þá einkum baráttan fyrir bættum námslánnum. Stúdentar börðust þó einnig fyrir öðrum málum, svipuðum þeim sem voru efst á dagskrá annars staðar á Vesturlöndum.⁸²

Þar var ofarlega á baugi baráttan fyrir stúdentalýðræði og þátttöku nemenda í stjórn Háskólans, eins og komið hefur verið inn á. Ennfremur skal kynnt til sögunnar baráttu nemenda fyrir banni gegn fjöldatakmörkunum í hinar ýmsu námsgreinar. Hugmyndafræði stúdentahreyfingarinnar hafði þó ekki aðeins áhrif á almenn baráttumál heldur birtist hún einnig í áherslum stúdenta innan hinna ýmsu fræðigreina. Nemar innan Heimspekideildar og í þjóðfélagsfræðum, auk stúdenta í náttúrufræðum og læknisfræði, virðast að einhverju leyti hafa skorið sig úr að þessu leyti, en náttúrufræðinemar settu á oddinn umhverfisvernd og andstöðu gegn stóriðju og læknanemar úrbætur í heilbrigðiskerfinu.⁸³

Vinstrisinnaðir stúdentar reyndu einnig að setja stúdentapólitíkina í stærra samhengi, skoða hana í ljósi almennrar róttæktrar hugmyndafræðilegrar umræðu og gagnrýni á auðvaldsstefnu. Aðalvettvangur þessa var Stúdentablaðið sem á fyrri hluta sjöunda áratugarins tók mjög róttæka afstöðu.⁸⁴ Ein megináhersla blaðsins var á því að sýna skyldi samstöðu með kúguðum þjóðum þriðja heimsins og fræða lesendur um ástand mála í hinum ýmsu löndum. Þá var einnig fjallað um tengsl stúdentabaráttu og verkalýðsbaráttu.⁸⁵

Hátíðarhöld stúdenta á fullveldisdeginum, 1. desember, fengu einnig sérstakan sess í stúdentabaráttunni á „vinstri áratugnum“. Baráttan gegn her á Íslandi og hervaldi almennt var fyrirferðarmikil, og snerust málefnið á árunum 1971–73 um hana. Árið 1971 var

⁸⁰ Páll Björnsson, *Vaka 1935–1985*, 55. – Jón Ólafur Ísberg, *Stúdentsárin*, 244.

⁸¹ Gestur Guðmundsson og Kristín Ólafsdóttir, '68, 199.

⁸² Gestur Guðmundsson og Kristín Ólafsdóttir, '68, 220.

⁸³ Gestur Guðmundsson og Kristín Ólafsdóttir, '68, 220.

⁸⁴ Gestur Guðmundsson og Kristín Ólafsdóttir, '68, 210, sjá einnig bls. 220.

⁸⁵ Sjá t.d. *Stúdentablaðið* 1972 5. tbl., 1; 1973 11. tbl.





Fullveldishátíð stúdenta í Háskólabíói 1. desember 1972 var haldin undir kjörorðinu Gegn hervaldi – Gegn auðvaldi. Í frét Tímans er tekið fram að forseti Íslands, Kristján Eldjárn, hafi setið samkomuna, einnig settur háskólarektor, Jónatan Þórmundsson. Álfheiður Ingadóttir stud. scient. setti samkomuna. Guðrún Hallgrúmsdóttir matvælafræðingur, Ragnar Árnason þjóðfélagsfræðinemi og Þorsteinn Vilhjálmsson eðlisfræðingur héldu ræður. Flutt var dagskrá úr gömlum Alþingistjóndum, og fulltrúar erlendra stúdenta fluttu kveðjur. Ályktun um uppsögn hvernarsamningsins við Bandaríkinn, úrsögn úr Atlantshafsbandalaginu og stækkun fiskveiðilögsögunnar í 50 sjómílur var samþykkt með lofataki. Í lokin var sunginn alþjóðasöngur verkálfóðsins, Internationalinn.

dagurinn helgaður „brottför bandaríska hernámsliðsins frá Íslandi“, 1972 var slagorðið „Gegn hervaldi, gegn auðvaldi“ og árið 1973 var kjörorð dagsins „Ísland úr NATO – herinn burt“.⁸⁶ Á 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar tóku stúdentar sig aftur á móti til og blésu til herferðar gegn íslenskum þjóðernishugmyndum, undir kjörorðinu „Ísland – þjóðsagan og veruleikinn“.⁸⁷ Viðfangsefnið þetta árið var þannig, svo að vitnað sé í Stúdentablaðið, „íslensk þjóðarvitund eða sú mynd af henni sem er sköpuð og viðhaldið af borgarastéttinni. Til meðferðar var tekin þjóðremban og ýmis dæmi um fölsun íslenskrar sögu og samtímaveruleika.“⁸⁸ Vildu stúdentar líka benda á að íslensk vinstrihreyfing hefði litið gagnrýnt íslenskar þjóðernishugmyndir eða „ekki lagt til atlögu við þjóðsögunnar um Ísland, svo að heitið geti“.⁸⁹

Saga stúdentahreyfingarinnar við Háskóla Íslands er heldur ekki alveg laus við herskáar aðgerðir þar sem stúdentar nýttu aðferðir valdbeitingar til að berjast fyrir markmiðum sínum. Birtingarform þessara aðgerða var þó afar mismunandi, og stundum er það túlkunaratriði hversu herskáar uppákomurnar voru. Í baráttunni fyrir nýjum kennsluáðferðum og gegn fjöldatakmörkunum tóku stúdentar slíkar aðferðir að einhverju leyti í þjónustu sína, og segja má að „kröfuseti“ stúdenta snemma árs 1969 þar sem þeir fylltu gang í annarri álmu aðalbyggingar Háskólans, báru kröfuspjöld og kröfðust verulegrar aðildar að rektorskjöri hafi haft á sér

⁸⁶ *Þjóðviljinn* 1. des. 1971, 1; 1. des. 1972, 1. – *Stúdentablaðið* 1973 11. tbl., 1.

⁸⁷ *Þjóðviljinn* 1. des. 1974, 4.

⁸⁸ *Stúdentablaðið* 1974 12. tbl, 7. – Sjá einnig *Stúdentablaðið* 1974 11. tbl., 8. – Hér sóttu stúdentar til sósíalískrar gagnrýni á hugmyndafræði þjóðernisstefunnar. Um hana, sjá Ragnheiður Kristjánsdóttir, *Nýtt fólk*, 221–45. – Sjá einnig Gísli Gunnarsson, „Sögu-skoðun, stjórnmál og samtíminn“, 104.

⁸⁹ *Stúdentablaðið* 1974 12. tbl., 7.

II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN – II.3 RÓTTÆK STÚDENTAHREYFING

slíkt svipmót.⁹⁰ En eins og Páll Björnsson greinir frá fór það raunar svo að það voru „atkvæði stúdenta sem réðu úrslitum um það að Magnús Már Lárusson náði kosningu sem rektor þá um vorið.“⁹¹

Væntanlega stendur þó upp úr að þessu leyti sá atburður er utanríkisráðherra Bandaríkjanna, William Rogers, var í opinberri heimsókn á Íslandi í byrjun maí 1972 og var að sjálfsgöðu boðið að skoða helstu þjóðarverðmæti Íslendinga, hin fornu handrit er geymd voru í Árnagarði.⁹² Að sögn Stúdentablaðsins höfðu aðgerðirnar þrenns konar tilgang. Í fyrsta lagi var heimsvaldastefnu Bandaríkjanna andæft og í annan stað átti að mótmæla stuðningi Íslendinga við þá sömu stefnu og birtist í því að Ísland væri „hernumið land og aðili að NATO“. Í síðasta lagi ætluðu stúdentar sér síðan að slá vörð um íslenskar þjóðargersemar eða, með orðum Stúdentablaðsins, að hindra að „útsendari kúgunaraflanna svívirti þá menningararfleifð sem þjóðin endurheimti af fyrrverandi kúgurum sínum fyrir rúmu ári“.⁹³ Dagskrá hinnar opinberu heimsóknar var ekki kynnt fyrirfram, en stúdentum tókst þó að komast að því hvenær von væri á Rogers og skipulögðu, af mikilli list, aðgerðir til að koma í veg fyrir að hann stigi fæti inn í Árnagarð. Voru á annað hundrað stúdenta boðuð í Árnagarð þar sem þeir þóttust sitja við próflestur, og þegar von var á ráðherranum sviptu þeir af sér dulargervi hins iðna nemanda. Fylltu þeir anddyrið í Árnagarði, og fleiri virðast hafa bæst í hópinn, en talið er að þarna hafi verið allt að 300 manns.⁹⁴ Borðum með slagorðum var veifað, og flutti Jón Ásgeir Sigurðsson „magnaða ræðu gegn Rogers“, en hann hafði stundað nám við Berkeleyháskóla í Bandaríkjunum. Slíkt varð uppnámið að Guðmundi Ólafssyni, varaformanni Stúdentaráðs, tókst að komast að ráðherranum og spyrja hann eftirfarandi spurningar: „Tell me, mister Rogers, how many people did you kill today in Vietnam?“ Fór svo að lokum að hinir tignu gestir urðu frá að hverfa, en í Árnagarði var dreginn upp fáni þjóðfrelshreyfingar Víetnam.⁹⁵

Má sannarlega taka undir að þetta „voru ekki þau vinahót sem stjórnvöld vildu að William Rogers nyti!“⁹⁶ Stúdentar voru aftur á móti hæstánægðir með sína menn. Stúdentaráð lýsti fullum stuðningi við aðgerðirnar, og Stúdentablaðið hélt því fram að þetta væri „einhver bezt heppnaða pólitíska aðgerð“ sem stúdentar hefðu stofnað til.⁹⁷

⁹⁰ *Stúdentablaðið* 1969 1. tbl., 1; 1969 3. tbl., 8.

⁹¹ Páll Björnsson, *Vaka 1935–1985*, 51.

⁹² Um atburðina fjallar Guðni Th. Jóhannesson í *Óvinir ríkisins*, 298–302.

⁹³ *Stúdentablaðið* 1972 6. tbl., 1.

⁹⁴ *Stúdentablaðið* 1972 6. tbl., 1. – Guðni Th. Jóhannesson, *Óvinir ríkisins*, 300.

⁹⁵ Gestur Guðmundsson og Kristín Ólafsdóttir, '68, 212–13. – *Þjóðviljinn* 4. maí 1972, 1.

⁹⁶ Guðni Th. Jóhannesson, *Óvinir ríkisins*, 300.

⁹⁷ *Lbs. Fundargerðir stúdentaráðs Háskóla Íslands* sept. 1971 – feb. 1973. Fundur 6. maí 1972. – *Stúdentablaðið* 1972 6. tbl., 1.



4. Lánasjóður íslenskra námsmanna

1. Námslán og námsaðstoð á grundvelli hugmynda um jafnrétti

Í framsöguræðu vegna nýrra laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna sem Ingvar Gíslason menntamálaráðherra flutti á Alþingi veturinn 1981–82 sagði hann m.a. að engum gæti „blandast hugur um það, að Lánasjóður ísl. námsmanna ... [væri] nauðsynjastofnun í íslensku þjóðfélagi“ en „[þ]etta sérstaka lánakerfi ... [hefði] verið að þróast úr litlu í mjög umfangsmikla starfsemi á síðustu áratugum“. Benti ráðherrann á að það gæti „verið fróðlegt að átta sig á því, hver fjárhagsbyrði ríkissjóðs hefur verið síðustu 10 ár ... vegna Lánasjóðs ísl. námsmanna“, en slík athugun mundi sýna „að framlög ríkissjóðs til Lánasjóðsins sem hlutfall af heildarútgjöldum fjárlaga á hverju ári ... [hefðu] lengst af legið á bilinu 1,2% til 1,5%“ á því tímabili. Þessar tölur gæfu aftur á móti augljóslega til kynna „að námslánakerfið hefur unnið sér fastan sess í opinberum rekstri ... Og á það legg ég áherslu“, sagði menntamálaráðherra, „að námslánakerfið er félagslegt réttindamál sem er óhjákvæmilegt í lýðræðisþjóðfélagi. Það er hluti af þeirri stefnu að jafna lífskjörin í landinu og ekki sá ómerkasti. Námslánakerfið eyðir forréttindaaðstöðu í langskólanámi sem fullyrða má að hefði orðið lífseig ef þessi starfsemi hefði ekki verið tekin upp“.¹

Fróðlegt er að skoða þessa ræðu Ingvars Gíslasonar um lánveitingar til framhaldsnáms og afnám „forréttindaaðstöðu“ í ljósi viðhorfa sem ríktu til svipaðs efnis u.þ.b. 50–60 árum áður. Eins og Guðmundur Hálfðanarson rekur í kaflanum „Nemendur embættismannaskólans 1911–40“ þá réðust möguleikar íslenskra ungmenna til langskólanáms mjög af samfélagslegum aðstæðum. Þeir kerfislægu þættir sem héldu konum frá námi voru þó mun flóknari en hjá körlum enda fylgdu þeir „óskrifuðum reglum um kynjaskiptingu í samfélaginu“. Hvað karlstúdentana snerti þá „var það helst fjárskortur sem hélt þeim frá háskólanámi“ segir Guðmundur.

Í skrifum hans kemur einnig fram að sú hugsun eða hugmynd að fólk ætti að hafa jöfn tækifæri til náms væri vart fyrir hendi ennþá í



Stúdentar mótmæla nýjum reglum um námslán með því að safnast saman í Menntamálaráðuneytinu 15. nóvember 1976. Fremst á myndinni er maður sem átti eftir að verða utanríkisráðherra Íslands, Óssur Skarphéðinsson.

¹ *Alþingistíðindi* 1981–82 B2, 1945–46.



II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN – II.4 LÁNASJÓÐUR ÍSLENSKRA NÁMSMANNA

íslensku þjóðfélagi þessa tíma, enda litu þingmenn á þá styrki sem fyrir hendi voru „fremur sem einhvers konar ölmusu en sem skipulega aðferð til að jafna aðstöðu Íslendinga til náms“. Á því tímabili sem hér er til umræðu hafði orðið breyting á þessum viðhorfum, en í það minnsta er ljóst að krafan um „jöfn tækifæri“ var ákveðinn kjarni sem lá til grundvallar tilurð og þróun Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Þannig voru lán til háskólanáms ekki lengur bundin við náms- og húsaleigustyrki „handa efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum við Háskólann“ eins og tíðkast hafði í upphafi og Guðmundur Hálfðanarson ræðir í sínum hluta. Í mars árið 1961 tóku gildi ný lög þar sem sagði að stofna skyldi sjóð er nefndist „Lánasjóður íslenskra námsmanna“, en í þeim var hvergi að finna nein ákvæði eða skilyrði sem snertu persónueiginleika eða hegðunarmynstur væntanlegra lánþega. Námslán heyrðu nú til réttinda borgara í lýðræðisríki sem hefðu náð tilskildum prófum, þ.e. stúdentsprófi, enda var nú einungis kveðið á um að tilgangur sjóðsins væri „að veita íslenskum námsmönnum lán til náms við Háskóla Íslands, erlenda háskóla og aðrar erlendar kennslustofnanir“.²

Hér er enn fremur lykilatriði að með stofnun Lánasjóðsins jókst „aðstoð ríkisvaldsins við íslenskt námsfólk heima og erlendis“ mjög, en m.a. hækkuðu lánin um „nær helming“. Samkvæmt lögum um Lánasjóðinn frá 1961 skiptist hann í tvær deildir, „lána-deild stúdenta við Háskóla Íslands og lánadeild námsmanna erlendis“,³ en í júní 1964 skipaði menntamálaráðherra, Gylfi Þ. Gíslason, nefnd til að endurskoða lög. Var markmið hennar einnig „að samræma úthlutunarreglur lána til nemenda heima og erlendis og ... að kanna námskostnað nemenda heima og erlendis“.⁴ Hin nýju lög voru endanlega staðfest í lok mars 1967,⁵ en að sögn Friðriks G. Olgeirssonar sagnfræðings urðu með nýju lögum vatnaskil í sögu Lánasjóðsins þar sem þau tóku endanlega „af allan vafa að til var orðin fullmótuð stofnun“.⁶

Bent hefur verið á að í stofnlögum Lánasjóðsins var gefið fyrirheit um að námslánin skyldu duga til framfærslu en að hægt hafi gengið að „fullnægja því ásetningarákvæði, fyrr en námsmenn erlendis tóku að mótmæla harkalega 1970“.⁷ En á þessum árum var góð sumarvinna eða þá aðstoð ættingja ennþá þáttur sem gat haft úrslitaáhrif um hvort menn gátu yfirleitt lagt út í langskólanám.⁸

Eitt af því fyrsta sem ný stjórn sjóðsins réðst í að láta gera var „að móta aðferðir við að reikna út svokallaða umframfjárförf

² *Stjórnartíðindi* 1961 A, 106–07. – Friðrik G. Olgeirsson, *Lánasjóður íslenskra námsmanna*, 63–65.

³ Friðrik G. Olgeirsson, *Lánasjóður íslenskra námsmanna*, 63–65.


⁴ Friðrik G. Olgeirsson, *Lánasjóður íslenskra námsmanna*, 81. – *Alþingistíðindi* 1966 A1, 293.

⁵ *Alþingistíðindi* 1966 A2, 1173. – *Stjórnartíðindi* 1967 A, 9–12. – Friðrik G. Olgeirsson, *Lánasjóður íslenskra námsmanna*, 85.

⁶ Friðrik G. Olgeirsson, *Lánasjóður íslenskra námsmanna*, 87.

⁷ Gestur Guðmundsson og Kristín Ólafsdóttir, '68, 216.

⁸ Gestur Guðmundsson og Kristín Ólafsdóttir, '68, 202. – Guðni Th. Jóhannesson, *Óvinir ríkisins*, 265.



Fróðlegar upplýsingar um lánþega Lánasjóðsins á níunda áratugnum, birtar í blaði Stúdentaráðs sem þá var kallað Háskólinn. Stúdentafréttir.

námsfólks“, og skyldu lán hvers námsmanns vera „ákveðinn hundradshluti af henni, hærra eftir því sem námsárin urðu fleiri“. Fyrsta árið eftir gildistöku nýju laganna „nam námsaðstoð við nemendur að meðaltali um 43% af svokallaðri umframfjárförf þeirra“.⁹ Það vantaði því töluvert upp á til að uppfylla aðra grein laganna þar sem kveðið var á um að stefnt skyldi að því að „opinber aðstoð við námsmenn ... nægi hverjum námsmanni til að standa straum af árlegum námskostnaði, þegar eðlilegt tillit hefur verið tekið til aðstöðu hans til fjáröflunar“.¹⁰ Ekki þarf því að undra að meginbaráttuefni

⁹ Friðrik G. Olgeirsson, *Lánasjóður íslenskra námsmanna*, 92, 96.
¹⁰ *Stjórnartíðindi* 1967 A, 9–12. – Friðrik G. Olgeirsson, *Lánasjóður íslenskra námsmanna*, 82, 96.

Íslenskrar námsmannahreyfingar hafi beinst að því að fá þessu ákvæði framgengt, en því hefur verið haldið fram að hagsmunabaráttan hafi skipað öndvegi innan íslenskrar stúdentabaráttu. „Undir kröfunni um „jafnrétti til náms“ var aðaláherslan lögð á að námslán nægðu til lífsframfærslu, svo að efnahagur foreldra réði því ekki hvort fólk gæti farið menntabrautina.“¹¹

Námsmenn þrýstu þannig á um „að tekna yrðu bindandi ákvarðanir um þetta mál“, og á fundi stjórnar sjóðsins í apríl 1970 var samþykkt eftirfarandi tillaga: „Stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna samþykkir að beina þeim tilmælum til menntamálaráðuneytis, að á næstu árum skuli námsaðstoð hækka í áföngum þannig að markmiði 2. gr. laga um námslán og námsstyrki verði náð við úthlutun á árinu 1975.“¹² Tillögunni var vel tekið af stjórnvöldum, og var hún samþykkt af menntamálaráðherra og fjármálaráðherra ríkisstjórnarinnar í júlí sama ár. Árið eftir, 1971, tók ný ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar síðan við af viðreisnarstjórninni og fylgdi sömu stefnu og „verið hafði og voru lánin 77% af fullri umframfjárförfveturinn 1971–72. Var þá sjöunda og síðasta lánshæfa námsárið komið í 100% en fyrstu námsárin lægri“.¹³

Blikur voru aftur á móti á lofti í efnahagsmálum þjóðfélagsins, og haustið 1972 var stjórn Lánasjóðsins tilkynnt að vegna ástandsins yrði að draga saman seglin. Að sögn Friðriks G. Olgeirssonar var staða sjóðsins sérstaklega „erfið árin 1972 og 1975“, en engu að síður varð hækkun á heildarupphæðum lána á tímabilinu. „Erfiðleikarnir fólust fyrst og fremst í því að illa gekk að hafa peninga tiltæka á réttum tíma.“¹⁴ En barátta námsmanna við stjórnvöld hélt áfram,¹⁵ og um miðjan áttunda áratuginn dró til tíðinda á þeim vígstöðvum.

2. Árið tíðindaríka 1975

Árið 1975 hafði stjórn Lánasjóðsins lagt fram fjárlagatillögur fyrir það ár, og hljóðuðu þær upp á að lán næmu „100% umframfjárfarfar“. Stúdentaráð gerði ályktun af þessu tilefni og sagði m.a. að ráðið legði á það „ríka áherslu“

að fjárveitingavaldið framfylgi loks lögum frá 31. mars 1967, sem síðan hafa verið margítrekuð með yfirlýsingum og tillögum frá þingmönnum allra flokka, með því að fallast á tillögur stjórnar LÍN um, að námslán nemi á næstkomandi vetri sem svarar fullri umframfjárförf.

¹¹ Gestur Guðmundsson og Kristín Ólafsdóttir, '68, 214.

¹² Hér tekið eftir Friðriki G. Olgeirssyni, *Lánasjóður íslenskra námsmanna*, 96–97.

¹³ Friðrik G. Olgeirsson, *Lánasjóður íslenskra námsmanna*, 98–99.

¹⁴ Friðrik G. Olgeirsson, *Lánasjóður íslenskra námsmanna*, 98–99, 109.

¹⁵ Sjá t.d. *Stúdentablaðið* 1973 10. tbl., 1; 12. tbl., 1, 8; 1974 2. tbl., 6–7.

SHÍ varar stjórnvöld við öllum niðurskurðartillögum og fráhrarfi frá fyrri yfirlýsingum í lánamálum. Námsmenn munu ekki una slíku þegjandi og aðgerðarlausir.¹⁶

Áfram hélt þó að þrengja að sjóðnum, og enn varð dráttur á að haustlán væru greidd á tilsettum tíma.¹⁷ Skapaði þetta ólgu meðal námsmanna en þó í öðrum mæli en áður hafði verið því einhver mestu mótmæli íslenskra stúdenta fyrir og síðar fóru fram þetta haust. Stúdentar söfnuðust saman við Arnarhvol þann 17. október 1975 og fyrir framan Alþingishúsið þann 23. sama mánaðar svo að þúsundum skipti,¹⁸ og til að bæta enn um betur fóru nemendur innan Háskóla Íslands í verkfall þann 21. október.¹⁹

Um samstöðuna sem þarna myndaðist meðal námsmanna segja félagsfræðingarnir Kristín Ólafsdóttir og Gestur Guðmundsson eftirfarandi:

Námslánin námu nú um 90% „umframfjárþarfar“, en ráðamenn voru ekki einungis hættir að tala um að brúa bilið að fullu, heldur minntust beinlínis á lækkun. Þeir báru því við, að lánþegum hefði fjölgað meira en ráð var fyrir gert, að lánin endurheimtust illa vegna lágra vaxta en sívaxandi verðbólgu, og loks að nú syrti í álinn fyrir þjóðarbúið. Stúdentar sáu þá að þeir gætu ekki staðið einir gegn þessum þrýstingi og efndu til samstarfs við aðra hópa námsmanna. 1975 var stofnuð Kjarabaráttunefnd námsmanna, og brátt kom í ljós að róttæk sjónarmið Stúdentaráðs áttu þar góðan hljómgrunn; róttækniþróun námsmanna hafði líka sett mark sitt á „sérskólana“. Nemendur vildu hvergi hvika fyrir þrýstingi ríkisvaldsins ...²⁰

Stúdentablaðið fylgdi mótmælunum sem í hönd fóru dyggilega eftir með baráttu- og hvatningarskrifum. Atburðarásin í október 1975, þegar mótmælaaldan reið yfir, var rakin í grein á forsíðu blaðsins í nóvember undir fyrirsögninni: „Stúdentar, fram til baráttu“, og lýsir hún vel andanum sem ríkti í Háskólanum þessar róstusömu vikur.²¹ Sagði þar m.a. að á síðustu vikum hefðu „námsmenn efri menntastofnana á landinu sameinast í þeirri baráttu sem nú er hafin fyrir jafnrétti til náms“ en „Kjarabaráttunefnd námsmanna“ mundi „móta baráttuna“:

¹⁶ *Stúdentablaðið* 1974 8. tbl., 1.

¹⁷ Friðrik G. Olgeirsson, *Lánasjóður íslenskra námsmanna*, 112.

¹⁸ Friðrik G. Olgeirsson, *Lánasjóður íslenskra námsmanna*, 113–15. – Gestur Guðmundsson og Kristín Ólafsdóttir, '68, 222.

¹⁹ *Stúdentablaðið* 1975 7. tbl., 2.

²⁰ Gestur Guðmundsson og Kristín Ólafsdóttir, '68, 221.

²¹ *Stúdentablaðið* 1975 7. tbl., 1.



II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN – II.4 LÁNASJÓÐUR ÍSLENSKRA NÁMSMANNA

Í október 1975 gerðu stúdentar í mörgum deildum Háskólans tveggja daga verkfall til að mótmæla skerðingu námslána. Hér samþykkja stúdentar í einu hljóði á fundi í Árnagarði að halda verkfallinu áfram.



Um þessar mundir liggja kröfur námsmanna hjá þingmönnum, rætt hefur verið við alla þingflokka ... Ef þeirri stefnu verður áfram haldið sem þegar er í fjárlögum verða námsmenn að hefja það stríð af alvöru sem þegar hefur verið lýst á hendur ríkisstjórninni. Hvernig sem málum vindur er eitt víst. Það er aðeins með virkri þátttöku *allra* námsmanna að sigur er mögulegur. Aðgerðir síðustu vikna benda til þess að allir námsmenn geri sér grein fyrir mikilvægi þessarar samstöðu.²²

Undanfari verkfallsins innan Háskólans sjálfis var vandlega rakinn, en þann 15. október samþykkti Verkfræði- og raunvísindadeild að farið skyldi í verkfall og „Þjóðfélagsfræðideild sömuleiðis“. Daginn eftir samþykkti Heimspekideild að ráðist yrði í verkfallsaðgerðirnar auk þess sem stuðningsyfirlýsingar bárust frá Dagsbrún, Alþýðusambandi Íslands og Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja.²³ Að aðgerðunum loknum voru stúdentar himinlifandi með hvernig til hafði tekist. „Óhætt er að segja“, sagði Stúdentablaðið, „að verkfallið hafi sem aðgerð tekist fullkomlega. Öll kennsla lagðist niður þennan dag, skólinn var hersettinn af virkum verkfallshóp.“ En dagskráin var með þeim hætti að „[v]erkfallsvakt hóf störf samkvæmt stundaskrá kl. 8. Var þá þegar kominn hópur til starfa, en varð að una við aðgerðaleyfi fram eftir morgni. Þá hófust umræður um eðli verkfallsins og möguleika slíkrar baráttu. Voru nokkrir slíkir hópar í gangi framundir hádegi.“²⁴

²² Stúdentablaðið 1975 7. tbl., 1. Leturbr. í heimild.

²³ Stúdentablaðið 1975 7. tbl., 2.

²⁴ Stúdentablaðið 1975 7. tbl., 2.



Eftir hádegi hófst síðan baráttufundur í Árnagarði „og var hann fjölsóttur. Voru þar fluttar barátturæður, og auk þess komu trúbadúrar fram og sungu“, og var Megas í þeirra hópi. „Mikill hugur var í mönnum og má telja víst að hópkennd verkfallsmanna hafi valdið miklu um baráttuhug námsmannafundarins daginn eftir“,²⁵ sagði Stúdentablaðið. En næsti dagur, miðvikudagur 22. október 1975, var „stóri dagurinn“ því þá hópuðust fimm þúsund námsmenn að Alþingi og kröfðust „jafnréttis til náms“. Í fundarlok var Geir Hallgrímssyni forsætisráðherra afhent ályktun þar sem lesa mátti:

Í dag fjölmennum við námsmenn á fund, sem haldinn er undir kjörorðinu „Efnahagslegt jafnrétti til náms“. Tilefnið er ærið því nú hefur þú og ríkisstjórn þín lagt fram á Alþingi fjárlagatillögur sem í felast stórfelldar árásir á kjör námsmanna. Árásir, sem við námsmenn hljótum að líta á sem stefnu ríkisstjórnarinnar gagnvart efnahagslegu jafnrétti til náms. Þessi svívirðilega árás mun svara til um 50% skerðingu á raungildi námslána, og í raun algjöra útilokun á réttlátum kröfum annara sambærilegra námshópa um námslán. Það þarf ekki mikla spámenn til að sjá fyrir afleiðingar af þessari stefnu.“ – „Nám yrði því aftur algjör forréttindi hinna efnameiri.“²⁶

Var þetta „afhent Geir“ skrifaði Stúdentablaðið „og Geir brosti til fjöldans“.²⁷

Mótmælaaldan bar árangur því að þann 14. nóvember 1975 birtu stjórnvöld yfirlýsingu þar sem sagði: „Það er stefna ríkisstjórnarinnar að öllum sem geta eða vilja, verði gert kleift að stunda nám án tillits til efnahags enda stundi þeir námið samviskusamlega.“ Ennfremur var fullyrt að markmiðið væri „að afla til Lánasjóðs íslenskra námsmanna og annarrar fjárfyrirgreiðslu við námsmenn þess fjár sem þarf til að framkvæma þá stefnu enda sé gætt fyllsta aðhalds með það fyrir augum, að þeir njóti aðstoðar sem þess þurfa“.²⁸ Um árangurinn sem þessar aðgerðir skiluðu hafa þau Kristín Ólafsdóttir og Gestur Guðmundsson líka eftirfarandi að segja:

[E]f negla á niður einhvern „hápunkt“ í þróun ... [íslenskrar námsmannahreyfingar], er hann kannski að finna í fjölmennustu aðgerðum íslenskra námsmanna fyrir og síðar. 22. október 1975 streymdu nemendur frá skólum sínum og söfnuðust saman á

²⁵ Stúdentablaðið 1975 7. tbl., 2.

²⁶ Stúdentablaðið 1975 7. tbl., 3.

²⁷ Stúdentablaðið 1975 7. tbl., 3.

²⁸ Sjá Friðrik G. Olgeirsson, *Lánasjóður íslenskra námsmanna*, 117.

II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN – II.4 LÁNASJÓÐUR ÍSLENSKRA NÁMSMANNA

Mörgum þótti Lánasjóður íslenskra námsmanna þröngur inngöngu. Myndin mun vera frá núnda áratugnum.



Austurvelli, um 5000 manns, og skutu ráðamönnum þann skelk í bringu að þeir heyktust á að skerða námslánin. Hins vegar ber kannski að telja það til kaldhæðni sögunnar – eða til réttisýni hennar – að þessi atburður drukknaði í vitund almennings strax tveim dögum síðar, þegar 30.000 konur söfnuðust í miðborg Reykjavíkur í „kvennaverksfallinu“ svonefnda.²⁹

3. Stapp og streð – en áfram þó

Ef marka má ummæli Vilhjálms Hjálmarssonar menntamálaráðherra þegar nýtt frumvarp um námslán og námsstyrki var lagt fram í febrúar 1976 var ríkisvaldið þó ekki að fullu sátt við þróun námslánakerfisins. Í máli hans kom fram að tilgangur með frumvarpinu væri sá að „draga úr óeðlilegri og óæskilegri eftirspurn eftir námslánnum“, en eftirspurnin hefði aukist gífurlega „sem von er, því hver er sá að hann þiggi ekki lán sem endurgreiða skal á 20 – allt upp í kannske 30 – árum frá því að byrjað er að taka lán og til þess að því er að fullu lokið, greitt upp, og endurgreiða það í raun og veru með 10% raungildi eða minna? Það þarf engan að undra“, sagði Vilhjálmur, en lánin höfðu samkvæmt honum þróast í „styrki sem einnig þeir taka á móti að fullu sem þurfa ekki nauðsynlega á því að halda“.³⁰ Markmiðið með nýju frumvarpi væri að treysta grundvöll

²⁹ Gestur Guðmundsson og Kristín Ólafsdóttir, '68, 222.

³⁰ *Allþingistiðindi 1975–76* B2, 2090–94.



En eftir að inn var komið fengu flestir greiða og vinsamlega afgreiðslu. Hér er starfsmaður sjóðsins, Helgi Loftsson, að leiðbeina námsmönnum.

Lánasjóðsins, og í þeim tilgangi var nú „gert ráð fyrir að verðtryggja lánin fyllilega til jafns við það sem mest gerist í öðrum lánasjóðum, en hins vegar er ekki gert ráð fyrir að reikna neina vexti af lánunum“. Endurgreiðslur skyldu svo miðast við tekjur lánþega að námi loknu, en jafnframt lét ráðherra þess getið að staða ríkissjóðs leyfði ekki að lánin miðuðu við fulla „umframbörf“ eins og markmið stúdenta var.³¹

Eftir að nýju lög in höfðu tekið gildi var það í höndum stjórnar Lánasjóðsins að móta úthlutunarreglur, og þar tókust sjónarmið stúdenta og ríkisvaldsins á líkt og venja var.³² Árið 1980 komu lög in um Lánasjóð in enn til endurskoðunar, og var helsta breyting in er þá var gerð sú að endurgreiðsluhlutfallið var hækkað. Stúdentar sættu sig „við hertar endurgreiðslur vegna ákvæða um 100% lán miðað við framfærslukostnað og vegna ákvæða um lífeyrisrétt in“.³³

En hvað sem slíkum ákvæðum og útreikningum leið hafði námslánakerfið ennu að síður „augljóslega ... unnið sér fastan sess í opinberum rekstri“ svo að aftur sé vitnað til ræðu Ingvars Gíslasonar á Alþingi 1981–82.³⁴ Þróun lánamálanna einkenndist vissulega af linnulitlu streði, og baráttan fyrir námslánunum var á tíðum harðsótt eins og rit Friðriks G. Olgeirssonar, Lánasjóður íslenskra námsmanna, gefur ágæta innsýn í. Má þar t.d. benda á eftirfarandi lýsingar á þróun mála á nífunda áratugnum. Samkvæmt ákvæði laganna skyldu lán in hækka „í áföngum þannig að hlutfallstala lána af

³¹ Alþingistíð in 1975–76 B2, 2090–92. – Friðrik G. Olgeirsson, *Lánasjóður íslenskra námsmanna*, 131.

³² Friðrik G. Olgeirsson, *Lánasjóður íslenskra námsmanna*, 103.

³³ Friðrik G. Olgeirsson, *Lánasjóður íslenskra námsmanna*, 164.

³⁴ Alþingistíð in 1981–82 B2, 1946.

II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN – II.4 LÁNASJÓÐUR ÍSLENSKRA NÁMSMANNA

reiknaðri fjárförf námsmanna hækki úr 90–95% 1. jan. 1983, úr 95% í 100% 1. jan. 1984“.³⁵ Friðrik segir frá því hvernig óðaverðbólga stefndi þessum áætlunum í voða enda hafði „verðlag í landinu hækkað frá maí 1982 til maí 1983 um 86,6% og lánsúmsóknum fjölgað um 15,5% en reiknað hafði verið með 6% fjölgun þeirra“. Við þessu var brugðist með því að lán „til námsfólks á fyrsta ári á Íslandi yrðu takmörkuð við 75% af reiknuðu láni, lán til bókaakaupa takmörkuð við 75% kostnaðarins og umreikning tekna ætti að minnka“. Að sjálfsgöðu „bárust sjóðnum harðorðar yfirlýsingar og ályktanir frá samtökum námsfólks“ vegna þessa.³⁶

Þótt á ýmsu hafi gengið í baráttu stúðenta fyrir námslánun og þar með í raun fyrir réttinum til náms yfirhöfuð má engu að síður fullyrða að Lánasjóður íslenskra námsmanna og námslánakerfið var meðal áhrifamestu þátta í umbreytingu og þróun Háskólans á árunum 1965–90. Án tilkomu sjóðsins hefði hin mikla fjölgun námsmanna við skólann tæplega getað orðið að veruleika, og þar af leiðandi hefði skólinn vart átt þess kost að þróast í átt að þeirri fjölbreyttu stofnun sem hann var á leið með að verða. Hér má að lokum vitna til kafla Magnúsar Guðmundssonar, „Háskóli meðal háskóla“, en þar kemur fram að frá árinu 1992 til ársins 2008 fjölgaði þeim námsmönnum sem tóku lán til náms á Íslandi um rúmlega helming, eða úr tæplega 4.000 manns í rúmlega 8.000. Þótt vissulega hafi aðeins hluti þeirra numið við Háskóla Íslands er þó ljóst að í Lánasjóði íslenskra námsmanna hefur falist ákveðinn grunnur að þróun og vexti Háskólans fram til okkar daga.

³⁵ *Alþingistíðindi* 1981–82 B2, 1949.

³⁶ Friðrik G. Olgeirsson, *Lánasjóður íslenskra námsmanna*, 169–70.



5. Háskóli í endurskoðun

1. Fjölgun stúdenta

Eins og áður hefur verið rætt hafði fjöldi stúdenta við Háskóla Íslands vaxið allhratt á árunum eftir stríð. Á sjötta áratugnum hélst stúdentafjöldinn aftur á móti að verulegu leyti óbreyttur eða um 700–750 manns.¹ Þessi tala tók að mjakast upp á við þegar á fyrri hluta sjöunda áratugarins. „Horfast ber í augu við þá staðreynd, að sú stórfellda fjölgun nemenda, sem orðið hefir í gagnfræðaskólum og menntaskólum að undanfögnu, er nú komin langleiðina að Háskólanum“ sagði rektor Háskólans í ræðu árið 1963 og spáði því um leið að um „1970 verði stúdentar við Háskólann framt að 1500 og 1980 um eða yfir 4000.“² Í skýrslu hinnar svokölluðu Háskólanefndar er út kom árið 1969 voru settir fram svipaðir spádómar. Var þar sagt fyrir um að tala stúdenta við Háskóla Íslands myndi árið 1975 verða komin í um 2.500 manns og um eða upp úr árinu 1980 yrði hún „talsvert á fjórða þúsund“. Þýddi þetta að á þeim rúma áratug sem væri fram til ársins 1980 myndi tala stúdenta við Háskóla Íslands hvorki meira né minna en þrefaldast.³

Tíminn átti eftir að leiða í ljós að spár þessar fóru nokkuð nærri lagi. Á fyrri hluta sjöunda áratugarins, á árunum 1960–65, var fjöldi nemenda að meðaltali 850 manns eða örlitlu meiri en hann hafði verið áratuginn á undan. Á síðari hluta áratugarins tók stúdentafjöldinn aftur á móti stærra stökk upp á við en áður hafði sést á svo stuttu árabili. Stúdentum við Háskóla Íslands fjölgaði þannig úr um 850 upp í rúmlega 1.250, og jókst tala þeirra um rúmlega 400 manns. Tala brautskráðra stúdenta tók einnig stökkbreytingum á sama tímabili, og fjölgaði þeim er luku prófi frá skólanum árlega um rúmlega 200 manns.⁴

Á árunum 1970–75 varð síðan sprenging í nemendafjölda sem líktist engu því sem áður hafði sést í sögu Háskóla Íslands. Stúdentum fjölgaði um hvorki meira né minna en tæplega þúsund. Komust þeir upp í tæplega 2.200 manns, og má næstum því tala um tvöföldun nemendafjöldans á aðeins fimm árum. Og þróunin hélt áfram, enn á svipuðum hraða. Að vísu dró eilíftíð úr auknu aðstreymi í skólann næstu fimm árin, en þó fjölgaði innrituðum stúdentum um 700 að meðaltali. Voru þeir um 2.900 árið 1980. En á næsta fimm ára tíma-

¹ Þetta kemur fram í *Hagskinna* H1812. Rafræn útgáfa.

² *Árbók Háskóla Íslands* 1963–64, 16–17.

³ *Efning Háskóla Íslands*, 4.

⁴ *Hagskinna* H1812. Rafræn útgáfa.





II. GRUNNMENTUNARSKÓLINN – II.5 HÁSKÓLI Í ENDURSKOÐUN

bili, eða á árunum 1980–85, varð önnur sprenging, og tala stúdenta steig aftur um 1.000 manns. Fjöldi nemenda var nú kominn upp í u.þ.b. 3.900 manns, og á síðari hluta níunda áratugarins hélt hann enn áfram að vaxa og hafði árið 1990 náð hálfu fimmta þúsundi.⁵ Á því tæplega þrjátíu ára tímabili sem til umræðu er í þessum kafla, eða á árunum 1961–90, rúmlega fimmfaldaðist því fjöldi stúdenta við skólann.

Í þessum tölum öllum fólust að sjálfsögðu mikil tíðindi því samsetning nemendahópsins breyttist í grundvallaratriðum, m.a. hvað snerti kyn og þjóðfélagsuppruna. Að vísu eru ekki fyrir hendi rannsóknir á breytingum á þjóðfélags- og stéttarstöðu nemenda við Háskóla Íslands,⁶ en tölur um breytingar á samsetningu nemendahópsins eftir kynferði eru aftur á móti skýrar. Ein stærstu tíðindin sem lesa má úr talnarunum um fjölgun nemenda við Háskóla Íslands upp úr miðjum sjöunda áratugnum eru að á þessu árabili hófu konur í fyrsta sinn innreið sína í umrædda stofnun, svo að einhverju næmi, í fyrsta lagi sem nemendur og svo smám saman sem hluti af kennaraliðinu.

Háskóli Íslands var „karlveldi“ í bókstaflegum skilningi því að allt fram á miðjan sjötta áratug 20. aldar voru konur innan við 20% af innrituðum nemendum við skólann. Á árabilinu frá 1950 til 1955 voru þær 18,7% innritaðra stúdenta. En þessar tölur segja þó ekki alla söguna því fjöldi þeirra kvenna sem raunverulega lauk prófi frá skólanum á sama árabili var meira en helmingi minni eða aðeins 7,2% af öllum nemendahópnum. Lengi vel óx sá fjöldi kvenna sem innritaðist í skólann reyndar fremur hægt, en hann hækkaði ekki nema um u.þ.b. sex prósentustig frá fyrri hluta sjötta áratugarins og fram á fyrri hluta þess áttunda. Á árabilinu frá 1970 og fram til 1975 voru konur ennþá einungis rúmlega 24% skráðra nemenda. Þó er ljóst að miklar breytingar höfðu átt sér stað áratuginu á undan því að í stað þess að minna en helmingur þessa hóps brautskráðist nokkurn tíma frá skólanum þá lauk nú langstærstur hluti þeirra prófi því næstum 20% brautskráðra voru konur.⁷

Varla verður deilt um það að hér hafi verið um ákveðna „byltingu“ að ræða. A.m.k. gerðist það, í fyrsta sinn í Íslandssögunni, að konur tóku að leita sér æðri menntunar til jafns við karla. Á síðari hluta áttunda áratugarins voru þær tæplega 40% innritaðra stúdenta við Háskóla Íslands og u.þ.b. þriðjungur þeirra sem þaðan brautskráðust. Aðeins áratug síðar eða á árunum 1985–90 var kvenþjóðin aftur á móti komin í rétt rúman meirihluta þeirra stúdenta er

⁵ *Hagskinna* H1812.

Rafræn útgáfa.

⁶ Um menntun í tengslum við þjóðfélagslegan uppruna fjallar þó Sigurjón Björnsson í *Börn í Reykjavík*, 109.

⁷ *Hagskinna* H1812. Rafræn útgáfa. – Um fjölgun kvenna í háskólanámi, sjá einnig Jón Torfi Jónasson, „Dróun háskólastigs á Íslandi“, 161–62.





Þegar mest þrengdi að Háskólanum vegna fjölgunar stúdenta og nýrra námsleiða var hátíðarsalnum í aðalbyggingu breytt í kennslustofu og síðar lestrarsal. Hér er verið að kenna þar efnafræði í september 1978.

settust á skólabekk við Suðurgötuna og aðeins rétt tæpan minnihluta þeirra sem þaðan luku prófi.⁸

Ekki var þó nóg með að fjöldi kvenna yxi innan skólans. Róttæk kvannahreyfing áttunda áratugarins átti einnig eftir að setja mark sitt á stofnunina með nýjum rannsóknaráherslum og nýjum hugmyndum um stöðu kvenna, og verður nánar komið að því síðar.

2. Vandí Háskólans

Heimildir um sögu Háskólans á þessum árum sýna skýrt að hann var á margan hátt afar vanbúinn til að taka við hinum aukna stúdentafjölda og um leið að laga sig að hinum nýju samfélagslegu straumum. Háskólinn stóð þannig frammi fyrir ákveðnum hjalla um miðjan sjöunda áratuginn sem var þess eðlis, þegar horft er til baka, að mögulega var ekki alveg sjálfsagt að háskólayfirvöldum tækist að klífa hann og laga skólann að breyttum tímum. Þar komu sérstaklega til mikil húsnaðisvandræði og almennt aðstöðuleysi sem hrjáði starfsmenn skólans. Þar fyrir utan var það háskólayfirvöldum, ýmsum starfsmönnum skólans og öðrum sem að málefnum hans komu stöðugt áhyggjuefni að skólinn væri ekki nægilega mikil vísindastofnun, og að vísindaiðkanir og alla aðstöðu til þeirra yrði að efla mjög svo að skólinn gæti staðið undir nafni.

Þau mál sem héldu vöku fyrir rektor og öðrum sem að Háskóla Íslands stóðu voru þannig af margbreytilegum toga, og ýmislegt

⁸ *Hagskinna H1812. Rafræn útgáfa.*



II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN – II.5 HÁSKÓLI Í ENDURSKOÐUN

stingur nokkuð í augu. Þar má t.d. nefna aðstöðuleysi sem starfsmenn hans áttu við að glíma.⁹ Hér skal vitnað í orð Bjarna Guðnasonar prófessors sem árið 1965 hélt því fram að aðbúnaður kennara væri slíkur að hann þekkti „engin hliðstæð dæmi. Nýjum kennurum er ekki séð fyrir vinnuherbergjum, síma eða vélritunarþjónustu. Ekki hefur háskólinn einu sinni haft bolmagn til að láta háskólakennurum eftir ritvélar til afnota.“¹⁰ Hér var hreyft við þeim þætti sem kannski skipti mestu og var rót margt annars er miður fór, en það voru þau miklu fjárhagsvandræði sem skólinn átti við að glíma. Þar var um að ræða mál sem ljóslega stóð vexti og viðgangi skólans mjög fyrir þrifum og varð að breyta, a.m.k. með einhverjum hætti, ef skólanum átti að takast að komast yfir þann hjalla sem við honum blasti.

Ræður rektors, Ármanns Snævars, á háskólahátíðum á sjöunda áratugnum bregða skýru ljósi á ofangreind mál, en af þeim má ráða að allt þetta hafi valdið honum nokkrum andvökum, enda voru honum vel ljós þau verkefni sem við skólanum blöstu. Ræður hans voru þannig, öðrum þræði, nokkurs konar ákall til samfélagsins og yfirvalda um að láta sér skiljast hvers háskólinn þyrfti við ef hann ætti að geta haldið sjó og mætt þeim kröfum og áskorunum sem við blöstu.¹¹

Umræður um vísindarannsóknir innan Háskólans á sjöunda áratugnum eru sérstakur kapituli, en meðal þeirra mála sem brunnu á háskólayfirvöldum voru vísindarannsóknir við skólann og vísindastarfsemi. Ráðamenn Háskólans og aðrir sem að honum stóðu eða létu sig málefni hans varða höfðu stöðugar áhyggjur af því að skólinn væri ekki nægilega mikil vísindastofnun. Þetta kom t.d. fram í máli Ingvars Gíslasonar alþingismanns á Alþingi árið 1965, en hann kvað Íslendinga verja „allt of litlu fé miðað við þjóðarframleiðslu“ til rannsóknarmála. Einnig væru málefni Háskólans „vanrækt, svo að vansi er að“ og „[v]ísindastarfsemi háskólans ... [yrði] að efla stórlega, ef hann á ekki að kikna undir nafni“. Rakti hann bágt ástand mála, bæði á sviði raunvísinda og hugvísinda, og sagði að „heilum vísindagreinum ... [væri] í engu sinnt frekar en þær séu ekki til. Mun t.d. leitun á þeim háskóla, sem sinnir ekki alhliða þjóðfélagsvísindum og samtímasögu. Á þeim sviðum er Háskóli Íslands alger eyðimörk.“¹²

Ingvar Gíslason átti sér ýmsa skoðanabræður í þessu tilliti þótt þeir orðuðu hugsun sína með mismunandi hætti. „Næsta átak landsmanna, sem enga bið þolir“, sagði háskólarektor, Ármann Snævarr,

⁹ *Árbók Háskóla Íslands* 1968–69, 17.

¹⁰ *Stúdentablaðið* 1965 2. tbl., 5.

¹¹ *Árbók Háskóla Íslands* 1968–69, 16–18.

¹² *Alþingistíðindi* 1965 B1, 145.



í ræðu á háskólahátíð um miðbik sjöunda áratugarins, „ætti að vera stórfelld efling vísindastarfsemi landsmanna, að sínu leyti á borð við rafvæðingarátakið. Land vort hefir ekki ráð á því að bíða lengur með aðgerðir í þessum efnunum.“ Um leið fjallaði hann um málefni rannsóknarstofnana og sagði að nauðsynlega þyrfti að „skapa aukna rannsóknaraðstöðu og rannsóknarumhverfi“ eða með öðrum orðum, „rannsóknarandrúmsloft“, og það yrði aðeins gert með því að „stór- auka stofnanir – institut – svo sem sýnt er af þróuninni í grannlönd- um vorum. Minni ég enn í þessu sambandi á læknadeildarbyggingar, náttúrufræðistofnun, byggingar í þágu verkfræðikennslu og hugvís- indastofnanir ýmsar.“¹³ Rektor vísaði einnig til þróunarinnar í mál- efnun háskóla á erlendri grundu þar sem margir hefðu eflst stór- kostlega á undanförunum árum og sagði það skyldu manna að hafa hina alþjóðlegu viðmiðun eina að leiðarljósi.¹⁴

Svipaðar áhyggjur komu fram í máli Bjarna Guðnasonar, en hann benti á að kennurum Háskólans væri ekki gefinn kostur á að endurnýja þekkingu sína reglulega eins og annars staðar tíðkaðist. Eða með öðrum orðum, rannsóknarleyfi væru ekki hluti af starfi íslenskra háskólakennara. „[E]ngin ákvæði eru til“, sagði Bjarni, „um það, að háskólakennarar skuli fá frí frá störfum á vissu árabili til að kynna sér nýjungar í grein sinni, eins og er við flesta ef ekki alla erlenda háskóla.“ Bjarni Guðnason benti þannig á að þótt Há- skólanum bæri samkvæmt háskólalögum að „vera hvorttveggja kennslustofnun og vísindastofnun“ þá sinnti hann yfirleitt eingöngu fyrrnefnda hlutverkinu. Háskólinn rækti almennt vel það hlutverk sitt að vera kennslustofnun að hans mati, með ákveðnum undan- tekningum þó, „en því fer fjarri, að hann gegni skyldu sinni sem vís- indastofnun. Og meginorsökin er að sjálfsögðu hin sífelledu fjárhags- vandræði.“¹⁵

Í tölu rektors á háskólahátíð árið 1968 komu fram athyglisverðar umkvartanir út af viðhorfi Íslendinga til æðri menntastofnana. En sömu ádrepu setti hann fram í Stúdentablaðinu árið eftir.¹⁶ Sam- kvæmt rektor var það viðhorf landlægt að háskólar væru einhvers konar menntaskólar í æðra veldi og það að rannsóknir hefðu átt erfitt uppdráttar tengdist þessu viðhorfi. „Sá hugsunarháttur er alltof útbreiddur hér á landi“, sagði rektor, „að háskóli sé eins- konar yfirmenntaskóli.“ Mótmælti hann þessu viðhorfi að sjálf- sögðu harðlega og sagði það rétta í málinu að „háskólar ... [væru] allt annars konar menntastofnanir en menntaskólar.“ Ályktun þessa,



Ritvélar voru helstu verkfæri háskólakennara frá sjöunda áratug aldarinnar og fram á þann núnda, þegar rit- vinnslutölvur komu í stað þeirra. En misbrestur var stundum á að stofnunin hefði efni á að kaupa rit- vélar handa nýjum kennurum.

¹³ *Árbók Háskóla Íslands* 1964–65, 21.

¹⁴ *Árbók Háskóla Íslands* 1964–65, 6.

¹⁵ *Stúdentablaðið* 1965 2. tbl., 5.

¹⁶ *Stúdentablaðið* 1969 3. tbl., 5.

II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN – II.5 HÁSKÓLI Í ENDURSKOÐUN

að litið væri á Háskólann sem aðeins virðulegri útgáfu af menntaskóla, virðist rektor hafa dregið af öðru viðhorfi, sem hér var einnig við lýði að hans sögn, sem sé að háskólakennslu mætti stunda án bakgrunns í rannsóknum og vísindaiðkunum. Sagði hann það háskalega skoðun að unnt væri að „halda uppi háskólakennslu án þess að hún hafi örugga rannsóknaraðstöðu að bakhjalli“. Benti hann t.d. á að rannsóknarstofnanir, líkt og þær sem hefðu orðið til við háskóla á Norðurlöndum „utan um nærri því að segja hvert prófessors-embætti, ... [hefðu] átt örðugt uppdráttar hér á landi, og ... [bæri] þó að minnast með þökk tilkomu Handritastofnunar og Raunvísindastofnunar.“¹⁷

Ljónin á vegi akademískrar kennslu og rannsókna við Háskóla Íslands virðast þannig hafa verið af margvíslegum toga ef marka má orð rektors og falist bæði í hugarfarslegum og efnislegum þáttum. Samkvæmt rektor Háskólans hindruðu léleg laun prófessora í að sinna sínu rannsóknarstarfi fyrir utan að þeir nytu ekki þeirrar grundvallarþjónustu sem til þyrfti. „Hér á landi“, sagði rektor, „eru vinnuskilyrði prófessora og nýting á starfskröftum þeirra fjarska slæm. Lakleg launakjör valda því að þeir hafa almennt ekki tök á að helga sig alfarið rannsóknarstarfi sínu“, og þar fyrir utan hefðu þeir ekki aðstoð „um vélritun og fjölrítun o.fl., sem þeim er grundvallarnaúðsyn að njóta.“¹⁸ Svipuð skoðun kom fram í máli Bjarna Guðnasonar í grein hans í Stúdentablaðinu um aðstöðuleysi við Háskólann, en pistill þessi var ritaður að beiðni ritstjóra blaðsins til að fá álit hans á því „hvernig með bezta móti ... [mætti] bregðast við knýjandi fjárhagsvandræðum skólans“. En fjárhagsvandinn birtist að sögn Bjarna m.a. í því feimnismáli sem væru laun kennara við skólann. Ef læknaprófessorar væru frátaldir, sem sumir hefðu ein og hálf laun, þá væru laun kennara „svo lág ... að þeir geta ekki, þótt þeir fegnir vildu, gefið sig óskipta að rannsóknum í grein sinni, heldur verða að sjá sér farborða með alls konar aukastörfum.“¹⁹

Niðurstöður Háskólanefndarinnar er skipuð var árið 1966 voru um margt á svipaða lund. Nefndin gerði rannsóknarstarfsemi við skólann að umræðuefni og sagði að hún strandaði mjög á almennu aðstöðuleysi. Í greinargerð og tillögum nefndarinnar í mars 1969 sagði að háskólakennsla hlyti að tengjast rannsóknum mjög náið og að „háskólakennsla án öruggs bakhjarls í rannsóknaraðstöðu ... [fullnægði] ekki því hlutverki, sem henni ... [væri] ætlað.“ Í tillögunum var fullyrt að það væri „áberandi við hagi Háskóla Íslands,

¹⁷ *Árbók Háskóla Íslands* 1968–69, 16–17.

¹⁸ *Árbók Háskóla Íslands* 1968–69, 17.

¹⁹ *Stúdentablaðið* 1965 2. tbl., 5.

að svo er að honum búið, að miklum takmörkum er bundið fyrir starfsmennina að leysa af hendi rannsóknarstörf.²⁰

Að vísu vildi nefndin leggja sérstaka áherslu á að mikilvægar rannsóknir hefðu víða verið gerðar, þrátt fyrir „þröng ytri kjör“ og að „margvísleg og mikil rannsóknarstörf“ hefðu verið unnin af einstökum mönnum sem vakið hefðu „athygli á íslenzkri menningu“. Þó verður að segjast að nefndin gekk hreint til verks og skóf ekkert utan af hlutunum. Hún sagði að það væri „grundvallaratriði fyrir gengi Háskólans og góðan árangur í störfum að vel sé búið að kennurum skólans“. Kennarar skyldu hafa greiðan aðgang að aðstoð á borð við „vélritun, fjölritun og ljósritun“ og að vinnuherbergi skyldu henta þeirri „kennslu- og rannsóknarstarfsemi ... sem hver um sig hefir um hönd“. Skortur á þessu öllu gerði það að verkum að „starfskraftar kennara Háskólans“ nýttust ekki vel, og væri þetta eitt helsta atriðið sem bæta þyrfti úr innan veggja Háskólans.²¹

Af ofangreindu að ráða er kannski ekki að furða að margt af því sem rektor þurfti að fjalla um í ræðum sínum á tyllidögum skólans hafi verið með mishátíðlegu sniði. Verkefni hans allt að því ár hvert var t.d. að gera áheyrendum sínum grein fyrir þeirri staðreynd að þegar kæmi að fjárveitingum til háskóla síns þá stæði þjóðin ákaflega aftarlega. „Íslenzkt þjóðfélag verður að gera miklu betur til háskóla síns og annarra vísindastofnana á síðasta þriðjungi aldarinnar en verið hefir, ef þjóðfélagið á ekki að staðna og dragast aftur úr, og er þó skylt að minnast þess, að framlög til Háskólans hafa stórhækkað á síðustu árum.“²² Ekki einu sinni tilvísun í söguna gat orðið háskólarektor tilefni til að draga upp fegurri mynd. Hann virðist fremur hafa gert því skóna að upphafsmenn skólans ókyrrðust í gröfum sínum ef þeir vissu hvernig málum hefði lengst af verið háttað. Sagðist Ármann Snævarr hafa sett sig nokkuð rækilega inn í sögu háskólamálsins allt til setningar háskólalaganna 1909 og benti á að hinn rauði þráður í því máli hefði verið sá „skilningur landsmanna, að sjálfstæðismálið og háskólamálið væru nátengd – að ein af forsendum sjálfstæðis íslenzks þjóðfélags væri sú, að hér yrði reistur öflugur háskóli“. Upphafsmenn málsins „ólu þá von að Háskólinn yrði höfuðstofnun þjóðarinnar til menningarlegra átaka, miðstöð ... vísindalegrar starfsemi, ... mæniás æðri menntunar“. Niðurstaða rektors var aftur á móti að Íslendingar hefðu brugðist sjálfstæðishetjum sínum í þessu máli, en þær hefði ekki getað „óráð fyrir því, hve fátæklega ... [hefði] lengstum verið gert til Háskólans“.²³

²⁰ *Efning Háskóla Íslands* II. Háskólanefnd, marz 1969. Greinargerð og tillögur, 8.

²¹ *Efning Háskóla Íslands* II. Háskólanefnd, marz 1969. Greinargerð og tillögur, 8–9.

²² *Árbók Háskóla Íslands* 1967–68, 18–19.

²³ *Árbók Háskóla Íslands* 1967–68, 20.



II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN – II.5 HÁSKÓLI Í ENDURSKOÐUN

Frá doktorsvörn í háttðarsal Háskóla Íslands 19. október 1963. Ólafur Bjarnason dósent í meinafræði í Læknadeild varði ritgerð sína, Uterine Carcinoma in Iceland (Legkrabbamein á Íslandi).



Benti hann í því sambandi á í annarri ræðu hve mjög þjóðin hefði lagt á sig fyrir Háskólann fyrstu árin. „Árin 1912 og 1913 námu fjárveitingar til skólans 3,1–3,5% af heildarupphæð fjárlaga“, sagði rektor, en í „fjárlagafrumvarpinu nýja er þetta hundradshlutfall 0,85“. Setti hann þó ákveðinn fyrirvara og benti t.d. á að framlög til rannsóknarstofnana almennt væru ekki talin með í hinum nýju tölum.²⁴

Í tölu sinni á háskólahátíð 1968 var rektor óvenju harðorður, og ber ræðan þess merki að innan skólans hafi mælirinn verið við það að fyllast. Rektor hélt því hreint og klárt fram að skólinn gæti ekki sinnt hlutverki sínu eins og málum væri komið. Hann yrði að segja það „umbúðalaust, að Háskólanum er gersamlega um megn að valda hlutverki sínu í kennslu og rannsóknum við þau kröppu kjör, sem honum eru búin“. Nú um stundir væri hvatt til þess að sem flestir lykju stúdentsprófi, og fagnaði Háskólinn því vissulega, en sú þróun væri vita marklaus ef ekki fengist fjármagn til að reka háskóla fyrir þennan stórauðna fjölda fólks með stúdentspróf.

Rót flestra þessara meina væri að finna í þeim lágu fjárhæðum sem varið væri til skólans. Samkvæmt útreikningum Efnahagsstofnunar mundi „0.14% af þjóðarframleiðslu Íslendinga ... [vera] varið til þarfa Háskólans sem kennslustofnunar árið 1967 og 0.7% af ríkistekjum“. Þessi tala hækkaði ef rannsóknarstofnanir væru teknar með, en upplýsingar þar að lútandi væru ekki fyrir hendi.²⁵ „Eitt af meginverkefnum Háskólans nú“, sagði Ármann Snævarr, „er að skýra það enn betur en orðið er fyrir íslenzkri þjóð, hvað við liggur, ef Háskólinn er ekki eflur til stórra muna frá því, sem nú er, þegar á næstu árum“:

²⁴ *Árbók Háskóla Íslands* 1965–66, 26.

²⁵ *Árbók Háskóla Íslands* 1968–69, 16–17.



Vanmegnugur háskóli getur ekki valdið þeim miklu verk-efnum í kennslu og rannsóknum, sem íslenskt þjóðfélag þarf svo mjög á að halda og má sízt af öllu án vera. ... Það er viðurkennd staðreynd, að heppilegasta fjárfesting þjóðar er í háskólum og vísindastofnunum – og þess vegna hefir hafizt hin mikla vísindasókn í grannlöndum okkar. Þegar þetta er haft í huga, þá er ekki viðhlítandi, hve litlum hluta af þjóðar-tekjum Íslendinga er varið til Háskólans. Það er beinlínis háskaleg stefna. Hér hljóta að verða gagnger straumhvörf, og ég er þess altrúa, að það sé vilji íslenskrar þjóðar, að svo verði.²⁶

3. Háskólanefnd 1966–69

Eins og ráða má af ofangreindum lýsingum voru þær aðstæður sem sagt er frá allalvarlegar. En um leið voru háskólayfirvöld að undirbúa aðgerðir til að takast á við vandann. Stjórnvöld litu á endurskoðun Háskólans sem hluta af þeirri heildarendurskoðun sem gerð var á íslensku skólakerfi á sjöunda áratugnum, en Háskólinn átti aðild að menntaáætlun Menntamálaráðuneytisins eins og áður hefur verið rætt. Í september árið 1966 var skipuð með bréfi menntamálaráðherra nefnd nokkur er var ætlað að gera úttekt á málefnum Háskólans og semja áætlun um þróun hans næstu tuttugu árin.²⁷ Nefndin var þannig skipuð að forstjóri Efnahagsstofnunar, Jónas Haralz, var formaður. Þá átti í henni sæti rektor Háskólans, Ármann Snævarr, og auk hans fjórir próffessorar sem tilnefndir voru af háskólaráði. Voru þetta Árni Vilhjálmsson, Halldór Halldórsson, Magnús Magnússon og Tómas Helgason. Aðrir sem nefndina skipuðu voru formenn menntamálanefnda Alþingis, Auður Auðuns og Benedikt Gröndal, fulltrúi fjármálaráðherra, Pétur Benediktsson bankastjóri, og Sveinn Björnsson, formaður Bandalags háskólamanna. Að síðustu áttu stúdentar einn fulltrúa í nefndinni, og gegndu formenn Stúdentaráðs því hlutverki lengst af, Skúli Johnsen, Björn Bjarnason og Höskuldur Þráinsson, en síðast sat Helgi Skúli Kjartansson þar sem stúdentafulltrúi.²⁸

Um aðdragandann að stofnun nefndarinnar segir í gögnum hennar að háskólaráð hafi talið að „öll rök mæltu með því að stofna til almennrar áætlunargerðar um uppbyggingu og eflingu Háskólans á sviði rannsókna, kennslu, stjórnunar og um félagslega aðstöðu stúdenta og kennara“. Hefði ráðið talið mikilvægt að „nefnd manna

²⁶ *Árbók Háskóla Íslands* 1968–69, 18.

²⁷ *HÍ. Fundargerðabók háskólaráðs* 9. júní 1966, 424. – *Árbók Háskóla Íslands* 1965–66, 43.

²⁸ *HÍ. Fundargerðabók háskólaráðs* 30. júní 1966, 430. – *Efning Háskóla Íslands*, 1.

II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN – II.5 HÁSKÓLI Í ENDURSKOÐUN

yrði skipuð af hálfu ríkisvalds til að kanna þessi mál og setja fram heildstæðar tillögur á þessum sviðum, svo sem þá hafði verið gert nýverið í ýmsum löndum Vestur-Evrópu, og væri eðlilegt að miða við 15–20 ára tímabil“. Hafi rektor verið falið að hefja viðræður við menntamálaráðherra, og hugmyndir um nefndina, starfssvið hennar og hvornig hún skyldi skipuð hefði mótast nánar í þeim viðræðum.²⁹

Háskólanefndin, er svo var kölluð, átti eftir að leika allstórt hlutverk í þróun skólans og umræðum um hann á næstu árum. Það virðist líka ljóst að stjórnvöld ætluðu þessari nefnd mikinn hlut, a.m.k. ef marka má orð menntamálaráðherra, Gylfa Þ. Gíslasonar, í ritinu Viðreisnarárin. Segir þar m.a. að skipun nefndarinnar hafi verið „með nokkuð óvenjulegum hætti, beinlínis í því skyni að reyna að tryggja, að löggjafarvaldið færi eftir tillögum hennar“.³⁰ Raunar virðist Gylfi hafa leikið algert lykilhutverk hvað snerti þessa nefndarskipan, og má þar benda á ummæli Helga Skúla Kjartanssonar sagnfræðings er átti sæti í nefndinni fyrir hönd stúdenta og kom inn í hana 1968. Segir hann að starf nefndarinnar hafi verið „mikið áhugamál Gylfa Þ.“ en hann hafi falið Jónasi Haralz að leiða það til farsælla lykta. Jónas Haralz, sem er hagfræðingur að mennt, hafði tekið forystuhlutverkið í Háskólanefndinni að sér í nokkurs konar framhaldi af starfi sem hann hafði áður unnið fyrir Gylfa Þ. Gíslason um það leyti er sá síðarnefndi var viðskiptaráðherra. Hafði það starf snúist um menntamálaáætlun OECD.³¹

Skipun Háskólanefndar markaði spor í sögu Háskólans m.a. að því leyti að með henni voru í fyrsta sinn lögð drög að heildstæðri og almennri áætlun um þróun og framtíð skólans. Með henni fylgdi skólinn í fótspor annarra háskóla á Vesturlöndum, og hafði nefndin þannig til hliðsjónar áætlanir sem unnar höfðu verið við háskóla á Norðurlöndum þar sem slíkar áætlanagerðir hófust á sjötta áratugnum. Þá kynnti hún sér m.a. áætlanir frá Bretlandi og Þýskalandi og hafði til hliðsjónar gögn unnin á vegum OECD.³² Áætlunargerð sú er nú var fyrir höndum var þó ekki algerlega sú fyrsta sinnar tegundar því sumarið 1961 hafði háskólaráð samþykkt að mælast til þess við deildir skólans að þær gerðu áætlun um þörf sína fyrir kennara næsta áratuginn.³³ Um þær tillögur verður nánar fjallað í samhengi við tengsl kennslu og rannsókna í kafla II.8.

Í tilefni af skipun Háskólanefndar og vinnslu skýrslunnar Efling Háskóla Íslands voru skipaðar ýmsar nefndir er var falið það verkefni að gera úttektir á fjölmörgum málum er snertu Háskólann. En

²⁹ *Efling Háskóla Íslands* II. Háskólanefnd, marz 1969. Greinargerð og tillögur, 2.

³⁰ Gylfi Þ. Gíslason, *Viðreisnarárin*, 144. – *Efling Háskóla Íslands*, 1.

³¹ *Tölvupóstur*. Helgi Skúli Kjartansson 23. mars 2009.

³² *Efling Háskóla Íslands* II. Háskólanefnd, marz 1969. Greinargerð og tillögur, 3–7.

³³ *Efling Háskóla Íslands* II. Háskólanefnd, marz 1969. Greinargerð og tillögur, 1–2.

skýrslur sem unnar voru í framhaldi af því eru afar mikilvægar heimildir um stöðu málefna Háskólans á síðari hluta sjöunda áratugarins.³⁴

Í Háskólanum voru miklar væntingar bundnar við starf nefndarinnar, og rektor leyfði sér t.d. verulega bjartsýni í tengslum við útkomu skýrslunnar í ræðu sinni á háskólahátíð árið 1968. Sagðist hann álíta að skrefið inn í „menntunarþjóðfélagið“ yrði „stigið til fulls, þegar afstaða verður tekin til tillagna háskólanefndar nú á næstunni“.³⁵ Stúdentar fögnuðu skipun nefndarinnar líka mjög þótt ekki væri laust við hálfkæring í orðum þeirra. Vitnuðu þeir í orð Kristjáns Albertssonar við útkomu Vefarans mikla frá Kasmír; „loksins loksins“ sagði í yfirskrift leiðara Stúdentablaðsins, og mátti lesa að slík hlytu viðbrögð manna að vera, „þegar Íslenskum stjórnarvöldum hefur nú loksins hugkvæmzt að taka upp tuttugustu aldar vinnubrögð í háskólamálefnum“. Sérstaklega var því fagnað að stúdentar ættu fulltrúa í nefndinni og að ráðherra hefði skipað formann Stúdentaráðs í krafti stöðu sinnar sem formanns, en ekki sem einstakling. Með því hefði hann sýnt að samvinnu við stúdenta væri óskað. Stúdentablaðið gat heldur ekki nóg samlega undirstrikað hversu mikilvægt það starf væri er nefndinni var ætlað, „það getur haft úrslitaáhrif á það, hvort okkar litla þjóðfélagi tekst að fylgjast nokkurn veginn með í hinni hröðu framþróun nútímans“, sagði í leiðaranum.³⁶

Háskólanefnd skilaði af sér skýrslu sinni í september 1969,³⁷ og náði áætlun hennar í meginatriðum til ársins 1980, eða rúmlega áratug fram í tímann. Lét nefndin þess getið að þótt henni hefði verið ætlað að semja áætlun um þróun skólans til næstu tuttugu ára þá hefði hún í reynd miðað tillögur sínar við næstu tíu ár. Lágu til þessa tvær orsakir. Annars vegar væri erfitt að spá um þróun mála til lengri tíma en tíu ára á tímum svo örra breytinga. Hins vegar væri ljóst að hin mikla stúdentafjöldun er framundan var mundi hafa náð hámarki árið 1980, og tæki þá við tímabil þar sem þróunin yrði ekki nærri eins ör.³⁸

Meginverkefni nefndarinnar var að gera tillögur um og taka afstöðu til þess hvernig Háskólinn skyldi bregðast við auknum nemendafjölda og öðrum þjóðfélagsbreytingum sem áður hefur verið lýst, og gerði hún grein fyrir meginniðurstöðum sínum í tíu liðum.³⁹ Má þar nefna stefnu í háskólamálum, stöðu háskólamenntaðra manna, rannsóknarstarfsemi við Háskólann, fjármál Háskólans, byggingarmál og

³⁴ *Efning Háskóla Íslands* II. Háskólanefnd, marz 1969. Greinargerð og tillögur.

³⁵ *Árbók Háskóla Íslands* 1968–69, 19.

³⁶ *Stúdentablaðið* 1967 1. tbl., 2.

³⁷ *Efning Háskóla Íslands*. – *Alþingistíðindi* 1969 D, 823–24.

³⁸ *Efning Háskóla Íslands*, 51.

³⁹ *Efning Háskóla Íslands*, 4–12.



II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN – II.5 HÁSKÓLI Í ENDURSKOÐUN

Upphaf viðtals við Jónas Haralz, formann Háskólanefndar, í Vettvangi SÍSE og SHÍ sumarið 1969.

VIÐTAL

VIÐ JÓNAS HARALZ FORMANN HÁSKÓLANEFNDAR



Nefndin var skipuð hausti 1966. Það var á 3ja fundi í febrúar 1967, sem starfsáætlun var endanlega samþykkt og á 4a fundi, 24. febrúar 1967, sem skipað var í starfsfjölda og eiginleg nefndarstjóri gátu hafist. Það tók strax eftir þetta með tilræmningu til þess að fá starfsmann að nefndinni.

Já, það var náttúrulega byrjað á því strax að reyna að fá starfsmann, og það er satt best að segja, að við auglýstum, leituum fyrir okkur og athuguðum, hverjir væru á lausum kili af þeim, sem hefðu þá menntun og reynslu, sem þarna kæmi til greina, en sannleikurinn var sá, að við fundum engan. Á þessum tíma var mjög lítið framboð af viðskiptafræðingum eða hagfræðingum, og það er að sjálfsögðu svo, og gildir um alla háskólamenntaða menn, ekki síst um viðskiptafræðinga og hagfræðinga, að þeir, sem koma beint frá háskólum, þurfa að fara í starfsþjálfun, og það má reikna með, að þessi þjálfunartími sé allt upp í tvö ár. Þarna var náttúrulega mikil þörf á manni, sem gat umnið sjálfstætt. Nú, eftir þessar árangurslaunu tilræmi, tókum við þann kost, að í stað þess að ráða mann, fengum við menn, sem voru starfandi í öðru, fyrst og fremst hér við Efnahagsstofnunina, til þess að vinna í háskólu, létum þá taka þetta í aukavinnu. Sumir fengu þó leyfi til þess að vinna þetta að einhverju leyfi í sínum vinnutíma og þá á kostnað stofnunarinnar. Til dæmis lagði Sveinn Björnsson fram mjög mikla starf varðandi fyrsta verkefnið, þ.e. kómun á stúdentsfjölda, og vann hann það að mestu undir handleiðslu prófessors Árna Vilhjálmssonar. Þessa verkefni tók svo Sigurður Gústavsson við þegar hann fór að vinna hér vorið 1968, fyrir ári síðan.

En upp á hvaða kjör gat háskólanefndin boðið?

Það var ekkert spursmál um launakjör. Við höfðum leyfi frá menntamálaráðherra til þess að borga manni hálf laun, þ.e., að ráða hálf dags mann í starf.



„Við höfðum leyfi frá menntamálaráðherra til þess að borga manni hálf laun, þ.e., að ráða hálf dags mann í starf.“

kjör stúdenta. Spáði nefndin því að fram til ársins 1985 mundi hlutfall háskólamenntaðra manna tvöfaldast miðað við fólksfjölda í landinu.⁴⁰ Hin stóruka aðsókn að æðra námi krefðist þess ekki aðeins að húsrými Háskólans væri stækkað og að starfsfólki væri fjölgað. Það hlýti einnig að verða „óumflýjanlegt, að sjálfu innihaldi og fyrirkomulagi háskólanámsins sé breytt í veigamiklum atriðum“.⁴¹

Háskólanefnd sagði að þegar svo miklu stærri hluti hvers aldursþóps lyki menntaskólanámi en áður hafði verið þá hlýti það einnig að hafa í för með sér grundvallarbreytingar á því námi sem stúdentsprófsmenntunin leiddi til. „Það er ekki unnt“, sagði nefndin, „að gera ráð fyrir, að 10–20% hvers aldursflokks leggi fyrir sig langt háskólanám, er stefni að sérþjálfun til embættisstarfa eða sjálfstæðra þjónustu- og rannsóknarstarfa.“ En þjóðfélagið þarfnadist alls ekki slíks fjölda fólks með þess konar menntun og líka væri ekki við því að búast að „svo stór hluti hvers aldursflokks sé þeim eiginleikum búinn, að langt háskólanám af þessu tagi sé honum eðlilegur námsferill“. Fólk er lyki menntaskólanámi þyrfti sem sé að eiga kost á annars konar námi, þ.e.a.s. tiltölulega stuttu almennu háskólanámi

⁴⁰ *Efning Háskóla Íslands*, 4–5.

⁴¹ *Efning Háskóla Íslands*, 30.

368

og stuttu sérnámi af öðru tagi, auk hins hefðbundna langa og stranga háskólanáms.⁴²

Háskólanefnd leit á starf sitt sem hluta af almennri endurskoðun menntamála í landinu og gerði þannig tillögur að almennri „nýskipan framhaldsnáms að loknu stúdentsprófi“, bæði utan Háskólans og innan hans.⁴³ Hvað nám við Háskóla Íslands snerti var það niðurstaða og „megin tillaga Háskólanefndar“ að það skyldi að verulegu leyti „miðast við tiltölulega stutta almenna grunnmenntun“ og yrði í „aðalatriðum skipulagt sem þriggja ára, og í sumum tilvikum fjögurra ára, almennt nám, er leiði til kandidatsprófs af „baccalaureatus“-gráðu“.⁴⁴ Próf þetta skyldi vera „í mörgum tilvikum lokapróf“, og að því loknu lægi leiðin einkum í þrjár áttir. Í fyrsta lagi beint út í atvinnulíf og í öðru lagi í stutt sérnám við háskóla sem byggir nemendur undir störf á tilteknu sviði. Í þriðja lagi gæfi prófið rétt til framhaldsnáms, eða „langs sérnáms líku því sem hingað til hefur tíðkast“.⁴⁵ Á síðari stigum þessa náms yrðu námsmönnum veitt tækifæri til ákveðinnar sérhæfingar, eftir því sem kostur væri, „er geri hann hæfari til að taka við tilteknum störfum“. Þessu fylgdu svo hugmyndir og tillögur um störf sem hinar tilteknu prófgráður gætu orðið lykill að, m.a. á sviði fjölmiðlunar, laga og viðskipta, stjórnsýslu og uppeldismála.⁴⁶

Nefndin lagði sérstaka áherslu á að námsframboð yrði fjölbreytt og að sem flestar námsgreinar yrðu kenndar við Háskóla Íslands. Nauðsynlegt væri að „kennsla fari fram á sem flestum fræðasviðum og í sem flestum greinum þeirra sviða“ til þess að unnt væri að „skipuleggja almennt háskólanám á víðtækum grundvelli“. Margbreytileikinn var með öðrum orðum grundvallarþáttur í þeirri nýskipun háskólanáms sem nefndin lagði til: „Þegar svo er komið, að kennsla fer fram á öllum megin sviðum og í helztu greinum þeirra, er grundvöllur fyrir hendi til þess að skipuleggja almennt nám af margvíslegu tagi og byggja ofan á þetta almenna nám sérnám, er stefni að þjálfun fyrir tilteknar starfsgreinar.“⁴⁷

Í skýrslu Háskólanefndar, sem út kom í september árið 1969, voru þannig lögð drög að skipulagningu háskólanáms á grunnstigi eins og því hefur verið háttað í meginatriðum æ síðan. Lagt var til fyrirkomulag námsbrauta sem byggðist á aðalnámsgreinum annars vegar og kjörgreinum hins vegar. Einnig var gert ráð fyrir að námsgreinar þessar eða námsbrautir skyldu ekki einskorðast við tilteknar deildir heldur gætu þær náð til greina sem kenndar væru í fleiri en



Háskólanefnd gaf út skýrsluna Efling Háskóla Íslands.

⁴² *Efling Háskóla Íslands*, 30.

⁴³ *Efling Háskóla Íslands*, 31. Utan Háskólans skyldi lögð áhersla á „stutt sérnám af margvíslegu tagi“ er miðaðist við störf „á tilteknu starfssviði“, svo sem á sviði heilbrigðis- og uppeldismála, tækni og viðskipta.

⁴⁴ *Efling Háskóla Íslands*, 36.

⁴⁵ *Efling Háskóla Íslands*, 5.

⁴⁶ *Efling Háskóla Íslands*, 36.

⁴⁷ *Efling Háskóla Íslands*, 35.



II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN – II.5 HÁSKÓLI Í ENDURSKOÐUN

einni deild. Háskólanefnd setti það aftur á móti í hendur einstakra deilda skólans að útfæra þessar tillögur nánar í samræmi við þær meginlínur sem dregnar voru upp í skýrslunni. Lagði hún fyrir þær nokkurs konar verkefnaskrá sem fólst m.a. í því að kanna hvaða greinum þyrfti að bæta við til að nám yrði sem fjölbreyttast, gera tillögur um meginnámsbrautir og um framhaldsnám að loknu „baccalaureatus“-prófi.⁴⁸

Háskólanefndinni var einnig ætlað að huga að þróun skólans sem rannsóknarstofnunar, enda tók hún skýrt fram að hversu „mikilvægt sem það er, að unnt sé innan fjögurra veggja að taka á móti margfaldri tölu stúdenta frá því, sem verið hefur, skiptir hitt ekki minna máli, að stofnunin, sem við stúdentunum tekur, beri háskólanafn með fullum rétti“. Það vekur athygli að nefndin virðist hafa haft ákveðnar efasemdir um þetta atriði. Sagði hún það skoðun sína að til þess að unnt yrði að ná þessu markmiði þyrfti ekki aðeins að verja auknu fé til rannsókna innan Háskólans heldur einnig að taka skipulag rannsóknarstarfseminnar til endurskoðunar.⁴⁹

Hér er nauðsynlegt að hafa í huga hver staða og skipulag rannsóknarstarfsemi innan Háskólans var árið 1969 þegar nefndin birti skýrslu sína. Rannsóknir höfðu, eins og nefndin orðaði það, „fyrst og fremst verið ... [bundnar] við háskólakennara sem einstaklinga“. Þær rannsóknir sem stundaðar höfðu verið hefðu prófessorar að mestu framkvæmt einir síns liðs, „án þess að hagnýta sér þá kosti skipulegrar hópvinnu, sem svo mjög einkennir vísindarannsóknir nútímans“. Í því sambandi benti nefndin á að til skamms tíma hefðu fáar sérstakar rannsóknarstofnanir verið fyrir hendi.⁵⁰ Rannsóknarstarfsemin hafði þannig ekki verið sérstakur og nákvæmlega skilgreindur þáttur í störfum háskólakennara heldur fremur nokkurs konar aukabúgrein sem menn gátu stundað meðfram kennslunni, hefðu þeir til þess tíma og aðstöðu. Eins og það var orðað í skýrslunni þá hafði kennurum verið „gefið nokkurt tóm til annarra starfa en kennslu, er gert hefur verið ráð fyrir, að þeir verðu fyrst og fremst til rannsóknarstarfa, sem þá væru tengd kennslunni“. Var þetta gert með því að „halda kennsluskyldu fastra kennara tiltölulega lágrí“.⁵¹

Nefndin var heldur ekkert að fegra þá aðstöðu sem kennurum hafði verið boðið upp á til þessarar starfsemi. Hún hefði „yfirleitt ekki verið önnur en aðgangur að bókasafni, sem þó hefur hvergi nærri verið fullnægjandi, og afnot af skrifstofuherbergi, sem á síðari

⁴⁸ *Efning Háskóla Íslands*, 37–38.

⁴⁹ *Efning Háskóla Íslands*, 45.

⁵⁰ *Efning Háskóla Íslands*, 45–46.

⁵¹ *Efning Háskóla Íslands*, 45.



árum hefur þó ekki náð til allra fastra kennara.“ Hvað snerti þá fjármuni sem varið hefði verið til rannsóknanna þá hefðu þeir verið sáralitlir, sagði nefndin, „þótt smávægilegir styrkir hafi verið veittir í þessu skyni“.⁵² Háskólanefndin tók þó skýrt fram að þrátt fyrir þetta allt hefðu „merk rannsóknarstörf verið unnin við háskólann bæði fyrir og síðar.“⁵³

Nefndin setti líka fram skýrar tillögur um rannsóknir við Háskólann. Voru þær einkum tvenns konar og snertu annars vegar ytri aðstæður, sem yrðu að batna að hennar sögn. „Nægilegt húsrými fyrir rannsóknir þarf að vera fyrir hendi“, og „[j]afnframt þarf nægur bóka- og tækjakostur að vera fyrir hendi. Þá þarf að vera unnt að hafa aðstoðarfólk starfandi við rannsóknirnar, bæði stúdenta og aðra starfsmenn háskólans.“ Nýtt skipulag rannsóknarstarfseminnar yrði einnig að koma til. En kjarninn í þeim hugmyndum snerist um að skipuleggja rannsóknarstörf þannig að unnið væri að „tilteknum fyrirfram ákveðnum verkefnum, sem fé sé veitt til úr sérstökum rannsóknarsjóði.“ Úr sjóði þessum yrði styrkjum veitt til rannsóknarverkefna „á grundvelli umsókna“ en þar væri „rannsóknarverkefnið ... skilgreint, tilgangur þess og gildi útskýrð, fyrirkomulagi rannsókna lýst og kostnaður áætlaður“. Þá yrðu styrkþegar að gefa reglulegar skýrslur um niðurstöður er verkefninu væri lokið.⁵⁴

Lýsingar þessar hljóma kunnuglega í eyrum þeirra sem einhvern tíma hafa sótt um styrki til rannsókna, en árið 1969 var sú hugmynd ennþá nýmæli að veita styrki til rannsókna „fyrir fram samkvæmt áætlunum“.⁵⁵ Þess má að lokum geta að Rannsóknasjóður Háskóla Íslands var stofnaður árið 1982.⁵⁶

4. Háskólanefnd og fjármál Háskólans

Meðal þess sem var á verkefnaskrá Háskólanefndar voru að sjálf-sögðu fjármál Háskólans, og taldi hún það innan síns verkahringis að útskýra þróun þeirra mála áratuginna á undan til þess að varpa ljósi á af hverju skólinn væri illa undir það búinn að taka við hinum aukna stúdentafjölda. Nefndin skoðaði fjárveitingar til Háskólans annars vegar í samhengi við heildarútgjöld til menntamála og hins vegar sem hlutfall af þjóðarframleiðslu. Sagði hún að miðað við önnur lönd væru útgjöld til menntamála tiltölulega há á Íslandi, en þau hefðu vaxið óvenjulega hratt áratuginn á undan. Hvað Háskólann snerti þá væri „þróunin hins vegar ekki eins hagstæð og fyrir menntamálin í heild“. Útgjöld til háskólans hefðu

⁵² *Efning Háskóla Íslands*, 45.

⁵³ *Efning Háskóla Íslands*, 46.

⁵⁴ *Efning Háskóla Íslands*, 47–48.

⁵⁵ *Efning Háskóla Íslands*, 48.

⁵⁶ *Vef. HÍ. Reglur Rannsóknasjóðs*. Sótt 17. apríl 2011.



II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN – II.5 HÁSKÓLI Í ENDURSKOÐUN



Marcelle Raymond, eigin-kona franska sendikennarans Jacques Raymond, veitir frönskunemum talþjálfun veturinn 1969–70. Órugglega hefur Háskóli Íslands sloppið við að greiða henni fyrir þessa vinnu, hvort sem hún hefur fengið hana greidda eða ekki. Sendikennarar voru jafnan launaðir að langmestu leyti af heimarkjum sínum.

ekki fylgt almennri útgjaldaaukningu til mennta- og rannsóknarmála.⁵⁷ Á árunum frá 1945 og fram á byrjun sjöunda áratugarins hefði hlutfall þeirra af útgjöldum til menntamála raunar farið lækkandi, frá því að vera 4,5% á árunum 1945–49 niður í aðeins 2,5% árið 1962. Eftir það hefðu þau aftur farið hækkandi og árið 1968 hefðu þau verið orðin 3,7% af heildarútgjöldum til menntamála. „Er því nú svo komið, að rekstrarútgjöld háskólans eru svipaður hluti af heildarútgjöldum vegna rekstrar mennta- og rannsóknarmála og þau voru fyrir 20 árum“, skrifaði Háskólanefndin í skýrslu sinni.⁵⁸ Niðurstaða nefndarinnar var að á næstu árum hlytu þau að „verða að vaxa mikið í hlutfalli við heildarútgjöld til menntamála, ef takast á að búa sívaxandi stúdenta fjölda viðunandi náms-skilyrði við háskólann.“⁵⁹

Ef rekstrarútgjöld til Háskólans væru aftur á móti skoðuð sem hlutfall af þjóðarframleiðslu og tekjum ríkissjóðs væri um lága upphæð að ræða, skrifaði nefndin. Á tímabilinu frá 1945 til 1969 hefðu umrædd gjöld numið u.þ.b. 0,6% af ríkistekjum og sem hlutfall af þjóðarframleiðslu hefðu þau verið nálægt 0,15%.⁶⁰ Um útgjöld til Háskólans sem hluta af þjóðarframleiðslu var nefndin að vísu fremur fáorð ef miðað er við aðra þætti í umfjöllun hennar um fjármál skólans. Þó er engu að síður ljóst að fjárveitingar til skólans urðu að aukast á komandi árum, að mati nefndarinnar, ef takast ætti að mæta nýjum tímum, og setti hún fram allnákvæmar áætlanir í því sambandi. Gerði hún þannig ráð fyrir að rekstrarkostnaður Háskóla Íslands að tíu árum liðnum yrði „þrisvar til fjórum sinnum hærrí en nú væri, reiknað á föstu verðlagi“. Gerði nefndin þannig ráð fyrir að rekstrarútgjöld til Háskólans sem hlutfall af útgjöldum til menntamála mundi hækka úr rúmlega 4% í 9–10%. Væri þetta að vísu mikil aukning en engu að síður mætti ætla að hún væri fullviðráðanleg. Gera mætti ráð fyrir að fé þetta kæmi af vaxandi þjóðarframleiðslu, og auk þess væri rekstrarkostnaður Háskólans mjög líttill hluti af heildarkostnaði til menntamála eins og málum væri nú háttað. Þetta hlutfall ætti því að geta vaxið verulega nú þegar fyrir-sjáanlegur væri mun minni kostnaður vegna hinna lægri skólastiga en verið hefði.⁶¹

Nefndin gerði ráð fyrir að árleg aukning útgjalda Háskólans fæli í sér fjórföldun á tíu árum og taldi slíkt vel framkvæmanlegt. Með því móti mundi hlutdeild Háskólans í heildarútgjöldum til menntamála rúmlega tvöfaldast á tíu árum. Nauðsynlegt væri að fjórfalda á

⁵⁷ *Efling Háskóla Íslands*, 55.

⁵⁸ *Efling Háskóla Íslands*, 56.


⁵⁹ *Efling Háskóla Íslands*, 53.

⁶⁰ *Efling Háskóla Íslands*, 56.

⁶¹ *Efling Háskóla Íslands*, 57–59.



Myndrit II.5 Fjárveitingar til Háskóla Íslands 1960–90 sem hluti af landsframleiðslu og ríkisútgjöldum



Heimildir: *Stjórnartíðindi A 1960–89. – Hagskinna, 709–11, 747–49.*

Taldar eru með rannsóknarstofnanir Háskólans þótt tilfærðar séu sérstaklega á fjárlögum: Tilraunastöðin að Keldum, Raunvísindastofnun, Stofnun Árna Magnússonar og Orðabók Háskólans.

Þessu tímabili flatarmál þeirra bygginga sem Háskólinn hefði yfir að ráða.

Háskólanefndin lauk störfum haustið 1969, og hafði álitserð hennar að sögn menntamálaráðherra grundvallaráhrif á fjárlagagerð á næstu árum.⁶² Hafa rannsóknir sýnt að fjárveitingar til menntunar á háskólastigi hækkuðu talsvert „upp úr 1970“ og síðan aftur um 1980.⁶³

⁶² Gylfi Þ. Gíslason, *Viðreisnarárin*, 144. – *Efning Háskóla Íslands*, 1.

⁶³ Jón Torfi Jónasson, „Er skólakerfið að springa?“, 341–42.

6. Endurskipulag og nýjar námsleiðir

1. Endurskoðun BA-námsins

Skýrsla Háskólanefndar varð að sjálfsgöðu tilefni til mikilla umræðna um stöðu mála innan Háskólans. „Um fátt hefur meir verið rætt og ritað að undanförmu en málefni Háskóla Íslands, ástand og horfur“, skrifaði Stúdentablaðið í desember 1969, í blaði sem það tileinkaði háskólamálum. Hafði blaðið fengið til viðræðna nokkra valda menn, og voru það rektor skólans, Magnús Már Lárusson, og Guðmundur Eggertsson prófessor auk nokkurra stúdenta, þeirra á meðal var Magnús Gunnarsson formaður Stúdentafélags Háskólans. Í viðtalinu lýsti Magnús sig sammála meginsjónarmiði háskóla-skýrslunnar er hann hélt því fram að sú „eðlisbreyting“ sem þyrfti „að ... verða á Háskólanum í framtíðinni ... [væri] að mennta menn til virkari þátttöku í atvinnulífinu“. Af orðum hans er einnig fullljóst að áhugi var á að efla raungreinar við skólann og að umbreyting embættismannaskólans lá mönnum á hjarta. „Ég er alls ekki að leggja til að við hættum að kenna lögfræði, læknisfræði eða guðfræði o.s.frv.“, sagði hann, „en ég held, að þeim fjölda, sem kemur inn í skólann nú og í framtíðinni þurfi að beina í ríkara mæli inn á þetta svið.“¹

Hinn nýkjörni rektor var einnig meðmæltur því að kennsla væri tekin upp í félagsvísindum, enda væri á Íslandi „algerlega ónumið land í mannfræði og félagsfræði“. Væri „illt til þess að vita þar sem fáar þjóðir í veröldinni hafa jafn fjölþættar heimildir um lengri tíma og við“, sagði Magnús Már Lárusson og tengdi þannig fyrirhugaða kennslu í þeim fræðum við fornan sagnaarf þjóðarinnar.²

Eitt fyrsta skrefið í þeirri „eðlisbreytingu“ Háskólans sem varð á sjöunda áratugnum, svo að vitnað sé til orða Magnúsar Gunnarssonar, fólst í endurskoðun á BA-námi við skólann. Allt BA-nám hafði fram að þessu farið fram í Heimspekideild en að frumkvæði háskólaráðs var skipuð nefnd er fékk mál þetta í hendur, og sátu í henni, ásamt rektor, fulltrúar Heimspekideildar og Verkfræðideildar, enda var eitt markmið endurskoðunarinnar að raungreinar er kenndar höfðu verið til BA-prófs við Heimspekideild skyldu færast yfir í

¹ Stúdentablaðið 1969 1. des., 11–13.

² Stúdentablaðið 1969 1. des., 13.

Verkfræðideild.³ Í ræðu sinni á háskólahátíð árið 1965 rakti Ármann Snævarr, þáverandi rektor, aðdraganda þess máls. Sagði hann að mikið starf hefði verið unnið við að endurskoða kennsluskipun til BA-prófa og um leið að taka til athugunar kennslu og námsskipulag í íslenskum fræðum.⁴ Tillögur nefndarinnar voru síðan teknar til umfjöllunar innan deildanna sjálfra, en nýtt kennsluskipulag var staðfest í byrjun september 1965. Rektor sagði að hér hefði verið um að ræða „gagngerða endurskoðun ... þar sem tekið var til könnunar takmarkið með kennslu til B.A.-prófa og þær þjóðfélagslegu þarfir, sem æskilegt er að fullnægja með henni“.⁵

Umrædd endurskoðun varpar skýru ljósi á þá þróun háskólamála sem í gangi var. Í ferlinu öllu endurspeglast m.a. þær kröfur sem í umræðunni voru um að nám skyldi vera hagnýtt og að það skyldi leiða til ákveðinna skilgreindra möguleika í atvinnulífinu. Um leið endurspeglast í þessu máli hversu nátengdar breytingar á Háskóla Íslands voru við stöðu menntamála í landinu. Það hlutverk að mennta framhaldsskólakennara varð nú æ stærri þáttur í verkswiði Háskólans.⁶

Hinar þjóðfélagslegu þarfir sem koma átti til móts við með endurskoðun BA-námsins voru til umræðu í viðtali Stúdentablaðsins við Hrein Benediktsson prófessor árið 1965, og skýrði hann frá því hvernig breytingunum væri ætlað að fjölga háskólamenntuðum kennurum. Þeir skyldu hafa að baki nám sem bæði væri fullgilt háskólanám, reist á vísindalegri kennslu, og undirbúningur undir t.d. kennarastörf. Sambræðsla þessa varð þannig eitt af stefnumiðum Háskóla Íslands á þessum árum. Nánar tiltekið miðuðu breytingarnar að því „að koma öllu námi í heimspekideild á sama grundvöll.“ Þannig átti að hverfa frá þeirri tvískiptingu á námsskipun í deildinni sem tíðkast hafði, og skyldi nú gilda sama skipulag fyrir allar greinar í deildinni. Samkvæmt hinni nýju reglugerð um nám í Heimspekideild átti BA-próf að vera fyrsta háskólagráða allra er þar hæfu nám. BA-prófið opnaði síðan dyr til kennslustarfa, en þeir sem því luku gátu lokið prófum í uppeldis- og kennslufræði og öðlast kennararéttindi. Á hinn bóginn gátu þeir lagt fyrir sig framhaldsnám sem leiddi til kandídat- eða meistaraþrófs.⁷ Rektor skólans lét þess einnig getið í ræðu sinni á háskólahátíð árið 1965 að „[m]eð þessari nýskipan ... [væri] til þess stofnað að hefja kennslu og nám til B.A.-prófa til aukins vegs og virðingar“ og gera það markvissara en áður hafði verið. Kröfur yrðu auknar til nemandanna með hinni nýju námsskipun og kennsluefni aukið.⁸

- ³ HÍ. BH2: 23. Heimspekideild. Tillögur um kennslu til B.A.- og B.A.M.-prófa við Háskóla Íslands. – *Árbók Háskóla Íslands* 1962–63, 36. – Sjá einnig kafla I.9.2 Grunnám í embættismannaskóla.
- ⁴ HÍ. BH2: 23. Heimspekideild. Tillögur um kennslu til B.A.- og B.A.M.-prófa við Háskóla Íslands.
- ⁵ *Árbók Háskóla Íslands* 1965–66, 10.
- ⁶ *Alþingistíðindi* 1964 B, 132.
- ⁷ *Stúdentablaðið* 1965 2. tbl., 24.
- ⁸ *Árbók Háskóla Íslands* 1965–66, 11.

II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN – II.6 ENDURSKIPULAG OG NÝJAR NÁMSLEIÐIR



Ólafur Hansson, fyrsti prófessor Háskólans í almennri sagnfræði, kennir til BA-prófs í Árnagarði veturinn 1969–70.

Með þeirri þróun sem varð á sviði raunvísinda var einnig áætlað að bæta úr kennaraskorti eins og fram kom í ræðu rektors á háskóla-hátíð 1968, en þar lýsti hann því að stofnað hefði verið til kennslu í nýjum greinum innan Verkfræðideildar, náttúrufræði, jarðfræði, landafræði og líffræði. „Er kennslan nú í fyrsta áfanga einkum miðuð við þarfir gagnfræðaskóla á hæfum kennurum í þessum greinum“, sagði rektor og bætti hún „að því leyti úr brýnni þörf“. Markmið þeirra breytinga sem urðu við skólann á síðari hluta sjöunda áratugarins var þannig að styðja við framhaldsskólakennslu og almenna menntun íslenskra þegna, þótt þær ættu einnig að geta lagt grundvöll undir framhaldsnám í viðkomandi fögum.⁹

En kerfisbreytingar í tengslum við þróun BA-námsins höfðu einnig aðrar hliðar sem eru lýsandi fyrir þau verkefni sem Háskólinn þurfti að kljást við. Þetta kemur vel fram í nefndarálit um tillögur „um kennslu til BA- og BAM-prófa við Háskóla Íslands“¹⁰ frá því í lok janúar 1964. Þar var bent á að sá megingalli væri á fyrirkomulagi náms í Heimspekideild að BA-námið væri í afar lausum tengslum við annað nám í deildinni og hefði hingað til vart verið talið með þegar mál hennar hefðu verið til umræðu. „Mál, er varða þær námsgreinir sérstaklega, er kenndar eru til B.A.-prófa, hafa ýmist orðið útundan eða hlotið annars konar afgreiðslu en önnur mál heimspekideildar.“ Með sama áframhaldi mætti jafnvel búast við að fram kæmi sú hugmynd að „þessar greinir skuli mynda sérstaka deild, algerlega aðskilda frá heimspekideild“. Nefndin sagði, og vanþóknun hennar leyndi sér ekki, að þessi þróun væri „óheilla-vænleg fyrir framtíðarstarf og -hlutverk háskólans“, enda tíðkaðist slíkt fyrirkomulag hvergi við aðra háskóla. Væri henni „ekki kunnugt neitt dæmi þess úr háskólasögu“, að námsgreinar á borð við t.d. landafræði, heimspeki og erlend tungumál mynduðu „saman deildarhluta („sektion“) – hvað þá háskóladeild – aðskildan frá öðrum deildarhluta ... með öðrum fílólogískum greinum“. Að mati nefndarinnar var rót þessa vanda aftur á móti að finna í því að kennsla til BA-prófs hefði verið í höndum stundakennara, eða „aukakennara einna, er hafa aðalstarf sitt utan háskólans“, og þeir hefðu þar af leiðandi „ekki tekið þátt í störfum heimspekideildar á sama hátt og prófessorar hennar“. Vegna þessa hefði Heimspekideild beðið um að komið yrði á fót prófessorsembættum í nokkrum greinum BA-námsins.¹¹

Á þessar athugasemdir má líta sem dæmi um þau flóknu mál

⁹ *Árbók Háskóla Íslands* 1968–69, 13.

¹⁰ Um BAM-prófið sagði að stúdent er lokið hefði BA-prófi með kennsluréttindum gæti tekið „viðbótarpróf í einhverri þeirri grein, sem hann hefur tekið próf í, og skal hluti prófsins vera samning fræðilegrar ritgerðar undir leiðsögn kennara“. Samsvaraði þetta viðbótarpróf þremur prófstigum. Þessar áætlanir virðast þó ekki hafa komist til framkvæmda.

¹¹ *HÍ*. BA4: 122. Nefndarálit um tillögur um kennslu til B.A.- og B.A.M.-prófa við Háskóla Íslands.



sem skólinn átti við að etja og rekja má til skorts á akademískum hefðum og að hlutir höfðu oft verið gerðir af vanefnum. Í gögnum skólans kemur víða fram að starfslið var of fámennt og að hinum svokölluðu „aukakennurum“ eða stundakennurum, sem ekki höfðu sínar meginskyldur við skólann, var engu að síður falinn verulegur hluti kennslunnar. Við þetta þurfti skólinn að kljást eins og oft sér stað í heimildum um hann á þessum árum.

Fyrstu jarðfræðingarnir sem útskrifuðust með BS-próf frá Háskóla Íslands.

2. Nýjar námsleiðir og nýtt skipulag

Umræðan um nýja námstilhögun og nauðsynina á nýjum námsleiðum var meðal þeirra mála sem voru í brennidepli við Háskóla Íslands á árunum í kringum 1970. Fyrirhugaðar breytingar voru að mörgu leyti í takt við breytingar sem verið var að gera á háskólum annars staðar í Evrópu. Á hinn bóginn lituðust þær af því að verið var að vinna ákveðið frumkvöðlastarf og koma á greinum sem höfðu fyrir löngu unnið sér fullgildan sess sem háskólagreinar í evrópskum háskólum eins og félagsvísindalegar greinar og raunvísindi.

Hér var á ferð þróun þar sem gerendurnir voru fjölmargir og af fjölbreytilegum toga. Þó virðist ljóst að Háskólinn hafi sjálfur leikið lykilhlutverk og að hann hafi tekið frumkvæði að ýmsum þeim breytingum sem fyrir dyrum stóðu. Á hinn bóginn leiða heimildir það skýrt í ljós að stúdentar sjálfir áttu einnig stóran þátt í því að áherslur breyttust og námsleiðum fjölgaði.

II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN – II.6 ENDURSKIPULAG OG NÝJAR NÁMSLEIÐIR

Þann 25. febrúar 1970 efndi Stúdentafélag Háskóla Íslands til fundar með rektor skólans og menntamálaráðherra, auk forseta deildanna, og skyldi fjallað um nýjar námsleiðir. Stúdentablaðið lýsti tillögum háskólayfirvalda á þann veg að þær beindust „að því að brjóta niður deildarmúrana og að auka fjölbreytni náms með að raða saman einingum, og verði hver grein kennd á einum stað, óháð núverandi deildaskiptingu.“¹² Þetta var í samræmi við tillögur háskólaskýrslunnar um breytingar á skipulagi náms og prófa við Háskólann, en þær kváðu m.a. á um að lengja skyldi háskólaárið þannig að „kennsla fari fram í fulla nfu mánuði“. Einnig sagði að kennslan skyldi fara fram „í önnum með prófum í lok þeirra, eftir því sem við á“ og að upp yrði tekið „punktakerfi við námið, er geri unnt að hafa námseiningar minni en nú er og að tengja þær saman á frjálslegri hátt en áður“.¹³ Fram kom að í þessu efni var einkum fylgt fordæmi frá sænskum háskólum.

Hér fylgdi einnig áætlun um að velja mætti námsgreinar þvert á deildir, eða að „brjóta niður deildarmúrana“ eins og það var stundum nefnt, en þetta var ein af þeim leiðum sem ræddar voru til að auka fjölbreytni námsins. Hér má ennfremur vísa til greinargerðar frá undirbúningsnefnd fyrir „almennan kennarafund“ í apríl 1969 þar sem sagði að eftir því sem menntamönnum fjölgaði yxi einnig „þörfin fyrir meiri fjölbreytni í menntuninni“, og því yrði að koma á fót fleiri námsleiðum innan Háskólans.¹⁴ Þetta yrði að gera með því að koma á nýjum námsgreinum en einnig, eins og það var orðað, með nýju „samvali námsgreina, sem skiptast á tvær eða fleiri háskóla-deildir“.¹⁵

Umræður um nauðsyn þess að koma á fót nýjum námsbrautum við Háskóla Íslands báru sterkan keim af þeirri gagnrýni sem skólinn mátti sæta á síðari hluta sjöunda áratugarins og mótuðust einnig mjög af baráttu stúdenta á þessum árum fyrir rétti sínum til að hafa áhrif á þróun háskólanna. Stúdentar voru ötulir við að setja umræður um breytingarnar í almennt þjóðfélagslegt sambengi. Kröfur þeirra um að fá sjálfir að vera við stjórnvölinn þegar kom að því að móta eigin námsferil komu berlega í ljós á Stúdentabingi sem efnt var til í síðari hluta ágúst árið 1969. Var þingið hið þriðja slíkra samkundna sem haldið var, og tilnefndi Stúdentaráð 20 fulltrúa en SÍNE, Samband íslenskra námsmanna erlendis, tíu fulltrúa. Fyrsta mál á dagskrá þetta árið var efnið „Háskóli Íslands og nýjar námsleiðir“. Á þinginu kröfðust stúdentar þess að þeir ættu „sæti í öllum nefnd-

¹² *Stúdentablaðið* 1970 4. tbl., 7.

¹³ *Efning Háskóla Íslands*, 39–40.

¹⁴ *Efning Háskóla Íslands* II. Ýmis gögn. Ályktunartillögur ásamt greinargerð o.fl. frá undirbúningsnefnd almenns kennarafundar í Háskóla Íslands, 7.

¹⁵ *Efning Háskóla Íslands* II. Ýmis gögn. Ályktunartillögur ásamt greinargerð o.fl. frá undirbúningsnefnd almenns kennarafundar í Háskóla Íslands, 7.



Á sjöunda áratug aldarinnar voru enn fáir útlendisstúdentar í Háskóla Íslands nema láttill hópur fólks sem lagði stund á íslensku og stefndi sumt að prófi í grein sem var kölluð íslenska fyrir erlenda stúdenta. Á þessari mynd frá 1965 eru tólf stúdentar, frá Danmörku, Noregi, Finnlandi, Sviss, Ástralíu, Bandaríkjunum og Englandi. Þar sem myndin birtist, í tímaritinu Yggdrasill árið 1965, segir að þarna vantaði 22 stúdenta, frá þessum sömu löndum og auk þess Tékkóslóvakíu, Svíþjóð, Grikklandi, Þýskalandi, Kanada, Færeyjum og Sovétríkjunum.

um, sem fjalla um nýjar námsleiðir við H.Í.“. Bent var á að „núverandi samsetningar námsgreina væru alls ófullnægjandi, og yrði að koma þar til verulegra breytinga, þar sem núverandi skipun væri mótuð við allt annað þróunarstig hins íslenska þjóðfélags og því úrelt í dag“. Í ályktun sagði einnig að „[b]rýn þörf ... [væri] á fjölgun námsleiða við Háskóla Íslands“ og í þessu skyni bæri t.d. að „hefja kennslu í almennum þjóðfélagsfræðum“ strax þá um haustið 1969, ef fært væri.¹⁶

Í fréttatilkynningu af þinginu sem birtist í Morgunblaðinu mátti ennfremur lesa þá niðurstöðu þingsins að staða Háskóla Íslands sem „embættismannaskóla“ hefði í för með sér að skólinn væri „of samtvinnaður óbreyttu ástandi íslensks þjóðfélags, til þess að hann ... [gæti] gegnt því hlutverki háskóla, sem mikilsverðast er, en það er að vera skapandi aðili framtíðarþjóðfélags.“ Á þinginu kom fram hörð gagnrýni á vísindalega stöðu skólans, og sagði í niðurstöðunum að sú staðreynd, að skólinn væri fyrst og fremst stofnun til að uppfæða embættismenn leiddi til þess „að vísindalegum grundvelli hans ... [væri] ábótavant“.¹⁷

Þingið setti fram ýmsar kröfur og tillögur sem stefndu að því að ráða bót á þessum vanda, og snerust þessar tillögur um þá þróun og endurskipulagningu náms sem stóð fyrir dyrum, sem og stofnun nýrra námsleiða. Þar var efst á blaði að taka þyrfti vísindalegan eða fræðilegan grundvöll námsins til endurskoðunar. Auka þyrfti kennslu

¹⁶ *Morgunblaðið* 21. sept. 1969, 13, 20.

¹⁷ *Morgunblaðið* 21. sept. 1969, 13.



II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN – II.6 ENDURSKIPULAG OG NÝJAR NÁMSLEIÐIR

„í hreinni aðferðafræði (methódólógíu) í hugvísindum“, og þess utan þyrfti að taka til athugunar það sem í ályktuninni var nefnt „þjóðfélagslegur grundvöllur (og þar með siðferðislegur)“ hvernar námsgreinar fyrir sig. Í pistlinum frá Stúdentáþinginu kemur ekki nánar fram hvað var átt við með því að skoða þyrfti hinn þjóðfélagslega og siðferðilega grundvöll námsins, en ályktunin ber þó sterkan keim af þeirri vinstri slagsíðu sem í uppsiglingu var við skólann á þessum árum. Önnur stefnumál Stúdentáþings árið 1969 varðandi vísindalega þjálfun snertu nám í raunvísindum, en þingið ályktaði að þar væri þörf á verulegri bragarbót. „Vísindastarfsemi í raunvísindum fer að miklu leyti fram í ó- eða laustengdum sérstofnunum við Háskóla Íslands“, sagði í niðurstöðum þingsins, en það leiddi til að stúdentar færu „að mestu á mis við vísindalega þjálfun innan veggja H.Í.“ Allt væru þetta grundvallarbreytingar sem þyrfti að gera til að skólinn gæti rækt það „hlutverk sitt að vera vitsmunaleg kjölfesta þjóðarinnar“.¹⁸

Þingið taldi þannig nauðsynlegt að gera verulegar umbætur á menntun íslenskra háskólastúdenta. Um leið skal hafa í huga að gagnrýni þess á vísindalegan grundvöll námsins snerti eitt af þeim málum sem skólinn var hvað mest upptekinn af að ráða bót á á árunum í kringum 1970.

3. Námsbraut í þjóðfélagsfræðum

Eitt af stærstu verkefnum háskólayfirvalda á sjöunda og áttunda áratug 20. aldar fólst í því að koma á fót kennslu í félagsvísindum við Háskóla Íslands. Upphaf kennslu í félagsfræðum var nátengd þeirri þróun Heimspekideildar sem hér hefur verið rædd, enda höfðu námsgreinar á borð við sálfræði verið kenndar þar áður. Í bréfi háskólarektors til menntamálaráðherra frá mars árið 1968 er upphaf málsins rakið. Segir þar að þremur árum fyrir eða 1965 hafi hafist „athugun á því, hvort tiltækilegt væri að stofna til kennslu í félagsfræði við Háskóla Íslands“. Hafi hún byggt á umræðum meðal félagsvísindamanna um nauðsyn þess að hefja félagsvísindi til vegs og virðingar. Fyrst og fremst hafi „athugun“ þessi þó staðið í sambandi við þá „heildarkönnun, sem fram hefir farið að undanfögnu á kennslu til B.A.-prófa“. Nefnd sem kosin var af háskólaráði, Heimspekideild og Verkfræðideild fjallaði um það mál, þ.e.a.s. félagsfræði í tengslum við heildarkönnun á kennslu til BA-prófs, en Heimspekideild skaut málinu því næst til háskólaráðs með ályktun sem

¹⁸ *Morgunblaðið* 21. sept. 1969, 13.



gerð var í maí 1965.¹⁹ Sagði þar að Heimspekideild ályktaði að beina þeirri áskorun til ráðsins „að það láti, svo fljótt sem við verður komið, gera rækilega áætlun um kennslu og rannsóknir í félagsfræðilegum greinum og stöðu þeirra við Háskólann á komandi árum“.²⁰

Að sögn háskólarektors var hér að finna aðdragandann að skipun Félagsfræðinefndar, en hún var fyrsta nefndin sem fjallaði um mótun félagsvísinda sem fræðigreinar við Háskóla Íslands.²¹ Þannig liðu allmörg ár frá því að umræður hófust um að taka yrði upp kennslu í félagsvísindagreinum og þar til hin svokallaða „Námsbraut í almennum þjóðfélagsfræðum“ tók til starfa árið 1970. Þá lágu þegar fyrir álit fjögurra nefnda sem skipaðar höfðu verið um málið og allar höfðu þær komist að þeirri niðurstöðu að mikilvægt væri að kennslu yrði komið á fót í umræddum greinum.²² Eins og Þórólfur Þórlindsson félagsfræðingur rekur voru þær „frumhugmyndir“ sem áttu eftir að setja mark sitt á íslenska félagsfræði mótaðar af þessum nefndum. Ýmsir íslenskir prófessorar úr deildum innan Háskóla Íslands áttu sæti í þeim nefndum, nánar tiltekið úr Viðskipta- og hagfræðideild, Heimspekideild og Guðfræðideild. Á hinn bóginn var leitað ráða hjá félagsfræðingum frá erlendum háskólum, og segir Þórólfur að þrír menn hafi verið helstu ráðgjafar nefndanna. Í fyrsta lagi var það prófessor T. E. Chester frá háskólanum í Manchester á Englandi, þá prófessor Richard F. Thomasson við háskóla Nýju-Mexíkó og að síðustu Fredrik Bredahl-Petersen, prófessor við Edinborgarháskóla. Einnig kom við sögu Alfred Lee, prófessor í félagsfræði við Borgarháskóla New York (CUNY). Af þessari upptalningu má ljóst vera að íslensk félagsfræði hafi á upphafsárunum a.m.k. mótast allmjög af engilsaxneskum og þá ekki síst breskum hugmyndum.²³

Heimildir sýna einnig skýrt að upphaf kennslu í þjóðfélagsfræðum við Háskóla Íslands megi rekja bæði til vilja háskólayfirvalda og krafna stúdenta. Vilji Háskólans kom vel fram í bréfi rektors til menntamálaráðherra árið 1968 þar sem hann færði fjölbreytileg rök fyrir málinu. Háskólarektor sagði að stofna yrði til kennslu í félagsvísindum svo fljótt sem auðið væri enda er „[h]áskólinn hér ... víst eini háskóli á Norðurlöndum, sem ekki veitir kennslu í þessum greinum, sem hafa æ aukið gildi fræðilegt og hagnýtt“.²⁴ Í þessu sambandi má einnig nefna að hjá Ingu Dóru Sigfúsdóttur félagsfræðingi kemur fram að það hafi verið eitt af meginmarkmiðum Ármanns Snævarr á hans starfstíma að hefja kennslu í þessum greinum.²⁵

¹⁹ *Efning Háskóla Íslands* II. Kennsla í þjóðfélagsfræðum og stjórnsýslu. Ármann Snævarr, „Um kennslu í félagsfræði, félagssýslu og félagsráðgjöf við Háskóla Íslands“, 1.

²⁰ *Efning Háskóla Íslands* II. Kennsla í þjóðfélagsfræðum og stjórnsýslu. „Greinargerð og tillögur Félagsfræðinefndar“, 1.

²¹ *Efning Háskóla Íslands* II. Kennsla í þjóðfélagsfræðum og stjórnsýslu. Ármann Snævarr, „Um kennslu í félagsfræði, félagssýslu og félagsráðgjöf við Háskóla Íslands“, 1.

²² Inga Dóra Sigfúsdóttir, „Námsbraut í almennum þjóðfélagsfræðum“, 46–47. – Þórólfur Þórlindsson, „Íslensk félagsfræði“, 74.

²³ Þórólfur Þórlindsson, „Íslensk félagsfræði“, 74.

²⁴ *Efning Háskóla Íslands*, II. Kennsla í þjóðfélagsfræðum og stjórnsýslu. Ármann Snævarr, „Um kennslu í félagsfræði, félagssýslu og félagsráðgjöf við Háskóla Íslands“, 2–3.

²⁵ Inga Dóra Sigfúsdóttir, „Námsbraut í almennum þjóðfélagsfræðum“, 46.

II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN – II.6 ENDURSKIPULAG OG NÝJAR NÁMSLEIÐIR



Fyrstu kennararnir á Námsbraut í Þjóðfélagsfræðum voru stjórnmalafraeðingurinn Ólafur Ragnar Grímsson og félagsfræðingurinn Þorbjörn Broddason. Hér hafa þeir hist á mannamóti löngu síðar.

Kröfur stúdenta um aukin tækifæri til náms skiptu miklu, en það var ekki síst barátta stúdenta sem hafði úrslitaáhrif um að menntamálaráðherra, Gylfi Þ. Gíslason, tók þá ákvörðun að hafin yrði kennsla í félagsvísindum við Háskóla Íslands. Þriðja þáttinn sem knúði á um þetta mál má síðan rekja beinlínis til tilurðar íslensks velferðarkerfis. „Félagsleg þjónusta sem verið var að skipuleggja í höfuðborginni á sjöunda áratugnum kallaði á sérmenntað fólk á þessu sviði.“²⁶ Þetta kom fram í umræddu bréfi rektors til ráðherra, en þar sagði að „[f]élagsfræðilega menntaðra manna ... [væri] mikil þörf á landi hér, við störf á ýmsum félagslegum stofnunum ... [og að] verkefnum félagslegs eðlis“.²⁷ Þannig var þörfin fyrir menntaða félagsráðgjafa t.d. eitt af þeim meginatriðum sem réðu því að nauðsynlegt þótti að hefja kennslu í félagsvísindalegum greinum.²⁸

Ýmis önnur rök er þó að finna fyrir því að nauðsynlegt þótti að hefja kennslu í umræddum fræðigreinum. Námsframboð við Háskóla Íslands var einfaldlega of lítið og hætt við að óeðlilega mikil aðsókn yrði í greinar á borð við lögfræði. Menntun framhaldsskólakennara var enn og aftur til umræðu enda væri þörf á kennurum á sviði félagsfræði, bæði í gagnfræðaskólum og menntaskólum. Þar fyrir utan mátti finna ákveðin rök sem snertu sérstöðu íslensks þjóðfélags eins og t.d. að hæpið væri að nám við erlenda háskóla á sviði félagsráðgjafar og „félagsssýslu“ nýttist sem skyldi „í þjóðfélagi, eins og hinu íslenzka, sem er sérstætt um margt“.²⁹

Kálið var þó enn ekki alveg sopið þótt í ausuna væri komið. Það var t.d. þrándur í götu hinna nýju þjóðfélagsvísinda að menntaðan mannafla skorti til að taka að sér kennslu á þessu sviði.³⁰ Eins og Inga Dóra Sigfúsdóttir rekur þá voru skoðanir einnig skiptar innan Háskólans um réttmæti þess að taka upp kennslu í umræddum fræðum. Margir kennarar töldu að það samræmdest ekki hagsmunum sínum að auka námsframboð og vildu heldur að fé yrði varið til að efla þær greinar sem þegar voru kenndar við skólann. Þessar skoðanir segir Inga Dóra að hafi á köflum „breyst í harða andstöðu gegn nýjum greinum innan skólans“. Þá fólst hindrunin gegn því að hinu nýja námi í félagsvísindum yrði komið á fót í ákveðnum faglegum efasemdum um ágæti þeirra. „Þær voru framandi“, og voru uppi efasemdir um að þær ættu sér fullan tilverurétt í íslensku þjóðfélagi. Þetta gildi ekki síst um fagið stjórnmalafraeði, en sú skoðun virðist hafa verið fyrir hendi innan Háskólans að það fag væri ekki unnt að

²⁶ Inga Dóra Sigfúsdóttir, „Námsbraut í almennum þjóðfélagsfræðum“, 46.

²⁷ *Efning Háskóla Íslands II. Kennsla í þjóðfélagsfræðum og stjórnsýslu.* Ármann Snævarr, „Um kennslu í félagsfræði, félagssýslu og félagsráðgjöf við Háskóla Íslands“, 3.

²⁸ Inga Dóra Sigfúsdóttir, „Námsbraut í almennum þjóðfélagsfræðum“, 46.

²⁹ *Efning Háskóla Íslands II. Kennsla í þjóðfélagsfræðum og stjórnsýslu.* Ármann Snævarr, „Um kennslu í félagsfræði, félagssýslu og félagsráðgjöf við Háskóla Íslands“, 3.

³⁰ Inga Dóra Sigfúsdóttir, „Námsbraut í almennum þjóðfélagsfræðum“, 47.



Úr kaffistofu í Odda á áttunda áratugnum.

kenna með hlutlægum hætti. Þessi rök verða þó að teljast nokkuð sérstök þar sem umræddar fræðigreinar áttu sér þegar langa sögu í erlendum háskólum. Að minnsta kosti bera þessar umræður vitni um að sú skoðun var útbreidd að íslenskt þjóðfélag gæti fullvel spjarað sig án þeirra!³¹

Árið 1969 markaði skil í þessari þróun, en þann 1. september það ár lagði rektor skólans fram „ályktunartillögu um nýjar menntunarleiðir“ í háskólaráði. Segir þar að ráðið fallist „í megindráttum á niðurstöður bréfs háskólanefndar, að því er tekur til kennslu í almennum þjóðfélagsfræðum. Telur háskólaráð mikilvægt að marka þá stefnu, að kennsla í þessum greinum hefjist haustið 1970.“³² Ennfremur var samþykkt að nefnd yrði stofnuð er hefði það verkefni að undirbúa fyrirhugaða kennslu. Skyldi þeim undirbúningi vera lokið „eigi síðar en í marz 1970, og kennarar þá ráðnir.“ Meðal verkefna nefndarinnar var að kanna „með viðtölum hið fyrsta, hve margir stúdentar ... [óskuðu] að hefja nám í almennum þjóðfélagsfræðum“. Tillaga þessi var samþykkt með níu atkvæðum og einn sat hjá.³³ Þá samþykkti háskólaráð einnig að á vetri komanda, þ.e. 1969–70, yrðu haldnir „inngangs- og kynningarfyrirlestrar á sviði almennra þjóðfélagsfræða“. Gekkk það eftir, en fyrirlestrar voru haldnir í Norræna húsinu um ýmis félagsvísindaleg efni.³⁴

Barátta stúdenta skipti miklu um framgang málsins eins og áður er getið, en eitt „fyrirferðarmesta málið“ í stúdentapólitíkinni þetta

³¹ Inga Dóra Sigfúsdóttir, „Námsbraut í almennum þjóðfélagsfræðum“, 47.

³² HÍ. Fundargerðabók háskólaráðs 1. sept. 1969, 151–52.

³³ HÍ. Fundargerðabók háskólaráðs 1. sept. 1969, 153. Sá er sat hjá var Þór Vilhjálmsson.

³⁴ HÍ. Fundargerðabók háskólaráðs 1. sept. 1969, 152. – *Árbók Háskóla Íslands 1969–73*, 143.

II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN – II.6 ENDURSKIPULAG OG NÝJAR NÁMSLEIÐIR

sumarið var einmitt að komið yrði á námi í þjóðfélagsfræðum. Þórólfur Þórlindsson, síðar prófessor í félagsfræði, var einn af forkölfum meðal stúdenta í þessari baráttu og hefur látið svo um mælt að þetta sumar hafi litið „illa ... út með að nám í þjóðfélagsgreinum gæti hafist þá um haustið“. Segir hann að skilaboðin sem hann „fékk víða að [hafi verið] á þá leið að ekkert benti til þess að slíkt nám yrði tekið upp næstu misserin. Þegar þetta fréttist hertum við sóknina, í góðri samvinnu við forystumenn stúdenta, bæði stúdentafélögin og stúdentaráð.“³⁵ Í ágústlok, eða tveimur dögum áður en tillagan um nýjar menntunarleiðir var samþykkt í háskólaráði, var haldið áður nefnt þing stúdenta í Norræna húsinu. Markaði það ákveðin skil í baráttunni að sögn Gísla Pálssonar, síðar prófessors í mannfræði, en samkvæmt honum dró fundurinn fram hversu stór hópur það var er hugðist leggja stund á nám í þjóðfélagsfræði. Hefði þetta sýnt fram á, svo að ekki varð um villst, að þörf væri fyrir námið, og í framhaldi af því hefði skriður komist á málið.³⁶

Segja má að könnunin sem háskólaráð hafði samþykkt að setja af stað hafi staðfest vilja stúdenta. En hún er einnig áhugaverð af ýmsum öðrum ástæðum, t.a.m. frá kvenna- og kynjasögulegu sjónarmiði. Þegar hér var komið sögu í þróun Háskóla Íslands voru konur ennþá lágt hlutfall nemendahópsins eða ekki nema í kringum 20%.³⁷ Svo að árábil þetta sé sett í samhengi við almenna þjóðfélagslega þróun þá má benda á að hin svokallaða önnur bylgja femínismans hafði enn varla hafið innreið sína á Íslandi. Má í þessu sambandi benda á rannsóknir Sigríðar Dúnu Kristmundsdóttur prófessors, en hún hefur haldið því fram að konur og hin félagslega staða kvenna hafi enn í ríkum mæli verið skilgreind í samfélaginu út frá hlutverki þeirra sem mæðra og húsmæðra.³⁸

Könnunin fór fram þessa viðburðaríku daga síðsumars eða snemma hausts 1969, nánar tiltekið 6. og 8. september, og var auglýst eftir þátttakendum sem áhuga hefðu á náminu. Reyndust þeir alls vera 34.³⁹ Í ljós kom að þau fög sem stúdentarnir tilvonandi höfðu langmestan hug á að nema voru félagsfræði, félagssálfræði og almenn sálarfræði, og einnig vildu þeir tileinka sér sagnfræði og félagslega mannfræði. Aftur á móti reyndust fræðigreinar á borð við hagfræði, tölfræði, lögfræði og stjórnvísindi ekki falla undir áhugasvið þeirra.⁴⁰ Á skýringum nefndarinnar á könnuninni og þeim ályktunum sem hún dró má aftur á móti sjá að henni hafi hreint ekki litist vel á hinn tilvonandi flokk íslenskra félagsvísindamanna. Í

³⁵ Inga Dóra Sigfúsdóttir, „Námsbraut í almennum þjóðfélagsfræðum“, 53–54.

³⁶ Inga Dóra Sigfúsdóttir, „Námsbraut í almennum þjóðfélagsfræðum“, 54.

³⁷ *Hagskinna* H1812. Raf-ræn útgáfa.

³⁸ Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, *Doing and Becoming*, 149.

³⁹ *HÍ*. BA4: 243. Könnun á viðhorfum nemenda til kennslu í almennum þjóðfélagsfræðum, 1–2. – Sjá einnig Inga Dóra Sigfúsdóttir, „Námsbraut í almennum þjóðfélagsfræðum“, 56.

⁴⁰ *HÍ*. BA4: 243. Könnun á viðhorfum nemenda til kennslu í almennum þjóðfélagsfræðum, 3.



Norræna húsið varð góður nágrenni Háskóla Íslands. Þangað hefur bæði verið sótt margs konar félags- og menningarstarf og hádegismatur.

fyrsta lagi taldi hún það áhugaleysi sem í könnuninni birtist á hagfræði og stjórnvísindum stafa af þekkingarskortri á umræddum fræðigreinum. Það leiddi til þess að svörin yrðu „að miklu leyti tilfinningalegs eðlis, þ.e. hagfræði og stjórnvísindi eru jú *ljót* orð meðal þorra almennings, sérstaklega þó kvenfólks, en það er í meirihluta ... þeirra, sem hugsanlega verða með í vetur“.⁴¹ Ekki virðist nefndin heldur hafa talið að áhugi nemenda á félagsfræði og sálfræði væri grundvallaður á rökrænu vali því sennilega væri hann „sprottinn undan rótum hins rómantíska bjarma, sem þessi fræði hafa sent frá sér upp á síðkastið“. Nefndin viðurkendi að vísu að tilfinningar hlytu ávallt að leika nokkurt hlutverk þegar kæmi að stórum ákvörðunum eins og t.d. um námsval en taldi þetta þó spretta af þekkingarskortri á greinunum. Klykkta hún út með því að komið hefði í ljós að „flestin væntanlegra nemenda eru kvenmenn, sem verða í fullri og hálfri vinnu í vetur, fara í námið aðallega af persónulegum ástæðum, og hafa takmarkaða þekkingu á þjóðfélagsfræðum“. Þó virðist það hafa verið talin huggun harmi gegn að ekki mætti ætla að „þessi hópur sé dæmigerður fyrir þá, sem í framtíðinni munu leggja stund á almenn þjóðfélagsfræði. Ætla má, að þá komi til aðrir hópar, sem vilja ekki vera með í vetur sökum þess, að þeir sætta sig ekki við þá ófullkomnu kennslu, sem boðið verður upp á.“ En slík sjónarmið hefðu einnig komið fram í svörum.⁴²

- ⁴¹ HÍ. BA4: 243. Könnun á viðhorfum nemenda til kennslu í almennum þjóðfélagsfræðum, 3–4, 6. Leturbr. í heimild.
- ⁴² HÍ. BA4: 243. Könnun á viðhorfum nemenda til kennslu í almennum þjóðfélagsfræðum, 3–4, 6.

II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN – II.6 ENDURSKIPULAG OG NÝJAR NÁMSLEIÐIR

Hvað sem niðurstöðunum leið þá mælti nefndin með því að stúdentar sem hygðu á nám í almennum þjóðfélagsfræðum sem aðalgrein fengju að hefja nám strax þá um haustið 1969. Þeim sem ætluðu að nema fagið sem aukagrein var aftur á móti ráðlagt að nýta veturinn til að nema sína aðalgrein eða aðrar greinar til BA-prófs.⁴³ Þetta gekk eftir, og um 25 nemendur sóttu nám veturinn 1969–70.⁴⁴

Úrlausnarefnin voru ótalmörg sem takast þurfti á við þegar félagsvísindi voru að nema land við Háskóla Íslands. Eitt þeirra var spurningin um hvar hinum nýju fræðigreinum skyldi komið fyrir, og urðu miklar umræður innan skólans um það mál. Í álitni nefndar sem menntamálaráðherra setti á stofn í byrjun júlí 1970 var gerð sú tillaga „að kennslu í þjóðfélagsfræðum verði komið á við heim-spekideild“.⁴⁵

Á fundi Heimspekideildar í byrjun maí 1970 var kosin nefnd til að kanna kost og löst á þessari tillögu, og kom í ljós að á henni var talinn allur meinbugur.⁴⁶ Eftir að hafa gert vandlega grein fyrir hvaða efni yrðu kennd til BA-prófs í félagsfræði annars vegar og stjórn málafræði hins vegar komst nefndin að þeirri niðurstöðu að efnið, „einkum hinir stjórn málafræðilegu, réttarfræðilegu og hagfræðilegu þættir“, væri „fjarskyllt efnissviðum heimspekideildar, en sýnilega nákomid öðrum deildum“. Hefði þetta m.a. í för með sér að kennarar í fræðunum hlytu að verða einangraðir innan deildarinnar. Niðurstaðan var á þá leið að „heimspekideild [teldi] sér ekki fært að taka við stjórn og ábyrgð á kennslu- og rannsóknnum í þjóðfélagsfræðum“.⁴⁷ Virðist þetta hafa samræmst skoðunum stúdentanna, en meðal þeirra var einnig uppi sú hugmynd að strax yrði stofnuð sjálfstæð deild í kringum þetta nám.⁴⁸ Endalokin urðu aftur á móti þau að stofnuð var sérstök „námsbraut“ eða hin svokallaða „Námsbraut í almennum þjóðfélagsfræðum“ er komið var á fót haustið 1970.⁴⁹ Var hún sjálfstæð eining innan skólans og hafði sérstaka stjórnsýslulega stöðu, en það þýddi að hún var sjálfstæð hvað snerti innri mál, rétt eins og deildir Háskólans. Aftur á móti var staða hennar frábrugðin deildunum að því leyti að aðild hennar að stjórnsýslu skólans var takmörkuð.⁵⁰

4. Stofnun Félagsvísindadeildar

Námsbraut í þjóðfélagsfræðum hafði ekki starfað lengi þegar farið var að krefjast þess að henni yrði breytt í háskóladeild. Á fundi í

⁴³ HÍ. BA4: 243. Könnun á viðhorfum nemenda til kennslu í almennum þjóðfélagsfræðum, 6.

⁴⁴ Inga Dóra Sigfúsdóttir, „Námsbraut í almennum þjóðfélagsfræðum“, 57.

⁴⁵ HÍ. BA4: 28. Rektorskrifstofa 1969–1976. Greinargerð nefndar heimspekideildar um stöðu þjóðfélags- og stjórn málafræða í Háskóla Íslands, 4.

⁴⁶ HÍ. BA4: 28. Rektorskrifstofa 1969–1976. Greinargerð nefndar heimspekideildar um stöðu þjóðfélags- og stjórn málafræða í Háskóla Íslands, 1.

⁴⁷ HÍ. BA4: 28. Rektorskrifstofa 1969–1976. Greinargerð nefndar heimspekideildar um stöðu þjóðfélags- og stjórn málafræða í Háskóla Íslands, 4.

⁴⁸ Inga Dóra Sigfúsdóttir, „Námsbraut í almennum þjóðfélagsfræðum“, 59.


⁴⁹ *Árbók Háskóla Íslands* 1969–73, 126.

⁵⁰ *Árbók Háskóla Íslands* 1973–76, 120.

stjórn námsbrautarinnar í lok ágúst 1971 talaði Ólafur Ragnar Grímsson, er var annar af fyrstu tveimur lektorum hennar ásamt Þorbirni Broddasyni, um þessa hugmynd enda væri fjöldi stúdenta þegar orðinn slíkur að nauðsynlegt yrði að taka þetta skref von bráðar.⁵¹ Í apríl 1972 ályktaði stjórn námsbrautarinnar á sömu lund og vildi að hafinn yrði undirbúningur að því að breyta brautinni í háskóla-deild strax þá um haustið. Máli sínu til stuðnings benti stjórnin á að fjöldi nemenda yrði haustið 1972 væntanlega kominn upp í rúmlega 150 manns. Nauðsynlegt væri að þessi stúdentafjöldi og kennarar hans sætu við sama borð og aðrir innan Háskólans, þegar kæmi að ákvörðunum um hin ýmsu málefni hans.⁵²

Þótt félagsvísindi hafi verið lengi að nema land við Háskóla Íslands þá sönnuðu þau fljótt gildi sitt, a.m.k. ef marka má þróunina fyrstu árin. Í Árbók Háskólans er því haldið fram að tímabilinu frá 1970 til 1975 megi skipta í tvo áfanga. Þannig markist árabilið 1970–73 af því að megináhersla var á uppbyggingu kennslunnar. Nýr áfangi bættist við ár hvert „uns þriggja ára nám til B.A.-prófs hafði verið byggt upp í heild“. Árin 1973–75 hafi rannsóknarstarfsemi síðan tekið að aukast.⁵³ Þótt hér sé eflaust sett fram nokkuð gróf lýsing á umræddu ferli er engu að síður ljóst að stofnun deildar stóð fljótt fyrir dyrum. Er haft eftir Sigurjóni Björnssyni prófessor í sálfræði að „veturinn 1974–75 hafi háskólarektor komið að máli við sig og kveðið mikinn áhuga vera á því innan námsbrautar í almennum þjóðfélagsfræðum að stofnuð yrði ný deild úr námsbrautinni“. Hafi rektor þó verið á þeirri skoðun að ógerningur væri að stofna deild nema hún samanstæði af fleiri greinum en þar voru þá kenndar og spurði hvort Sigurjón væri „tilbúinn að fara þar inn með sálfræðina“.⁵⁴ Varð þetta úr, og í janúarbyrjun 1975 skipaði háskólarektor, er nú var Guðlaugur Þorvaldsson, nefnd sem var falið „að kanna, hvort stofna ... [skyldi] nýja deild við Háskóla Íslands, er n[æði] yfir þjóðfélagsfræði, sálarfræði, uppeldisfræði, félagsráðgjöf og e.t.v. fleiri greinar“. Nefndin var snör í snúningum og skilaði álitni strax í sama mánuði og mælti með því að ný deild yrði stofnuð. Lagði hún til að deildin bæri heitið „félagsvísindadeild (Faculty of Social Sciences), enda er það heiti í samræmi við venju víða erlendis“.⁵⁵

Eftirfarandi röksemdir voru settar fram sem styddu fyrirætlanir um stofnun nýrrar deildar. Í fyrsta lagi voru hin fræðilegu rök, en nefndar greinar væru „fræðilega skyldar á ýmsa vegu“. Þær ættu



Til þess að unnt væri að breyta Námsbraut í þjóðfélagsfræðum í háskóladeild taldist nauðsynlegt að flytja sálfræði úr Heimspekideild þangað. Þá var Sigurjón Björnsson prófessor í sálfræði, og flutti hann sig og varð fyrsti forseti Félagsvísindadeildar.

⁵¹ Inga Dóra Sigfúsdóttir, „Námsbraut í almennum þjóðfélagsfræðum“, 62–63, 66.

⁵² HÍ. BA4: 28. Rectorskrifstofa 1969–1976. Bréf til háskólarektors frá Ólafi Björnssyni f.h. stjórnar námsbrautar í þjóðfélagsfræðum 19. apríl 1972.

⁵³ Árbók Háskóla Íslands 1973–76, 120.

⁵⁴ Inga Dóra Sigfúsdóttir, „Námsbraut í almennum þjóðfélagsfræðum“, 66–67.

⁵⁵ HÍ. BH2:23. Heimspekideild. Nefndarálit um stofnun félagsvísindadeildar við Háskóla Íslands 17. jan. 1975.

sér sameiginlegan uppruna, beittu að hluta til sams konar vísindalegum aðferðum, og sameiginlegt áhugasvið þeirra væri sífellt að stækka.⁵⁶ Í annan stað voru rök sem lutu að hagræðingu og sparnaði plássfrek. Þar var t.d. nefnt að kennslukraftar myndu nýtast betur og „[h]agnýting rannsóknaraðstöðu t.d. á spýrlum, úrtökum, tölvuvinnslu o.fl., sem eru meðal dýrustu þátta í rannsóknarstarfsemi, yrði greiðari og tvímælaust meiri“. Við þetta bættust stjórn-sýsluleg atriði þar sem Heimspekideild mundi minnka með þessu fyrirkomulagi og stjórn hennar yrði því auðveldari, þjóðfélagsfræði yrði tengd við aðalstjórnkerfi skólans og „auðvelt væri að koma félagsráðgjöf og öðrum nýjum greinum stjórnsýslulega fyrir“. Að lokum tiltók nefndin hagsmuni stúdenta því þeim væri gert hægara um vik að velja saman hinar ýmsu „greina[r] úr þessum fræðum“. Þar var sérstaklega tiltekið að mikill áhugi hefði reynst meðal nemenda á „samvali námsefnis úr þjóðfélagsfræði og sálarfræði“ og því haldið fram að þessar áherslur þeirra hefðu að nokkru leyti „vísað veginn til nýrrar deildar“.⁵⁷

Stofnun Félagsvísindadeildar var því staðreynd, en í maí 1976 var samþykkt breyting á lögum um Háskóla Íslands þar sem deildin var formlega sett á fót.⁵⁸ Fyrsti forseti hennar til tveggja ára var kosinn Sigurjón Björnsson, en Ólafur Ragnar Grímsson var kosinn vara-deildarforseti.⁵⁹ Auk hinna upphaflegu greina sem kenndar voru við Námsbraut í þjóðfélagsfræðum, stjórnmálafræði og félagsfræði, voru kenndar sem aðalgreinar til BA-prófs sálfræði, uppeldisfræði og bókasafnsfræði. En þessar greinar höfðu áður verið innan Heimspekideildar og sumar um áratugi. Þá voru kenndar nokkrar auka-greinar eins og t.d. mannfræði. Einnig má segja að þótt fræðigreininni félagsráðgjöf hafi enn ekki verið komið á fót hafi hún engu að síður leikið stórt hlutverk í rökstuðningi fyrir stofnun deildarinnar.⁶⁰

Af blöðum svokallaðs Annáls Félagsvísindadeildar frá fyrstu árunum má lesa að hátíðarstemning hafi ríkt þegar deildin var loks sett á fót. „Það er ekki daglegur viðburður að nýrri deild sé bætt við Háskóla Íslands“, sagði í ávarpi rektors við stofnun deildarinnar 15. september 1976, en „[þ]annig er þó málum háttað í dag, að formlega tekur til starfa ný deild, félagsvísindadeild“. Og lýsti hann því yfir að hún væri „sú áttunda í röðinni, sem stofnuð er við Háskóla Íslands“.⁶¹

⁵⁶ HÍ. BH2: 23. Heimspekideild. Nefndarálit um stofnun félagsvísindadeildar við Háskóla Íslands 17. jan. 1975.

⁵⁷ HÍ. BH2: 23. Heimspekideild. Nefndarálit um stofnun félagsvísindadeildar við Háskóla Íslands 17. jan. 1975. – Sjá einnig HÍ. Annáll Félagsvísindadeildar 1976.

⁵⁸ *Stjórnartíðindi* 1976 A, 300–02. – Inga Dóra Sigfúsdóttir, „Námsbraut í almennum þjóðfélagsfræðum“, 67–68.

⁵⁹ HÍ. Gjörðabók Félagsvísindadeildar Háskóla Íslands, 1.

⁶⁰ HÍ. Annáll Félagsvísindadeildar 1976. – Inga Dóra Sigfúsdóttir, „Námsbraut í almennum þjóðfélagsfræðum“, 67–68.

⁶¹ HÍ. Annáll Félagsvísindadeildar 1976.

5. Verkfræði- og raunvísindadeild

Saga verkfræði og raunvísinda varð með talsvert öðrum hætti en sú þróun félagsvísinda sem rædd er hér á undan, enda hafði verkfræði verið kennd við skólann síðan árið 1940.⁶² Umskipti deildarinnar yfir í „Verkfræði- og raunvísindadeild“ olli heldur aldrei deilum á sama hátt og félagsvísindin höfðu gert. Frumkvöðlar þeirra fræða þurftu t.d. ekki að kljást við efasemdaraddir um að raunvísindi ættu erindi í íslensku þjóðfélagi líkt og frumkvöðlar félagsvísindarannsóknna, og virðist engum hafa blandast hugur um það. Engu að síður voru hér á ferð umfangsmiklar breytingar, og eru þær enn eitt dæmið um þau stakkaskipti sem Háskólinn tók í kringum 1970.

Segja má að „endurskipulagning hinnar gömlu verkfræðideildar“ hafi byrjað haustið 1968.⁶³ Það ár markaði tímamót að því leyti að þá var stofnað til kennslu til BA-prófs í raunvísindum við Verkfræðideildina. Þær greinar sem tekin var upp kennsla í voru stærðfræði, eðlisfræði, efnafræði, jarðfræði, landafræði og líffræði, en allar greinarnar utan líffræði höfðu áður verið kenndar við Heimspeki-deild.⁶⁴ Um leið var nafni deildarinnar breytt, og hét hún nú „verkfræði- og raunvísindadeild“. Ári síðar, eða haustið 1969, var skipulagi deildarinnar komið á fastara form og henni skipt í fjórar skorir. Voru þetta Stærðfræðiskor, Verkfræðiskor, Eðlisfræðiskor, þar sem saman voru efnafræði og eðlisfræði, og að lokum Náttúrufræðiskor þar sem undir voru faggreinarnar jarðfræði, landafræði og líffræði.⁶⁵

Hér er rétt að ræða nánar þróun verkfræðinnar, en á þeirri fræðigrein varð sú grundvallarbreyting að tekið var að kenna hana alla leið til lokaprófs. Í grein Þorsteins Vilhjálmssonar, „Verkfræði og raunvísindi við Háskóla Íslands: Fyrstu skrefin“ er saga fagsins rakin en hugmyndir um að taka upp fullt nám í verkfræði og gera verkfræðistúdentum þar með kleift að ljúka burtfararprófi í faginu við Háskóla Íslands voru til umræðu á ráðstefnu verkfræðinga haustið 1959. Þar lagði Finnþogi R. Þorvaldsson fram álitserð um að „brautskrá frá Háskólanum verkfræðinga er fullnægðu kröfum um að sinna verkfræðistörfum sem krefðust úrlausnar hér á landi.“⁶⁶ Næstu ár voru settar fram ítrekaðar tillögur um að taka upp kennslu til lokaprófs í verkfræði. Um haustið 1964 lagði þáverandi forseti Verkfræðideildar, Trausti Einarsson, fram álitserð þess efnis að svokallað „seinnihlutánám“ yrði tekið upp við deildina og lýsti Verkfræðideild stuðningi við málið. Var sú tillaga ítrekuð aftur snemma árs 1968, en það ár tók að komast skriður á þetta mál.⁶⁷

⁶² Guðni Jónsson, *Saga Háskóla Íslands*, 150–61.

⁶³ Þorsteinn Vilhjálmsson, „Verkfræði og raunvísindi við Háskóla Íslands“, 116.

⁶⁴ Þorsteinn Vilhjálmsson, „Verkfræði og raunvísindi við Háskóla Íslands“, 116–17. – Guðni Jónsson, *Saga Háskóla Íslands*, 147–48.

⁶⁵ Þorsteinn Vilhjálmsson, „Verkfræði og raunvísindi við Háskóla Íslands“, 116–17.

⁶⁶ Þorsteinn Vilhjálmsson, „Verkfræði og raunvísindi við Háskóla Íslands“, 115.

⁶⁷ Þorsteinn Vilhjálmsson, „Verkfræði og raunvísindi við Háskóla Íslands“, 115–16.

II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN – II.6 ENDURSKIPULAG OG NÝJAR NÁMSLEIÐIR

Í þessu samhengi skal tekið fram að kennsla í verkfræði eins og hún var stunduð undir lok sjöunda áratugarins miðaðist við að „stúdentarnir stundi framhaldsnám við erlenda verkfræðiháskóla.“ Hafði deildin samvinnu við fjóra tækniháskóla á Norðurlöndum um að þeir tækju við nemendum inn í svokallað síðarihlutanám og voru þetta verkfræðiháskólarnir í Kaupmannahöfn, Þrándheimi, Stokk-hólmi og Lundi. Í fylgiskjali með Háskólaskýrslunni, er bar yfirskriftina „Þróun verkfræðideildar áratugina 1970–1990“, lýstu kennarar við deildina einu af „megin vandamálum verkfræðideildar“ sem væri hvernig gera ætti „stúdentahlutgenga til síðarihlutanáms við fjóra tækniháskóla, sem allir kenna nokkuð mismunandi náms-efni fyrstu árin, án þess að lengja námstímann eða hlaða á hann um of“.⁶⁸ Fram kom að fyrisjáanlegt var að vandi þess færi fremur vaxandi en hitt með þeirri stúdentafjölgun er var framundan. En óhjákvæmilegt væri að gera samninga við enn fleiri erlenda verkfræðiháskóla til að tryggja öllum hópnum skólavist. Í álitinu var því lögð áhersla á að þróunin hlyti að verða sú að auka kennslu í „verkfræðilegum greinum með því takmarki að útskrifa stúdentu með almennt próf í hinum mismunandi höfuðgreinum verkfræðinnar“.⁶⁹


Þó má einnig finna mótbárur gegn því að nemendum yrði gert kleift að ljúka framhaldsnámi frá Háskóla Íslands. Þar má vísa til umræðna sem fram fóru í ágúst árið 1967 þegar haldið var málþing er bar yfirskriftina „Ráðstefna námsmanna og sérfræðinga í stærðfræði, eðlisfræði og jarðeðlisfræði“, þar sem einnig var rætt um svipuð efni.⁷⁰ Í umræðum á þinginu komu t.d. fram áhyggjur af því að íslenskir verkfræðistúdentar misstu af þeirri reynslu að nema á erlendri grundu og fengju ekki tækifæri til að drekka í sig „þann anda, sem ríkti við hina stóru erlendu háskóla“. Þetta kom fram í máli Leifs Ásgeirssonar sem einnig benti á að hætta væri á ákveðinni stöðnun ef „hver nemendakynslóðin á fætur annarri fetaði í fótspor sömu gömlu kennaranna“.⁷¹ Ennfremur var rætt um aðstöðuleysi og því haldið fram að vegna þess kynni að vera vænlegra að bíða enn um sinn með að stofna til „seinni hluta kennslu“. Þó voru einnig færð sterk rök fyrir því að þessari kennslu yrði komið á fót, og má þar tiltaka orð Þorbjörns Sigurgeirssonar sem benti á þann akkur sem hinni nýju Raunvísindastofnun væri í því að eiga kost á að ráða stúdentu til starfa við rannsóknir. Kvæðst Þorbjörn „mjög hlynntur því, að kennsla í umræddum greinum yrði aukin verulega við Háskólann“. Hélt hann því fram að „stúdentar

⁶⁸ *Efning Háskóla Íslands* II. Verkfræði- og raunvísindadeild. 4. „Þróun verkfræðideildar áratugina 1970–1990“, 1–2.

⁶⁹ *Efning Háskóla Íslands* II. Verkfræði- og raunvísindadeild. 4. „Þróun verkfræðideildar áratugina 1970–1990“, 1–2.

⁷⁰ *HÍ*. BA4: 181. Rektorsskrifstofa 1967–1984. Bréfasafn. Ráðstefna námsmanna og sérfræðinga ... að frumkvæði Sambands ísl. stúdentu erlendis.

⁷¹ *HÍ*. BA4: 181. Rektorsskrifstofa 1967–1984. Bréfasafn. Ráðstefna námsmanna og sérfræðinga ... að frumkvæði Sambands ísl. stúdentu erlendis, 36.



Verklegt nám í Verkfræði- og raunvísindadeild var kostnaðarsamt því að það krafðist tækja og tiltölulega mikils húsrýmis.

við framhaldsnám væru mjög verðmætur starfskraftur, og það greindi einmitt háskólastofnanir frá öðrum rannsóknarstofnunum, að þar væru stúdentar við störf, sífellt kæmu nýir menn með ný verkefni og yrði það Raunvísindastofnuninni án efa mjög gagnlegt, ef hér væri kennsla til seinni hluta prófs“.⁷²

Á árunum 1968–69 var í það minnsta kominn mikill skriður á málið, og takmarkið að stofna til „seinnihlutakennslu“ var brátt í höfn. Í mars árið 1968 skipaði Verkfræðingafélagið, að tilhlutun Verkfræðideildar, sérstaka nefnd til að fjalla um málið, og samhliða vinnslu skýrslunnar Efling Háskóla Íslands var einnig rætt um skipun námsins innan deildarinnar sjálfar. Í álitum þessara nefnda voru lagðar fram tillögur um nám til lokaprófs, eða BS-prófs, í byggingarverkfræði, véla- og skipaverkfræði og í rafmagnsverkfræði. Náms tími skyldi vera alls fjögur ár og um leið skyldi árlegur náms tími lengdur, þannig að hann yrði fullir níu mánuðir.⁷³ Skyldi nám þetta hefjast um haustið 1970, en í júní það ár staðfesti Menntamálaráðuneytið reglugerð um námið.⁷⁴

6. Námsbrautir á sviði heilbrigðisvísinda

Fleiri fræðigreinar en „þjóðfélagsfræði“ voru settar á fót undir stjórn-sýslulegu formi „námsbrautar“ um og eftir 1970. Þetta gildi einnig um tvær greinar á sviði heilbrigðisvísinda, hjúkrunarfræði og sjúkráþjálfun. Haustið 1973 tók til starfa við Háskóla Íslands svo-

⁷² HÍ. BA4: 181. Rectorskrifstofa 1967–1984. Bréfasafn. Ráðstefna námsmanna og sérfræðinga ... að frumkvæði Sambands ísl. stúdenta erlendis, 37.

⁷³ Þorsteinn Vilhjálmsson, „Verkfræði og raunvísindi við Háskóla Íslands“, 116–18.

⁷⁴ Þorsteinn Vilhjálmsson, „Verkfræði og raunvísindi við Háskóla Íslands“, 117–18.

II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN – II.6 ENDURSKIPULAG OG NÝJAR NÁMSLEIÐIR

nefnd „Námsbraut í hjúkrunarfræðum“, og laut hún „[f]yrstu árin ... sérstakri bráðabirgðastjórn, er skipuð var af menntamálaráðherra“, en á því varð breyting haustið 1976 er reglugerð fyrir námsbrautina tók gildi. Námsbrautin hafði „sjálfstæði í innri málum“ þótt hún væri um leið í tengslum við Læknadeild. Stjórn námsbrautarinnar átti ekki fulltrúa í háskólaráði, en þó skyldi formaður hennar eða fulltrúi boðaður á fundi háskólaráðs þegar fjallað væri um málefni er heyrðu undir hennar svið.⁷⁵

Því hefur verið haldið fram að hugmyndir um að hjúkrunarnám yrði fært á háskólastig hafi fyrst verið settar fram þegar árið 1942.⁷⁶ En það ár skrifaði Vilmundur Jónsson landlæknir grein í Hjúkrunarkvennablaðið þar sem hann ræddi menntun hjúkrunarkvenna og hélt því fram að nú, þegar verið væri að koma á „hinu svo nefnda B.A.-prófi“ við skólann, væri upplagt að hjúkrunarnám mundi bæstast þar við. „Þarf naumast meira en einn pennadrátt í háskólareglugerðina til þess, að hjúkrunarfræði verði viðurkennd háskólanámsgrein til B.A.-prófs.“ Var markmiðið samkvæmt Vilmundi einkum að innan stéttarinnar væri fyrir hendi hópur háskólalærðra hjúkrunarkvenna til að gegna „forstöðu og kennslu við hjúkrunarkvennaskólann.“⁷⁷ Málefni þetta fékk þó lítinn hljómgrunn fyrr en á sjöunda áratug 20. aldar, og lágu til þess ýmsar ástæður eins og t.d. að nýjar stöður urðu til með tilurð nýrra heilbrigðisstofnana, vinnutími styttist og skortur var „á hjúkrunarfræðingum til kennslu í Hjúkrunarskóla Íslands“.⁷⁸ Í nýju riti sínu, *Saga hjúkrunar á Íslandi á 20. öld*, bendir Margrét Guðmundsdóttir sagnfræðingur á að menntamál hjúkrunarkvenna hafi verið mjög í deiglu innan stéttarinnar um þetta leyti, en meðal þess sem vakti umræður var að það skorti sérmenntaðar hjúkrunarkonur til að taka að sér forystustörf.⁷⁹

Samkvæmt Ingibjörgu R. Magnúsdóttur, er tók við stöðu námsbrautarstjóra í hjúkrunarfræði árið 1976, voru þær hugmyndir víða til umræðu á þessum tíma að „hjúkrunarmenntun yrði að vera á háskólastigi.“⁸⁰ Margrét Guðmundsdóttir segir í því sambandi frá því að um haustið 1966 hafi Hjúkrunarfélag Íslands stofnað svokallaða „fræðslunefnd“ innan félagsins sem ásamt öðrum verkefnum átti að leggja drög að framhaldsnámi í hjúkrunarfræði, og vorið 1968 lagði nefndin til að stjórn Hjúkrunarfélagsins „kannaði undirtektir við stofnun hjúkrunardeildar innan Háskóla Íslands“. Í bréfi stjórnarinnar til menntamálayfirvalda sagði að henni virtist nú „tímabært og raunar aðkallandi, að sem fyrst verði komið á hjúkrunarnámi við

⁷⁵ *Árbók Háskóla Íslands* 1976–79, 125. – Sjá einnig *HÍ. Fundagerðabók háskólaráðs* 12. júlí 1973, 106, 108. – *Stjórnartíðindi* 1976 A, 303.

⁷⁶ *HÍ. BA4: 181. Rektorskrifstofa 1967–1984. Bréfasafn. Ingibjörg R. Magnúsdóttir, Námsbraut í hjúkrunarfræði 1973–1983, 2.*

⁷⁷ Vilmundur Jónsson, „Nokkur framtíðarmál hjúkrunarkvenna“, 3.

⁷⁸ *HÍ. BA4: 181. Rektorskrifstofa 1967–1984. Bréfasafn. Ingibjörg R. Magnúsdóttir, Námsbraut í hjúkrunarfræði 1973–1983, 2–3.*

⁷⁹ Margrét Guðmundsdóttir, *Saga hjúkrunar á Íslandi á 20. öld*, 320–21.

⁸⁰ *HÍ. BA4: 181. Rektorskrifstofa 1967–1984. Bréfasafn. Ingibjörg R. Magnúsdóttir, Námsbraut í hjúkrunarfræði 1973–1983, 2–3.*

Háskóla Íslands til þess að fá þannig til starfa í heilbrigðisþjónustunni einhvern hluta vaxandi fjölda stúdenta“. Þessi rök stjórnar Hjúkrunarfélagsins eru athyglisverð í ljósi þróunar nemendafjöldans innan Háskólans á þessum tíma, en t.d. virðist ljóst að stjórnarkonur vildu hafa nokkuð um það að segja hvernig skipting nemenda á hinar ýmsu faggreinar þróaðist og að hinn stóráukni nemendafjöldi stuðlaði einnig að eflingu hjúkrunarfræði sem fræðigreinar á háskólastigi. Í bréfi stjórnar Hjúkrunarfélagsins sagði ennfremur að hún vildi „eindregið mælast til þess að Menntamálaráðuneytið beiti sér fyrir því, að stofnsett verði deild við Háskóla Íslands í hjúkrunarfræðum.“⁸¹

Þróun og skipulagning hjúkrunarfræði sem háskólagreinar átti það sammerkt með þróun félagsvísinda að erlendir sérfræðingar voru hafðir með í ráðum, og raunar lék Alþjóðaheilbrigðisstofnunin, WHO, mikilvægt hlutverk við þróun fræðigreinarinnar. Sama ár og stjórn Hjúkrunarfélagsins hlutaðist til um að greinin yrði færð á háskólastig, árið 1968, hafði stofnunin sett fram „róttæka framtíðarsýn á hjúkrunarmenntun“, en þá lagði „[s]érfræðinganevnd um hjúkrunarmál sem starfaði á vegum stofnunarinnar ... til að öll menntun í hjúkrunarfræði ... yrði eins fljótt og unnt er færð á háskólastig“.⁸² Stofnun námsbrautarinnar var undirbúin á árunum 1969–73, en að „þeim undirbúningi stóðu auk Háskólans yfirvöld mennta- og heilbrigðismála, félagasamtök hjúkrunarfræðinga og lækna, og hjúkrunarmáladeild Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar ... í Kaupmannahöfn, en sú stofnun veitti sérfræðilega aðstoð, fjárhagslegan stuðning og aðra fyrirgreiðslu“.⁸³

Fyrstu árin eftir að námsbrautin var stofnuð hafði hún þó engum fastráðnum kennurum á að skipa, og bent hefur verið á að „námsbrautin hafi að verulegu leyti verið rekin af hugsjónafólki, er stóð utan Háskólans og var í fullu starfi við aðrar stofnanir. Kennsla var að mestu sótt til annarra deilda, en námsgreinar í öllum hjúkrunargreinum voru kenndar af stundakennurum“. Námsbrautin fékk fyrstu kennarastöðuna haustið 1977, en þá var Marga Thome sett lektor í hjúkrunarfræði.⁸⁴ Aftur á móti vekur athygli að á upphafsárum námsbrautarinnar starfaði við hana talsverður fjöldi erlendra sérfræðinga í „hjúkrunarmálum“, einkum frá Bandaríkjunum og Kanada, og komu þeir ýmist að undirbúningi að „stofnun námsbrautarinnar, námsskrárgerð, endurskoðun á námsskránni í heild eða einstöku námsgreinum“, auk kennslu.⁸⁵

⁸¹ Margrét Guðmundsdóttir, *Saga hjúkrunar á Íslandi á 20. öld*, 321.

⁸² Margrét Guðmundsdóttir, *Saga hjúkrunar á Íslandi á 20. öld*, 321.

⁸³ HÍ. BA4: 181. Rektorskrifstofa 1967–1984. Bréfasafn. Ingibjörg R. Magnúsdóttir, Námsbraut í hjúkrunarfræði 1973–1983, 3.

⁸⁴ HÍ. BA4: 181. Rektorskrifstofa 1967–1984. Bréfasafn. Ingibjörg R. Magnúsdóttir, Námsbraut í hjúkrunarfræði 1973–1983, 10.

⁸⁵ HÍ. BA4: 181. Rektorskrifstofa 1967–1984. Bréfasafn. Ingibjörg R. Magnúsdóttir, Námsbraut í hjúkrunarfræði 1973–1983, 7.



II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN – II.6 ENDURSKIPULAG OG NÝJAR NÁMSLEIÐIR



Hjúkrunarskóli Íslands hafði aðsetur í húsi á Landspítalalóðinni. Það varð eign Háskóla Íslands árið 1986 og fékk nafnið Eirberg.

Saga faggreinarinnar hjúkrunarfræði hefur einkennst af því að fagið hefur verið „kvennagrein“. Í þessu sambandi má benda á skrif Kristínar Björnsdóttur prófessors um sögulega þjóðfélagsstöðu kvenna og vettvang þeirra „innan heimilisins þar sem þær veittu fjölskyldu sinni ást og umhyggju“ um leið og „karlmenn sinntu störfum utan þess“. Kristín segir að þótt þessi aðgreining sé bæði „flóknari og óljósari“ í nútímaþjóðfélagi þá hafi rannsóknir engu að síður leitt í ljós „mjög sterk áhrif þessara hugmynda um konur og þeirra störf á þróun hjúkrunarstarfsins“.⁸⁶ Slíkar niðurstöður varpa ljósi á þá staðreynd að ekki gekk átakalaust að færa þetta hefðbundna kvenlega „umönnunarstarf“ inn í Háskólann sem vissulega hafði stöðu sem eins konar háborg rökhusunarinnar. Aldagamlar hugmyndir um andstæður tilfinninga og rökhyggju komu þar við sögu, og eins og Margrét Guðmundsdóttir bendir á fóru hugmyndir á kreik um að háskólamenntaðir hjúkrunarfræðingar mundu ekki hafa til að bera þá umhyggju sem nauðsynleg væri til að sinna starfi sínu sem skyldi.⁸⁷

En þó að háskólamenntaðir hjúkrunarfræðingar þyrftu að kljást við slíka fordóma og ýmsir erfiðleikar hafi fylgt þessu brautryjenda-starfi og umbreytingu faggreinarinnar yfir í fræðigrein á háskólastigi⁸⁸ breytti það því ekki að Námsbraut í hjúkrunarfræðum stækk-aði hratt. Nemendafjöldinn óx frá því að vera um 20 nýnemar í

⁸⁶ Kristín Björnsdóttir, „Sjálfskilningur íslenskra hjúkrunarkvenna á tuttugustu öldinni“, 207–08.

⁸⁷ Margrét Guðmundsdóttir, *Saga hjúkrunar á Íslandi á 20. öld*, 335. – Sigríður Þorgeirsdóttir, „Heimspekingar um eðli kvenna“, 19–33.

⁸⁸ Sjá t.d. Margrét Guðmundsdóttir, *Saga hjúkrunar á Íslandi á 20. öld*, 353–57.





Árið 2007 stofnaði Ingibjörg R. Magnúsdóttir, fyrrum námsbrautarstjóri í hjúkrunarfræði, sjóð til að styrkja rannsóknir í hjúkrunar- og ljósmóðurfræðum. Á myndinni sjást Ingibjörg og Kristín Ingólfsdóttir rektor eftir að þær hafa undirritað stofnskrá sjóðsins. Með þeim á myndinni eru Erla Kolbrún Svavarsdóttir, deildarforseti Hjúkrunarfræðideildar (t.v.), og Sóley S. Bender prófessor (t.h.).

byrjun upp í að vera á milli 100 og 200 á tíunda áratug 20. aldar.⁸⁹ Frá því að námsbrautin var stofnuð var einnig gert ráð fyrir að hún yrði með tímanum sjálfstæð deild, og var í því augnamiði gerð úttekt á starfi hennar haustið 1999. Í framhaldi af því lagði háskólaráð „blessun sína yfir stofnun hjúkrunarfræðideildar við Háskóla Íslands þann 25. maí 2000“.⁹⁰

Önnur námsbraut á sviði heilbrigðisvísinda, „Námsbraut í sjúkraþjálfun“, var stofnuð haustið 1976 og hafði eins og hjúkrunarfræði „sjálfstæði í innri málum“ þótt hún væri „í tengslum við læknaeild“.⁹¹ Hafði háskólaráð samþykkt þann 17. apríl 1975 að upp yrði tekin kennsla í greininni enda yrði „fyrir hendi fullnægjandi fjárveitingar, húsnæði, kennslukraftar og önnur nauðsynleg aðstaða að mati háskólaráðs“.⁹² Ástæður þess að ákveðið var að stofna til námsins virðast fyrst og fremst hafa verið að mikill skortur var á sjúkraþjálfurum á landinu, og gekk hægt að fjölga í stéttinni „vegna erfiðs aðgangs að skólum annars staðar“.⁹³ Þó skal þess getið að þegar nýr sjúkraþjálfaraskóli var settur á laggirnar í Árósum í Danmörku um 1960 fékkst heimild fyrir því að einn íslenskur nemandi fengi þar skólavist annað hvert ár.⁹⁴ En hvað sem því leið átti stofnun námsbrautarinnar sér talsverðan aðdraganda og fylgdi í kjölfar nokkurra ára undirbúnings „af hálfu Félags íslenskra sjúkraþjálfara, lækna o.fl.“⁹⁵

Félag íslenskra sjúkraþjálfara átti sér rætur í Félagi íslenskra nuddkvenna er var stofnað árið 1940, og stóðu að því konur sem höfðu lært sjúkraleikfimi og nudd, að því er virðist einkum í Kaupmannahöfn.⁹⁶ Nafnið breyttist fljótt í „Félag íslenskra sjúkraleikfimis- og nuddkvenna“ en þótt „nudd væri upphaflega afar stór þáttur í starfi sjúkraþjálfara fór hlutur sjúkraleikfiminnar vaxandi“. Nafnbreytingarnar sem

⁸⁹ Margrét Guðmundsdóttir, *Saga hjúkrunar á Íslandi á 20. öld*, 334.

⁹⁰ Margrét Guðmundsdóttir, *Saga hjúkrunar á Íslandi á 20. öld*, 339.

⁹¹ *Árbók Háskóla Íslands 1976–79*, 128. – *Stjórnartíðindi 1976 A*, 304–05.

⁹² *HÍ. Fundargerðabók háskólaráðs 17. apríl 1975*, 420.

⁹³ *Árbók Háskóla Íslands 1976–79*, 128. – *HÍ. BA4: 20. Bréfasafn skrifstofu Háskóla Íslands 1936–1984*.

Greinargerð nefndar um menntun sjúkraþjálfara og iðjuþjálfara, mars 1975, 9–10.

⁹⁴ Anna Kristín Kristjánsdóttir, Sigrún Knútsdóttir og Árni Daníel Júlíusson, „Saga félags íslenskra sjúkraþjálfara“, 22.

⁹⁵ *Árbók Háskóla Íslands 1976–79*, 128.

⁹⁶ Anna Kristín Kristjánsdóttir, Sigrún Knútsdóttir og Árni Daníel Júlíusson, „Saga félags íslenskra sjúkraþjálfara“, 19, 22.



II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN – II.6 ENDURSKIPULAG OG NÝJAR NÁMSLEIÐIR

félagið gekk í gegnum varpa athyglisverðu ljósi á ákveðna þröskulda sem faggreinin sjúkraþjálfun þurfti að yfirstíga til að móta sér faglega sjálfsmynd, en um leið skal hafa í huga að um var að ræða fræðigrein sem ekki átti sér viðlíka sögu eða rætur í samfélaginu og t.d. „hjúkrun“ eða „hjúkrunarfræði“. Það vafðist þannig fyrir upprennandi sjúkraþjálfurum að samsama sig þessum starfsheitum en „þeim sem komu úr sjúkraþjálfaranámi erlendis frá, þar sem starfsheitið var „fysioterapi“ eða „physical therapy“, [þótti] ankannalegt að ganga í félag nuddkvenna“. Einnig kemur fram að karlmenn gátu engan veginn samsamað sig þessu starfsheiti! Eftir nokkrar umræður um hvert hið rétta nafn félagsins ætti að vera var þó loks samþykkt árið 1962 að því yrði gefið heitið „Félag íslenskra sjúkraþjálfara“, en nýyrðið „sjúkraþjálfari“ hafði komið fram á sjötta áratugnum.⁹⁷

Í grein um sögu sjúkraþjálfunar á Íslandi sem birtist í tímaritinu *Sjúkraþjálfarinn* árið 2000 kemur fram að um 1970 hafi áhugi farið að myndast meðal lækna og sjúkraþjálfara að stofna „skóla í sjúkraþjálfun.“⁹⁸ Þetta ár setti Félag íslenskra sjúkraþjálfara á fót „skólanefnd“ er tók að víða að sér upplýsingum um hvernig slíku námi væri háttað á erlendri grundu. Frumkvöðlar náms í sjúkraþjálfun leituðu fyrirmynda víða, og t.d. fór María Þorsteinsdóttir sjúkraþjálfari „í kynnisför 1971 til skóla í Bretlandi“. Hún var einnig hvatamaður þess að „námið yrði skoðað í Kanada og Bandaríkjunum þar sem það var á háskólastigi.“⁹⁹ Árið 1973 kom Menntamálaráðuneytið svo á fót nefnd sem átti að kanna möguleika á slíku námi á Íslandi og hvernig því yrði best hagað.¹⁰⁰ Nefnd þessi skilaði álitni í mars árið 1975 og hafði þá m.a. leitað upplýsinga frá ýmsum löndum um fyrirkomulag náms í sjúkraþjálfun. Athugunin sýndi, eins og segir í Árbók Háskólans, að nám í sjúkraþjálfun var með „ýmsu móti annars staðar, en sjúkraþjálfarar hér sóttu mjög fast að nám hér yrði innan háskólans“.¹⁰¹

Hið sama gildir um upphaf náms í sjúkraþjálfun og í hjúkrunarfræði að við stofnun námsbrautarinnar virðist hafa verið mjög leitað eftir bæði aðstoð og samstarfi við erlenda sérfræðinga og stofnanir. Vegna þess að vilji stóð til að námið yrði á háskólastigi var „leitað sambands við þau lönd sem höfðu slíkt nám, og varð þá að leita vestur um haf“. En árið 1974 sóttu tveir sjúkraþjálfarar og nefndarmenn í nefnd Menntamálaráðuneytisins, Guðlaug Sveinbjarnardóttir og María Þorsteinsdóttir, ráðstefnu í Montreal og komu á samböndum er nýttust námsbrautinni vel. Mestu virðist hafa skipt samband

⁹⁷ Anna Kristín Kristjánsdóttir, Sigrún Knútsdóttir og Árni Daníel Júlíusson, „Saga félags íslenskra sjúkraþjálfara“, 20.

⁹⁸ Anna Kristín Kristjánsdóttir, Sigrún Knútsdóttir og Árni Daníel Júlíusson, „Saga félags íslenskra sjúkraþjálfara“, 22. – Sjá einnig *HÍ*. ENSj1: 5. Námsbraut í sjúkraþjálfun. Fundargerðir 1975–1979. Bréf Félags íslenskra sjúkraþjálfara til Læknadeildar Háskóla Íslands 30. nóv. 1970.

⁹⁹ Anna Kristín Kristjánsdóttir, Sigrún Knútsdóttir og Árni Daníel Júlíusson, „Saga félags íslenskra sjúkraþjálfara“, 22.

¹⁰⁰ *HÍ*. BA4: 20. Bréfasafn skrifstofu Háskóla Íslands 1936–1984. Greinargerð nefndar um menntun sjúkraþjálfara og iðjuþjálfara, mars 1975.

¹⁰¹ *Árbók Háskóla Íslands* 1976–79, 128.



námsbrautarinnar við Manitoba-háskóla í Kanada, og má þar nefna að J. F. R. Bowie, forstöðumaður við svonefndan endurhæfingarskóla heilbrigðisdeildar þess skóla, var nefnd Menntamálaráðuneytisins mjög innan handar.¹⁰² Ennfremur kom frá þeim skóla Marjorie Spence „sem aðstoðaði við upphaf Námsbrautar í sjúkraþjálfun og kenndi fyrsta árið.“¹⁰³ Fyrsta árið kenndi sömuleiðis við námsbrautina Ella Kolbrún Kristinsdóttir er líka var námsbrautarstjóri.¹⁰⁴

Fljótt kom á daginn að mikil eftirspurn var eftir því að fá að setjast á skólabekk í sjúkraþjálfun. Mun færri voru útvaldir en kallaðir til náms í þessari nýju grein sem strax varð ein af þeim fjórum fræðigreinum innan Háskólans þar sem beitt var aðgangstakmörkunum.¹⁰⁵ En árið 2000, eða 24 árum eftir stofnun námsbrautarinnar og sama ár og Námsbraut í hjúkrunarfræðum varð að deild innan Háskólans, var Námsbraut í sjúkraþjálfun gerð að sérstakri skor innan Læknadeildar.¹⁰⁶



Á áttunda áratug 20. aldar munu sumir hafa efast um að nám í sjúkraþjálfun ætti heima á háskólastigi. Nú tekur fólk doktorspróf í greininni við Háskóla Íslands. Hér kynnr María Ragnarsdóttir ritgerð sína, Öndunarhreyfingamælirinn ÖHM-Andri. Áreiðanleiki, viðmiðunargildi og gagnsemi í klínískri vinnu, við doktorsvörn 5. september 2008.

¹⁰² *Árbók Háskóla Íslands* 1976–79, 128. – Anna Kristín Kristjánsdóttir, Sigrún Knútsdóttir og Árni Daníel Júlíusson, „Saga félags íslenskra sjúkraþjálfara“, 22.

¹⁰³ Anna Kristín Kristjánsdóttir, Sigrún Knútsdóttir og Árni Daníel Júlíusson, „Saga félags íslenskra sjúkraþjálfara“, 22.

¹⁰⁴ *Árbók Háskóla Íslands* 1976–79, 128. – Anna Kristín Kristjánsdóttir, Sigrún Knútsdóttir og Árni Daníel Júlíusson, „Saga félags íslenskra sjúkraþjálfara“, 22–23.

¹⁰⁵ Sjá kafla II.12 Átök um fjöldatakmarkanir.

¹⁰⁶ *Árbók Háskóla Íslands* 2000, 16, 67.

7. Nýjar rannsóknarstofnanir

1. Handritastofnun

Á 50 ára afmælishátíð Háskólans þann 6. október 1961 lýsti menntamálaráðherra því yfir fyrir hönd ríkisstjórnarinnar að ákveðið hefði verið að leggja fram frumvarp á Alþingi um stofnun Handritastofnunar Íslands. Var það gert og samþykkt sem lög frá Alþingi 14. apríl 1962.¹ Í ræðu á fyrsta stjórnarfundum stofnunarinnar 10. desember sama ár rakti Einar Ólafur Sveinsson prófessor aðdragandann að stofnun Handritastofnunar Íslands, en ræðan var síðan birt sem grein í Skírni. Einar Ólafur tengdi tilurð hennar beint við baráttu Íslendinga við að fá „handritin heim“ frá Kaupmannahöfn. „Hugmyndin um þessa stofnun var í öndverðu samgróin viðleitni Íslendinga til að fá skilað aftur íslenskum handritum í Kaupmannahöfn,“ sagði hann, en það hefði þótt augljóst að þegar sú stund rynni upp þá yrði að vera til í landinu aðstaða til rannsókna á þeim arfi er þau höfðu að geyma.² Þetta orðaði Guðni Jónsson einnig á þann veg að mönnum hafi þótt „hart til þess að hugsa“ að nær eingöngu danskir aðilar, félög og stofnanir hafi „verið svo að kalla ein um hituna um vísindalegar útgáfur íslenskra handrita“. Hefði það að vísu verið „nokkur hugbót, að íslenskir fræðimenn hafa jafnan átt mikinn hlut að“ en aftur á móti mætti ekki gleyma „að þeir hafa unnið það starf í þjónustu danskra stofnana og fyrir danskt fé“.³

Orðfæri Guðna var nokkuð í anda sjálfstæðisbaráttunnar, og setur Guðmundur Hálfðanarson sagnfræðingur baráttuna við að fá handritin heim í beint samhengi við hana. Bendir hann á að fljótlega eftir lýðveldishátíðina á Þingvöllum 17. júní 1944 „þegar sigurvíman rann af þjóðinni ... gerðu forsvarsmenn hennar sér þó grein fyrir því að enn vantaði hina nýfrjálsu þjóð ýmislegt af meintum eigum sínum. Stærsta safn íslenskra skinnhandrita var geymt í hinni fornu höfuðborg, Kaupmannahöfn, og því var sigurinn í sjálfstæðisbaráttunni ekki fullkominn og gat aldrei orðið það fyrr en handritin hefðu snúið aftur til síns heima“. Þannig hefði oft verið litið á afhendingu handritanna sem „táknræn endalok sjálfstæðisbaráttunnar“.⁴

Í áður nefndri grein Einars Ólafs Sveinssonar má einnig lesa að þegar á fjórða áratug 20. aldar hafi Íslendingar farið að ræða um endurheimt handritanna. Sjálfur hélt hann t.d. erindi hjá Stúdenta-

¹ Guðni Jónsson, „Handritastofnun Íslands“, 10. – *Stjórnartíðindi* 1962 A, 48–49. – Sjá einnig HÍ. BA4: 49. Rektorskrifstofa 1961–1982. Bréfasafn. Handritastofnun Íslands 1962–1966.

² Einar Ól. Sveinsson, „Handritastofnun Íslands“, 15.

³ Guðni Jónsson, „Handritastofnun Íslands“, 7.

⁴ Guðmundur Hálfðanarson, „Handritamálið – endalok íslenskrar sjálfstæðisbaráttu?“, 175–76.

félagi Reykjavíkur árið 1942 þess efnis að „þörf væri að koma á fót stofnun til eflingar íslensku þjóðerni, og hefðu störf hennar vísindalega undirstöðu, þó að þau beindust mjög að menningarbaráttu líðandi stundar“.⁵ Þá getur hann þess að árið 1946 skrifuðu þeir Barði Guðmundsson, Einar Ólafur Sveinsson, Finnur Sigmundsson, Ólafur Lárusson, Sigurður Nordal og Þorkell Jóhannesson menntamálaráðherra bréf, dagsett 27. apríl, þar sem þeir fjölluðu um hvaða verkefni skyldu tekin fyrir ef „handritin fengjust heim“. Þannig fannst bréfiturum þegar kominn tími til að huga að „praktísku“ fyrirkomulagi í tengslum við komu þeirra til landsins.⁶

Ennfremur má geta þess að árið 1950 flutti Gunnar Thoroddsen, sem þá var borgarstjóri, þingsályktunartillögu á Alþingi um handritamálið, og hljóðaði hún svo:

Alþingi ályktar að lýsa yfir því, að jafnskjótt sem handritin íslensku fást afhent frá Danmörku mun íslenska ríkið reisa byggingu yfir handritin, þar sem tryggð verði örugg geymsla þeirra og góð starfsskilyrði. Einnig lýsir Alþingi yfir þeirri fyrirætlun að veita fé til vinnu við handritin, þar á meðal styrki til erlendra fræðimanna, sem hér vildu starfa.

Þá segir ennfremur að Alþingi ályktaði „að fela ríkisstjórninni að hefja nú þegar, í samráði við Háskóla Íslands, undirbúning fyrirgreindra ráðstafana“. Í greinargerð með tillögunni er vitnað í bréf fræðimannanna frá 1946 og tilgreint að tillagan sé flutt „í því skyni, að engin tvímæli geti á því leikið, að Íslendingar séu þess albúnir að sýna handritunum fulla og verðuga rækt, þegar þessi dýrmæti þjóðararfur fellur þeim aftur í skaut“.⁷

Ekki leikur vafi á að baráttu þessi átti almennan hljómgrunn í samfélaginu, og birtist það t.d. í því að haustið 1951 bárust Kristjáni Eldjárn þjóðminjaverði 100 krónur í pósti frá Birni nokkrum Guðmundssyni frá Indriðastöðum. Fylgdu þau orð að þetta ætti að vera „fyrsti vísir að söfnun fjár til handritahúss“.⁸ Þjóðminjavörður ritaði um málið í blaðagrein, og hafði það þau áhrif að framlög streymdu að, og náði sjóðurinn loks um 20 þúsund krónum. Formaður Stúdentafélags Reykjavíkur, Páll Ásgeir Tryggvason, greip hugmyndina á lofti og mælti með henni í ræðu og riti.⁹ Í framhaldi af því var sett á fót söfnunarnefnd sem hann veitti forstöðu, og safnaðist að sögn Einars Ólafs Sveinssonar rúmlega hálf milljón króna.¹⁰

⁵ Einar Ól. Sveinsson, „Handritastofnun Íslands“, 17.

⁶ Einar Ól. Sveinsson, „Handritastofnun Íslands“, 17–18.

⁷ *Alþingistíðindi* 1950 A, 694.

⁸ Einar Ól. Sveinsson, „Handritastofnun Íslands“, 20. – Sjá einnig *HÍ*. BA4: 49. Ljósrit blaðaúrklippubókar frá 1952 um fjársöfnun til byggingar handritahúss (uppruni óljós).

⁹ *Vísir* 29. apríl 1952, 5. – Einar Ól. Sveinsson, „Handritastofnun Íslands“, 20.

¹⁰ Einar Ól. Sveinsson, „Handritastofnun Íslands“, 20.

II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN – II.7 NÝJAR RANNSÓKNARSTOFNANIR

Handritamálið var í deiglunni á sjötta áratugnum bæði á íslenskum og dönskum vettvangi,¹¹ og um 1960 fór að draga til tíðinda í málinu. Má þar fyrst geta þess að þetta ár flutti Þórhallur Vilmundarson ræðu 1. desember í hátíðarsal Háskóla Íslands, og birtist hún í Lesbók Morgunblaðsins.¹² Lagði hann þar til að í tilefni af 150 ára afmæli Jóns Sigurðssonar og hálfrar aldar afmæli Háskóla Íslands 17. júní næsta ár yrði komið á fót vísindastofnun í íslenskum fræðum, og bæri hún nafn Jóns Sigurðssonar. Væri þar fylgt fordæmi því að kenna slíkar stofnanir við frumkvöðla í íslenskum fræðum, líkt og „Stofnun Árna Magnússonar ... [væri] kennd við annan kunnasta afreksmann“ á því sviði, og vísaði hann þar til Stofnunar Árna Magnússonar í Kaupmannahöfn.¹³

Í janúar 1961 skipaði Heimspekideild nefnd sem átti að koma með tillögur um stofnun íslenskra fræða, en í henni sátu þeir Guðni Jónsson, Halldór Halldórsson og Einar Ólafur Sveinsson. Tillögur nefndarinnar urðu síðan uppistaðan í samþykkt Heimspekideildar um málið, í tillögum háskólaráðs til ríkisstjórnarinnar og loks í stjórnarfrumvarpi er lagt var fram á Alþingi 1961.¹⁴ Nú var enda lausn í sjónmáli í handritadeilunni, en árið 1961 voru lög samþykkt á þjóðþingi Dana um skiptingu Árnasafns í Danmörku milli Íslendinga og Dana.¹⁵

Þess má geta hér að nafnið *Handritastofnun Íslands*, sem kemur fram í tillögunum til ríkisstjórnarinnar, var samkvæmt Guðna Jónsyni að undirlagi nefndar sem háskólaráð hafði valið til að ganga frá þeim í endanlegt horf áður en þær yrðu sendar ríkisstjórninni. Í henni sátu Ármann Snævarr rektor og Guðni Jónsson fyrir hönd Heimspekideildar, auk Magnúsar Más Lárussonar úr Guðfræðideild.¹⁶ Heimspekideild hafði aftur á móti ekki komið sér saman um nafngiftina, en á deildarfundum í byrjun árs 1962 lýsti naumur meirihluti sig fylgjandi nafninu „Stofnun Jóns Sigurðssonar“. Eins og Guðni Jónsson orðaði það þá var nokkur hópur manna sem ekki vildi „láta sér lynda annað nafn“.¹⁷ Félag íslenskra fræða var augljóslega í þessum hópi og sendi alþingismönnum rökstutt álit þar að lútandi. Ljóst er að þeir voru margir sem vildu halda nafni þjóðhetjunnar á lofti, en félag stúdenta í íslenskum fræðum, Mímir, ályktaði einnig á fundi í mars sama ár að „að nafn rannsóknarstofnunar í íslenskum fræðum, sem ráðgert er, að komið verði á fót, verði á einhvern hátt tengt nafni Jóns Sigurðssonar“. Áleit félagið að „heiti eins og Handritastofnun Íslands ... [gæfi] ekki nægilega

¹¹ Einar Ól. Sveinsson, „Handritastofnun Íslands“, 20–21. – Um þróun handritamálsins í Danmörku: Sigrún Davíðsdóttir, *Håndskriftsagens Saga*, 151–254.

¹² Þórhallur Vilmundarson, „Handritaheimt“, 21–25.

¹³ Þórhallur Vilmundarson, „Handritaheimt“, 24.

¹⁴ Einar Ól. Sveinsson, „Handritastofnun Íslands“, 25. – *Alþingistíðindi* 1961 A, 1200–04; B2, 1849–75.

¹⁵ Guðmundur Hálfðanarson, „Handritamálið – endalok íslenskrar sjálfstæðisbaráttu?“, 182. – Sigrún Davíðsdóttir, *Håndskriftsagens Saga*, 302–08.

¹⁶ Guðni Jónsson, „Handritastofnun Íslands“, 8.

¹⁷ Guðni Jónsson, „Handritastofnun Íslands“, 10–11.

vel til kynna það starfssvið, sem stofnuninni er ætlað¹⁸. Allt kom þetta þó fyrir ekki, og varð hin endanlega nafngift Handritastofnun Íslands.

Eins og áður sagði samþykkti Þjóðþing Danmerkur árið 1961 lög um að skila Íslendingum megninu af þeim íslensku handritum sem varðveitt voru í dönskum söfnum. Þar með vildu Danir leiða til lykta hinar langvinnu deilur um handritamálið.¹⁹ Lausnin fólst í því að Árnasafni yrði skipt upp þannig að hin íslenska Árnastofnun fengi til varðveislu handrit sem fjölluðu beint um „Íslendinga og íslensk málefni, auk skinnhandrita úr Konunglegu bókhöðunni sem féllu undir sömu skilgreiningu“. Önnur handrit skyldu vera í varðveislu hinnar dönsku Árnastofnunar. Löggin sem Þjóðþingið danska samþykkti árið 1961 og voru grunnurinn að samkomulagi þjóðanna voru síðan endanlega staðfest af Hæstarétti Danmerkur með dómi árið 1971.²⁰ Var sáttmálinn fullgiltur þann 1. apríl 1971, og lauk þar með handritadeilum þjóðanna sem staðið höfðu um áratuga skeið.²¹

„Værðsgod, Flatbogen, og ældre Edda“, sagði Helge Larsen þáverandi menntamálaráðherra Dana þegar hann afhenti þessi fyrstu handrit kollega sínum, Gylfa Þ. Gíslasyni, formlega í Háskólabíói 21. apríl 1971.²² Og í ræðu sinni 23. október sama ár tók rektor Háskólans af öll tvímæli um hvað hann áleit að hefði gerst markverðast í sögu skólans á liðnu háskólaári. Kvað hann „heimkomu fyrstu handritanna íslensku eftir aldageymslu í Kaupmannahöfn“ vera „mestan atburð“ ársins.²³

Það var síðan með nýjum lögum sem tóku gildi í maí 1972 að Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi var komið á fót, og tók hún yfir allt starf og eignir Handritastofnunar Íslands. Hafði stofnunin bæði sjálfstæðan fjárhag og sérstaka stjórn. Nafnbreytingin var gerð í samræmi við ákvæði í sáttmálanum milli Dana og Íslendinga um hvernig staðið yrði að afhendingu hluta hinna íslensku handrita frá Danmörku til Íslands.²⁴

Þess skal að lokum getið að Stofnun Árna Magnússonar gegnir að vissu leyti einstöku hlutverki í menningarlífi Íslendinga, en eins og Stefán Karlsson handritafræðingur og þáverandi forstöðumaður stofnunarinnar benti á í grein árið 1997 þá varðveitir hún „þau handrit sem Íslendingar kalla oft dýrmætasta menningararf sinn“. Fræði þau sem byggjast á þessum miðaldabókmenntum eru stunduð við háskóla víða um heim, og þannig hefur Stofnun Árna Magnússonar verið ákveðinn grunnur að alþjóðlegu vísindastarfi, enda hafa erlendir



Grúsk í gömlum textum er stundum kallað nefstóbaksfræði, og hér eru tveir starfsmenn Árnastofnunar, sem áður var Handritastofnun, að taka í nefið, Ólafur Halldórsson og Eiríkur Þormóðsson.

¹⁸ „Hvað á óskastofnun íslenskra fræða að heita?“, 28.

¹⁹ Guðni Jónsson, „Handritastofnun Íslands“, 10.

²⁰ Guðmundur Hálfðanarson, „Handritamálið – endalok íslenskrar sjálfstæðisbaráttu?“, 182.

²¹ *Árbók Háskóla Íslands* 1973–76, 76.

²² Guðmundur Hálfðanarson, „Handritamálið – endalok íslenskrar sjálfstæðisbaráttu?“, 175. – *Morgunblaðið* 22. apríl 1971, 1.

²³ *Árbók Háskóla Íslands* 1969–73, 38.

²⁴ *Árbók Háskóla Íslands* 1973–76, 76.



II. GRUNNMENTUNARSKÓLINN – II.7 NÝJAR RANNSÓKNARSTOFNANIR

*Magnús Már Lárusson
háskólarektor tekur við
Flatexjarbók, nýkominni frá
Kaupmannahöfn, úr hönd-
um Gylfa Þ. Gíslasonar
menntamálaráðherra 21.
apríl 1971. Þar með var
Háskóla Íslands falin
varðveisla þjóðardýrgrip-
anna miklu.*



fræðimenn verið tíðir gestir við stofnunina. Eða eins og Stefán segir: „Fólk frá mörgum þessara háskóla hefur sótt Árnastofnun heim og setið þar við störf sín nokkrar vikur, mánuði eða ár. Flestir þeirra koma frá Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku, en þeir hafa einnig komið frá fjarlægari löndum, svo sem Japan, Nýja-Sjálandi og Ísrael.“ Þá hafa rit ýmissa þessara fræðimanna einnig verið gefin út við stofnunina, „enda hefur verið litið svo á að stofnunin hefði skyldum að gegna við íslensk fræði hvar í heimi sem þau eru stunduð“.²⁵

2. Raunvísindastofnun

Í grein sinni, „Aðdragandi að stofnun Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands“, gerir Magnús Magnússon prófessor grein fyrir því að á sjötta áratug 20. aldar hafi „ástundun raunvísinda við Háskóla Íslands einkum [verið] í formi kennslu“. Skrifar hann að kennsla í efnafræði við Læknadeild og Verkfræðideild hafi verið á höndum sérfræðings við Iðnaðardeild Atvinnudeildar Háskólans, Trausta Ólafssonar, og hafi kennslan farið fram þar. Atvinnudeildin var aftur á móti aðeins að nafninu til tengd Háskólanum, en við Háskólann sjálfan var engin aðstaða til rannsókna í efnafræði og ekki heldur í eðlisfræði.²⁶ Páll Theodórsson lýsir ástandi mála á þann veg að „[a]llt fram á sjöunda áratuginn ... [hafi það verið] viðtekin skoðun að við hlytum að láta aðrar þjóðir um grunnrannsóknir í raunvísindum“.²⁷

²⁵ Stefán Karlsson, „Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi“, 57–58.

²⁶ Magnús Magnússon, „Aðdragandi að stofnun Raunvísindastofnunar Háskólans“, 268.

²⁷ Páll Theodórsson, „Bernskuskeið eðlisfræðirannsókna við Háskóla Íslands“, 46.



Magnús Magnússon heldur því aftur á móti fram að samþykkt laga um Vísindasjóð árið 1957 hafi markað skil í þessu efni, en þá hafi vaknað „skilningur á því að styðja við og efla undirstöðurannsóknir á Íslandi“.²⁸ Við Háskólann hillti líka loks undir umbætur í þessum efnunum, en í það minnsta er ljóst að fyrsti vísir að rannsóknarstöðu í raunvísindum við Háskóla Íslands varð til árið 1957 þegar Þorbirni Sigurgeirssyni prófessor var falið að veita forstöðu rannsóknarstofu í geislaeðlingum. Þetta ár, nánar tiltekið þann 5. apríl, var lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um stofnun prófessorsembættis í eðlisfræði við Verkfræðideild ásamt sérstakri rannsóknarstofu til geislaeðlinga og það samþykkt sama ár.²⁹

Það var raunar tveimur árum áður, í framhaldi af ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um friðsamlega nýtingu kjarnorku, sem haldin var í ágúst 1955, að hreyfing komst á umræður um rannsóknir í raunvísindum á Íslandi. Þrír Íslendingar sóttu ráðstefnuna, og voru það Þorbjörn Sigurgeirsson, sem þá var framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs ríkisins, og Magnús Magnússon, auk Kristjáns Albertssonar, sendiráðsfulltrúa í París.³⁰ Í janúar 1956 var stofnuð svokölluð Kjarnfræðanefnd Íslands sem gerði tillögur um ýmsar rannsóknir í raunvísindum og þá fyrst og fremst um notkun geislavirkra efna, en „[f]orsenda þeirra rannsókna var að hér væri aðstaða til mælinga á geislavirkum efnunum“.³¹ Eftir fyrirspurn frá nefndinni til Háskóla Íslands um það hvort hann vildi taka að sér rekstur slíkrar stofnunar var eftirfarandi bókun gerð í lok júlí í háskólaráði: „Háskólaráð telur brýna þörf á því, að komið verði upp rannsóknarstofu til geislaeðlinga og er hlynnt því, að þessi stofnun verði tengd háskólanum, svo framarlega sem nauðsynlegar fjárveitingar fást til framkvæmda.“ Háskólaráð tók þó jafnframt fram að Háskólinn hefði ekki á að skipa starfslíði sem gæti staðið að slíkum mælingum.³²

Mál þróuðust síðan þannig að Kjarnfræðanefndin beitti sér fyrir því að fé yrði veitt á fjárlögum ársins 1957 til að koma á fót rannsóknarstofu í geislaeðlingum. Háskólanum hafði um þetta leyti áskotnast dánargjöf Aðalsteins nokkurs Kristjánssonar, fasteignasala í Winnipeg, og fylgdi það skilyrði gjöfnni að kennarastaða í náttúruvísindum yrði stofnuð við skólann. Gylfi Þ. Gíslason menntamálaráðherra beitti sér síðan fyrir málinu á Alþingi, og tókst honum með því að tengja saman dánargjöfina, fjárveitingu til rannsóknarstofunnar og kostnað við stundakennslu í eðlisfræði að sýna fram á að stofnun prófessorsembættis í eðlisfræði myndi „ekki hafa í för með sér neinn kostnaðarauka fyrir ríkissjóð“, og hrifu þessi rök vel.³³

²⁸ Magnús Magnússon, „Aðdragandi að stofnun Raunvísindastofnunar Háskólans“, 270.

²⁹ Magnús Magnússon, „Aðdragandi að stofnun Raunvísindastofnunar Háskólans“, 270. – *Stjórnartíðindi* 1957 A, 181–83.

³⁰ Magnús Magnússon, „Aðdragandi að stofnun Raunvísindastofnunar Háskólans“, 268. – Páll Theodórsson, „Bernskuskeið eðlisfræðirannsóknna við Háskóla Íslands“, 46.

³¹ Magnús Magnússon, „Aðdragandi að stofnun Raunvísindastofnunar Háskólans“, 269.

³² Magnús Magnússon, „Aðdragandi að stofnun Raunvísindastofnunar Háskólans“, 269. – Magnús Magnússon, „Kjarnfræðanefnd Íslands“, 87.

³³ *Alþingistíðindi* 1956 C, 203. – Magnús Magnússon, „Aðdragandi að stofnun Raunvísindastofnunar Háskólans“, 269.



II. GRUNNMENTUNARSKÓLINN – II.7 NÝJAR RANNSÓKNARSTOFNANIR

Með háskólalögnum árið 1957 var þannig stofnað prófessors-embætti í eðlisfræði við Verkfræðideild.³⁴ Í lögum var kveðið á um að „[p]rófessorinn í eðlisfræði ... [væri] jafnframt forstöðumaður rannsóknarstofu til mælinga á geislavirkum efnum“, og var Þorbjörn Sigurgeirsson skipaður í þetta embætti.³⁵ Árið 1958 var Háskólanum enn fremur falið „að reka segulmælingastöð, sem Rannsóknarráð ríkisins hafði komið upp við Leiruvog í Mosfellssveit, og að annast bergsegulmælingar, sem áður fóru fram á vegum rannsóknarráðs.“ Þessi starfsemi var síðan sett undir einn hatt ásamt rannsóknarstofu um mælingar á geislavirkum efnum og nefndist sú rannsóknarstofa Eðlisfræðistofnun.³⁶

Aukinheldur skal hér getið nefndar nokkurrar er starfaði árið 1959 á vegum Rannsóknarráðs ríkisins undir forystu Björns Sigurðssonar formanns Rannsóknarráðs. Nefndin skyldi koma með tillögur um eflingu undirstöðurannsókna í raunvísindum á Íslandi, en Háskólinn átti í henni tvo fulltrúa. Í drögum að nefndaráli var það meginefni „að hér á landi yrði stofnað til grunnrannsókna í helztu greinum náttúruvísinda, þ.e. stærðfræði, eðlisfræði, efnafræði, jarðfræði, dýrafræði, líffræði og læknisfræði ...“ Björn Sigurðsson féll frá í október þetta sama ár, og lagðist þá nefndarstarfið niður en hafði engu að síður áhrif á þann framgang rannsókna í raunvísindum sem hér er til umræðu.³⁷

Hálfrar aldar afmæli Háskólans var nú í auglýsingu, og í mars 1961 setti Ármann Snævarr nefnd á fót sem hafði að markmiði „að gera grein fyrir þörfum á að bæta aðstöðuna við háskólann til raunvísindalegra undirstöðurannsókna svo og að gera tillögur um það efni“. ³⁸ En eins og rektor fjallaði um í ræðu við víslu húss Raunvísindastofnunar þann 12. júní 1966 taldi hann það vera meðal meginverkefna í sinni rektorstíð „að beita ... [sér] fyrir eflingu að raunvísindarannsóknum innan háskólans.“³⁹ Í nefndinni sátu prófessorarnir Magnús Magnússon, Trausti Einarsson, Leifur Ásgeirsson, Steingrímur Baldursson og Þorbjörn Sigurgeirsson, auk Gunnars Böðvarssonar verkfræðings, og var í fyrstu gert ráð fyrir að efla sérstaklega fjögur svið, þ.e. eðlisfræði, efnafræði, stærðfræði og jarðeðlisfræði.⁴⁰

Nefndin skilaði álitgerð þann 26. maí sama ár um „rannsóknastofnun í raunvísindum við Háskóla Íslands ... raunvísindastofnun“. Starfsemi stofnunarinnar skyldi í stórum dráttum vera þríþætt og áttu þar í fyrsta lagi að fara fram eftirfarandi rannsóknir:

³⁴ Guðni Jónsson, *Saga Háskóla Íslands*, 192.

³⁵ *Stjórnartíðindi* 1957 A, 241. – Guðni Jónsson, *Saga Háskóla Íslands*, 192.

³⁶ Guðni Jónsson, *Saga Háskóla Íslands*, 192. – Vilhjálmur Lúðvíksson, „Rannsóknarráð og mótun vísinda- og tæknistefnu á 20. öld“, 24.

³⁷ Magnús Magnússon, „Aðdragandi að stofnun Raunvísindastofnunar Háskólans“, 270.

³⁸ Magnús Magnússon, „Aðdragandi að stofnun Raunvísindastofnunar Háskólans“, 271–72.

³⁹ Páll Sigurðsson, *Úr húsnæðis- og byggingsögu* II, 275.

⁴⁰ Páll Sigurðsson, *Úr húsnæðis- og byggingsögu* II, 275.





Frá undirritun samninga um byggingu húss yfir Raunvísindastofnun árið 1964. Sitjandi frá vinstri: Ármann Snævarr háskóla- rektor, Ólafur Jensson verkfræðingur og Páll Ólafsson verkfræðingur. Standandi frá vinstri: Þorbjörn Sigurgeirsson prófessor, Pétur Jóhannesson trésmíðameistari, Ólafur Pálsson múrarameistari, Steingrímur Jónsson rafmagnsstjóri, Jóhannes Zoëga hitaveitustjóri, Skarphéðinn Jóhannsson arkitekt, Ögmundur Jónsson verkfræðingur, Kr. Guðmundur Guðmundsson tryggingafræðingur, Loftur Þorsteinson prófessor, Jóhannes L.L. Helgason forstjóri Háskóla- happdrættis, Trausti Einarsson prófessor.

Fyrirfram ákveðnar fastbundnar mælingar og reiknivinna og skyld störf, svo sem hagnýt tölfræði, útreikningar með rafreikni, rannsóknir í lífrænni efnafræði (t.d. eggjahvítu- og fituefna), massaspektrómétrískar mælingar, framleiðsla og mæling geislavirkra efna, rafeindarannsóknir, smíði rannsóknatækja, bergsegulmælingar, segulsviðsmælingar og rekstur segulmælingastöðvar, jónhvolfarannsóknir, norðurljósa- rannsóknir, geimgeislarannsóknir, athugun gervihnatta, þyngdarmælingar, jarðskjálftamælingar, rannsóknir á rennsli grunnvatns, jarðhitarannsóknir, jarðefnafræði.⁴¹

Þar fyrir utan skyldu fara fram á stofnuninni „tímabundnar sér- rannsóknir einstakra manna eða deilda“, og í þriðja lagi skyldu vísindamenn þar taka þátt í kennslu við Háskólann og þjálfa nemendur til vísindastarfa. Var gert ráð fyrir að 28 vísindamenn á hinum ýmsu sviðum raunvísinda störfuðu við stofnunina, og var tilgreint sérstaklega að átta þeirra skyldu vera styrkþegar sem fengju þar vinnuástöðu í takmarkaðan tíma. Jafnframt var gert ráð fyrir að aðstoðarmenn væru einnig 28 talsins. Í ágúst 1961 voru þessar tillögur kynntar á ráðstefnu um vísindarannsóknir á vegum Menntamálaráðuneytisins. Ein af niðurstöðum ráðstefnunnar var „að efla bæri undirstöðurannsóknir í raunvísindum við Háskóla Íslands“. Tillögurnar voru síðan lagðar fyrir ríkisstjórnina en hlutu litlar undir-

⁴¹ Magnús Magnússon, „Aðdragandi að stofnun Raunvísindastofnunar Háskólans“, 271–72.

II. GRUNNMENTUNARSKÓLINN – II.7 NÝJAR RANNSÓKNARSTOFNANIR

tektir, og heldur Magnús Magnússon því fram að ástæðan hafi að líkindum verið sú að þegar hafði verið ákveðið af hálfu ríkisstjórnarinnar að minnast 50 ára afmælis Háskólans með því að koma á fót handritastofnun.⁴²

Þeirri samkeppni milli handritafræða og raunvísinda sem hér var í uppsiglingu lauk þó betur en á horfðist, og enn var það gjöf frá utanaðkomandi aðila sem hjó á hnútinn. Fyrir forgöngu sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi, James Penfield, ákvað Bandaríkjastjórn að færa Háskóla Íslands fimm milljónir íslenskra króna að gjöf í tilefni af 50 ára afmælinu. Ákveðið var í samráði við háskólarektor að þessu fé yrði varið „til eflingar raunvísindarannsókna við Háskóla Íslands“ samkvæmt þeim tillögum sem nefndin á vegum Háskólans hafði lagt til í maí.⁴³ Skipti gjöf þessi sköpum fyrir framgang málsins, og ákveðið var að nota féð til að reisa byggingu sem rúmað gæti þá rannsóknarstarfsemi í raunvísindum.⁴⁴ Byggingin var síðan tilbúin árið 1966 þótt reyndar væri húsið ekki alveg fullbúið við vígsluna 12. júní. Var kostnaðurinn vegna hennar greiddur með gjafafé Bandaríkjastjórnar, fé frá Happraðtti Háskólans og fé úr ríkissjóði.⁴⁵

Nafn stofnunarinnar, Raunvísindastofnun Háskólans, var endanlega ákveðið með reglugerð sem sett var um hana þann 4. júní 1966.⁴⁶ Um leið var Eðlisfræðistofnun Háskólans lögð niður, og féll starfsemi hennar undir Raunvísindastofnun. Aðalmarkmið stofnunarinnar var að stunda „undirstöðurannsóknir á sviði stærðfræði, eðlisfræði, efnafræði og jarðeðlisfræði“, og skiptist hún samkvæmt þessu í fjórar stofur sem höfðu með höndum rannsóknir á umræddum fjórum fræðasviðum.⁴⁷

Raunvísindastofnun var fyrsta háskólastofnunin sem reglugerð var sett um, en slíkt hafði ekki verið gert áður með formlegum hætti. Eins og Magnús Magnússon rekur þá höfðu stofnanir verið „starfrættar í meiri eða minni tengslum við háskólann án reglugerðar og aðrar stofnanir ... [verið] settar á stofn með lögum ... [sem] höfðu lítil raunveruleg tengsl við háskólann“.⁴⁸ Með Raunvísindastofnun var þannig stigið skref í átt að auknu skipulagi og fastmótaðra kerfi Háskólans og íslenskra háskólamála.

Samkvæmt reglugerð heyrði stofnunin í fyrstu undir háskólaráð. Á því urðu þó fljótlega breytingar. Þannig kemur fram í bréfi undirrituðu af Magnúsi Magnússyni til rektors, fjórum árum eftir að stofnunin tók til starfa, að stjórn hennar áleit að deildarráð Verkfræði- og raunvísindadeildar ætti að fara með málefni hennar

⁴² Magnús Magnússon, „Aðdragandi að stofnun Raunvísindastofnunar Háskólans“, 272.

⁴³ Magnús Magnússon, „Aðdragandi að stofnun Raunvísindastofnunar Háskólans“, 272–73.


⁴⁴ Páll Sigurðsson, *Úr húsnæðis- og byggingarsögu II*, 275. – Magnús Magnússon, „Aðdragandi að stofnun Raunvísindastofnunar Háskólans“, 272–73. – Um aðkomu stjórnvalda í Bandaríkjunum að málinu fjallar Steindór J. Erlingsson í „Raunvísindi og kalda stríðið“, 3.

⁴⁵ Páll Sigurðsson, *Úr húsnæðis- og byggingarsögu II*, 275, 282.

⁴⁶ Magnús Magnússon, „Aðdragandi að stofnun Raunvísindastofnunar Háskólans“, 274.

⁴⁷ *Árbók Háskóla Íslands 1965–66*, 133–37. – *HÍ*. BA4: 181. Rektorskrifstofa 1967–1984. Bréfasafn. Ráðstefna námsmanna og sérfræðinga ... að frumkvæði Sambands ísl. stúdenta erlendis, 5.

⁴⁸ Magnús Magnússon, „Aðdragandi að stofnun Raunvísindastofnunar Háskólans“, 274.



Þorsteinn Sigfússon eðlisfræðingur, sérfræðingur á Raunvísindastofnun og síðar prófessor, að starfi á Raunvísindastofnun árið 1986. Tækið er tölvustýrt neista-skurðartæki til sýnagerðar í þéttiefnafræði, smíðað á stofnuninni.

en ekki háskólaráð. Eins og sagði í ályktuninni taldi stjórnin „eðlilegt, að stofnunin heyri undir verkfræði- og raunvísindadeild á þann veg, að deildarráð fjalli um málefni stofnunarinnar í stað háskólaráðs nú, að svo miklu leyti, sem ekki er um almenn háskólamála að ræða“.⁴⁹ Eins og sést í reglugerð um stofnunina frá árinu 1971 var henni breytt í samræmi við tillögu deildarráðs, og sagði nú í fyrstu grein hennar að Raunvísindastofnun væri „háskólastofnun, sem heyrir undir verkfræði- og raunvísindadeild, og fjallar deildarráð um málefni stofnunarinnar“.⁵⁰ Stofnunin var aftur á móti undir sérstökum lið á fjárlögum og fjárveitingatillögum voru sendar beint í Menntamálaráðuneytið og voru ekki lagðar fyrir háskólaráð, en afrit af þeim sent háskólarektor.⁵¹

Tilurð Raunvísindastofnunar markaði veruleg tímamót í sögu Háskólans, og má bera hana saman við Handritastofnun að því leyti. Rektor skólans var þannig ekki í vafa um hvað markverðast hefði gerst í sögu skólans á háskólaárinu 1965–66, en það væri „tvímælalaust ... að Raunvísindastofnun Háskólans hefir nú tekið til starfa“. Gerðist það formlega þann 12. júlí árið 1966.⁵²

⁴⁹ HÍ. BA4: 34. Rektorsskrifstofa 1963–1977. Bréfasafn. Raunvísindastofnun Háskólans. Magnús Magnússon til háskólarektors 5. ágúst 1970.

⁵⁰ HÍ. BA4: 34. Rektorsskrifstofa 1963–1977. Bréfasafn. Raunvísindastofnun Háskólans. Stj.tíð. B, nr. 4/1971. Sérprentun nr. 59.

⁵¹ Magnús Magnússon, „Aðdragandi að stofnun Raunvísindastofnunar Háskólans“, 274.

⁵² *Árbók Háskóla Íslands* 1966–67, 8. – Magnús Magnússon, „Aðdragandi að stofnun Raunvísindastofnunar Háskólans“, 274. – Stutt yfirlit yfir rannsóknir á vegum stofnunarinnar 1966–96 er í bæklingnum *Raunvísindastofnun Háskólans 30 ára*.

8. Skref í átt til rannsóknarháskóla

1. Rannsóknarumhverfi og rannsóknarandi

Þróun náms var í deiglunni, og Háskólanum var vissulega nauðsyn að endurskipuleggja nám og fjölga námsleiðum. En honum var ekki síður í mun að þróa skólann sem rannsóknarstofnun, og voru rannsóknir og rannsóknarstarfsemi um leið meðal þeirra meginmála sem til umræðu voru innan Háskólans á síðari hluta sjöunda áratugarins. Hér má nefna að þann 14. ágúst 1969 var samþykkt í háskólaráði tillaga rektors sem m.a. kvað á um að „háskólaráð ... [lýsti] yfir þeirri skoðun sinni, að sem mest af rannsóknarstarfsemi, einkum undirstöðurrannsóknir, skuli lagðar til Háskólans“. Að auki skyldi samþykkt að „stofna til endurskoðunar á löggjöf um rannsóknarstofnanir með það fyrir augum að kanna, hvort ekki sé rétt að tengja þær að nokkru eða öllu við Háskólann“.¹

Hér var á ferð fornt þema í sögu stofnunarinnar eins og fjallað er um í kafla Guðmundar Hálfðanarsonar um málefni Atvinnudeildar,² og endurspegladist það að mörgu leyti í umræðum um rannsóknarmál á síðari hluta sjöunda áratugarins. Í fyrsta lagi sýna þessar umræður bæði metnað og áhuga innan Háskólans á því að byggja upp „rannsóknarumhverfi“ og „rannsóknaranda“, svo að vitnað sé til orða Hreins Benediktssonar.³ Ennfremur sýna þær að háskólayfirvöld reyndu að endurvekja tilraunir til að skipa svokölluðum undirstöðurrannsóknnum í raunvísindum undir Háskólann.⁴ Þá voru á sjöunda áratugnum áberandi tilraunir til að koma auknu skipulagi á bæði fræðasvið og deildir innan Háskólans. Síðast en ekki síst voru enn á ferð tilraunir til að tengja betur saman kennslu og rannsóknir.

Þessi stefnumið birtust víða innan Háskóla Íslands á þessum árum, m.a. í tillögum um stofnun nýrra kennaraembætta. Ennfremur má nefna umræðuna um stundakennslu við Háskólann sem hluta þessa máls. Þá voru tengsl kennslu og rannsóknna ákveðið meginmarkmið þegar nýjum stofnunum var komið á fót innan Háskólans.

Hér skal vikið að svokallaðri kennaraáætlun eða áætlun um fjölgun kennara við Háskóla Íslands, en á hana má líta sem nokkurs

¹ *Árbók Háskóla Íslands* 1968–69, 42. – Ólafur Rastrick og Sumarliði R. Ísleifsson, *Stjórnarráð Íslands 1964–2004* II, 115.

² Sjá kafla 1.5.3 „Fordild háskólaráðs.“

³ Hreinn Benediktsson, „Háskólinn og handrita-stofnun“, 18.

⁴ *Árbók Háskóla Íslands* 1965–66, 12.

konar forvera skýrslunnar Efling Háskóla Íslands að því leyti að hún var sú fyrsta af slíkum framtíðaráætlunum sem gerð var um málefni Háskólans. Upphaf hennar var það að sumarið 1961 hafði háskólaráð farið þess á leit við deildir skólans að þar yrðu gerðar „ítarlegar og rökstuddar áætlanir og tillögur um þörf á auknu kennaraliði næsta áratuginn“. Bárust tillögurnar síðan háskólaráði í janúar 1963,⁵ og var áætlunin samþykkt á Alþingi ári síðar.⁶

Í ræðu sinni á háskólahátíð árið 1965 gerði rektor grein fyrir málinu, en sá hluti ræðunnar var einnig tekinn upp og birtur í dagblaðinu *Vísir* nokkrum dögum seinna.⁷ Rakti rektor í fyrsta lagi þáverandi fjölda kennara við skólann, og kom fram í máli hans að „[v]ið Háskólann í heild sinni ... [störfuðu] nú 41 prófessor eða menn með prófessorslaunum, 27 dósentar, 9 lektorar og 29 aðrir aukakennarar eða samtals röklega 100 kennarar“. Í öðru lagi ræddi rektor þá aukningu sem stæði fyrir dyrum, en fram kom að gert væri ráð fyrir að 17 prófessorsembætti yrðu lögfest á árunum 1964–72.⁸ Í máli hans var einnig komið inn á hversu margir nemendur væru um hvern kennara. „Lætur nærri að 1 kennari komi á hverja 10 stúdenta, og þykir það hlutfall hagstætt, miðað við það, sem títt er erlendis.“⁹

Fylgdi þó böggull skammrifi eins og fram kom í ræðu rektors. „Við slíkan samanburð þarfnast ... margt athugunar“ og þá m.a. það „að meirihluti kennaranna eru aukakennarar, sem yfirleitt hafa ekki tök á að helga sig rannsóknarverkefnum, og er kennsluástaða þeirra vissulega örðug. Til samanburðar má geta þess, að í brezkum háskólum eru aðeins fáein prósent af kennurum aukakennarar.“ Sagði Ármann Snævarr að „[t]il lengdar ... [væri] það ekki fær leið fyrir Háskólann að byggja svo mjög á aukakennurum sem nú, og tek ég þó fram, að þeir kennarar leysa prýðilega af hendi störf sín, eftir því sem til er stofnað. Störf þeirra eru og illa launuð, og þarf það mál allt skjótra umbóta.“ Í þessu samhengi fagnaði rektor því samt einnig að nýverið höfðu verið skipaðir lektorar í íslenskum fræðum og taldi að þar með væri ráðin bót á vanda sem hefði skapast þegar dósentstöður voru aflagðar átta árum áður. „Skipun lektoranna nýju í íslenskum fræðum er athyglisverð frá þessu sjónarmiði, og er það von mín, að þar sé brotið blað.“ Sagði hann að við Háskólann væri rík þörf fyrir starfsmenn á borð við lektorana og lét þess um leið getið að það væri „eftirsjá að dósentstöðunum, sem voru hér við Háskólann fram til 1957“.¹⁰

⁵ *Árbók Háskóla Íslands* 1962–63, 29.

⁶ *Alþingistíðindi* 1964 B, 180–82.

⁷ *Árbók Háskóla Íslands* 1965–66, 8–9. – *Vísir* 26. okt. 1965, 3.

⁸ *Árbók Háskóla Íslands* 1965–66, 8–9.

⁹ *Árbók Háskóla Íslands* 1965–66, 8.

¹⁰ *Árbók Háskóla Íslands* 1965–66, 8–9.



II. GRUNNMENTUNARSKÓLINN – II.8 SKREF Í ÁTT TIL RANNSÓKNARHÁSKÓLA

Fræðimenn á Stofnun Árna Magnússonar skoða Konungsbók Eddukvæða vegna áforms um að gefa handritið út ljósprentað árið 1986 í tilefni af 75 ára afmæli Háskólans. Frá vinstri: Jón M. Samsonarson, Ólafur Halldórsson, Stefán Karlsson og Jónas Kristjánsson.



Í umræddri tölu háskólarektors á háskólahátíð 23. október 1965 var þannig hreyft við málum á borð við samsetningu kennarahópsins og hátt hlutfall stundakennara, og ennfremur að kennsla annars vegar og rannsóknir hins vegar skyldu vera hliðar á sama peningi.¹¹ Hreinn Benediktsson prófessor gerði tengsl kennslu og rannsókna að umræðuefni í grein um stofnun Handritastofnunar. Ræddi hann um hina fyrirhuguðu húsbyggingu, er síðar varð Árnagarður, þar sem íslenskum fræðum skyldi komið fyrir og sagði að ljóst mætti vera „að þessi bygging muni marka tímamót í sögu háskólans, þar sem þarna er í fyrsta sinn skapaður grundvöllur að háskólastofnun í hugvísindum, þ.e. stofnun, er annist jafnhliða vísindalegar rannsóknir og vísindalega fræðslu, í samræmi við meginhlutverk háskólans“.¹²

Sama umræða fór einnig fram í tengslum við tilurð Raunvísinda-stofnunar, en í áður nefndri ræðu árið 1965 lét rektor svo um mælt að með tilkomu hennar hæfist „um margt nýr kafli í sögu Háskólans“. Ennfremur gerði hann grein fyrir því að sú „stefna ... [hefði] verið mörkuð, að undirstöðurannsóknum í raunvísindum verði skipað undir yfirstjórn Háskólans, og hlýtur Háskólinn að vænta þess, að skipulagning rannsóknarstarfseminnar verði með þeim hætti í framtíðinni“.¹³

Tengsl rannsóknarstofnana við Háskólann voru í brennidepli hér, og kvað rektor nokkuð fast að orði þegar hann lýsti skoðun sinni á

¹¹ *Árbók Háskóla Íslands* 1965–66, 23.

¹² Hreinn Benediktsson, „Háskólinn og handrita-stofnun“, 18.

¹³ *Árbók Háskóla Íslands* 1965–66, 12.



hvernig þeim skyldi háttað. „Í örlitlu þjóðfélagi, þar sem fémunir eru takmarkaðir til rannsókna og þar sem vísindalegur mannaflí er eðlilega lítill, verður að teljast mikilvægt að skipa rannsóknarstofnunum saman í nokkra skipulagslega heild.“ Sagði rektor að hér á landi skorti mjög „rannsóknarumhverfi, sem skapast ekki sízt af samvistum rannsóknarmanna og því, að rannsóknir og kennsla tengist með nokkrum hætti í hinum eina háskóla þjóðfélags vors. Samfelld rannsóknahverfi skipta í þessu efni miklu máli.“¹⁴

Hér kom einnig fram að háskólayfirvöld voru engan veginn sáttt við ný lög um Atvinnudeild Háskólans né heldur við skipulag nýrrar Náttúrufræðistofnunar. Sagði rektor að „Háskólaráð ... [hefði] skorinort lýst þeirri afstöðu sinni við ráðuneyti og Alþingi, að það telur, að stefna hefði átt að því að efla tengsl Atvinnudeildar Háskólans við Háskólann með nýjum lögum, en ekki hið gagnstæða, og háskólaráð hefir einnig lýst því, að mikilvægt sé, að Náttúrufræðistofnunin nýja sé í tengslum við Háskólann, enda er henni að lögum ætlað að vinna að undirstöðurannsóknum.“ Hér er vísað til laga sem samþykkt voru árið 1965 „um rannsóknir í þágu atvinnuveganna og um náttúrurannsóknir og Náttúrufræðistofnun Íslands“.¹⁵

2. Tengsl Háskólans og rannsóknarstofnana

Mögulega má líta á áðurnefndar umræður sem ákveðinn upptakt að þeirri sjálfsrýni sem Háskólinn var nú að takast á hendur. En það virðist ljóst að samhliða útkomu Háskólaskýrslunnar svonefndu hafi skólinn hafið öflugna sjálfsskoðun eða skoðun á málum sem snertu hið innra skipulag hans. Um þetta bera vitni bæði nefndarskipanir og nefndarálit auk funda og málþinga sem haldin voru.

Þetta birtist einnig í tengslum við nýja lagasetningu um Háskólann árið 1969. Í athugasemdum við frumvarpið var lögð mikil áhersla á það meginatriði í endurskoðun háskólalaganna að „efla Háskólann ... með nýjum rannsóknarstofnunum og tengja meira en nú er kostur kennslu og rannsóknir“. Hafa yrði í huga að Háskólinn væri „rannsóknarstöð, og háskólakennsla, sem styðst ekki við rannsóknir, fullnægir ekki því hlutverki, sem háskóla er ætlað að sinna“. Háskólanefndin svokallaða hefði einmitt verið skipuð til að finna leiðir til úrlausna í þessu efni.¹⁶

Svipuð umræða kemur vel fram í tillögum til ályktunar „almenns kennarafundar í Háskóla Íslands“ sem var birt sem fylgiskjal með háskólaskýrslunni árið 1969. Í fyrsta lið ályktunarinnar sagði að

¹⁴ *Árbók Háskóla Íslands* 1965–66, 12.

¹⁵ *Árbók Háskóla Íslands* 1965–66, 12–13. – Um lög um rannsóknir í þágu atvinnuveganna árið 1965 fjallar Vilhjálmur Lúðvíksson í „Rannsóknaráð og mótun vísinda- og tæknistefnu á 20. öld“, 31–32. – Sjá einnig *Stjórnartíðindi* 1965 A, 131–42.

¹⁶ *Alþingistíðindi* 1968 A2, 1426–27.

II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN – II.8 SKREF Í ÁTT TIL RANNSÓKNARHÁSKÓLA

Orðabók Háskólans var sjálfstæð rannsóknarstofnun við Háskóla Íslands frá 1947 til 2006, þegar hún var sameinuð öðrum stofnunum á sínu sviði í Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Myndin var tekin í tilefni af því að byrjað var að tölvuvinna orðasafnið árið 1983. Við tölvuna situr Jörgen Pind ritstjóri á Orðabók, að baki honum standa Jón Aðalsteinn Jónsson, forstöðumaður Orðabókar (t.v.), og Jón G. Friðjónsson, formaður stjórnar Orðabókar.



fundurinn legði á það áherslu að „Háskóli Íslands verði efldur sem vísindaleg rannsóknar- og fræðslustofnun eins og háskólalög (1. gr.) mæla fyrir um“. Í annari grein var síðan sett fram afstaða fundarins til stöðu Háskólans meðal íslenskra fræðastofnana, en þar var látið svo um mælt að skólinn skyldi vera „sú stofnun á Íslandi, sem öðrum fremur eigi að sinna undirstöðurrannsóknum í þeim vísindagreinum, sem hér á landi eru stundaðar“.¹⁷

Ýmsar athugasemdir fundarins stinga nokkuð í augu og benda til að innan Háskólans sjálfs hafi ríkt verulegt skipulagsleysi. Virðist það hafa gilt um ráðningar kennara og skipulag fræðasviðanna innan hinna ýmsu deilda, en svo lítur út sem ákveðin grundvallaratriði á borð við undir hvaða deildir hinar ýmsu fræðigreinar heyrðu hafi verið nokkuð á reiki. Við þetta bættist að enn virðast ekki hafa verið fyrir hendi skýrar reglur um hvernig prófessorsembætti væru skilgreind. Segir m.a. í greinargerð undirbúningsnefndar kennarafundarins að hverju sinni verði „að vera ljóst í hverri háskóladeild, hvaða fræðigreinar falla undir hana og hvaða kennarastöðum hún ræður yfir í hverri grein“. Gerði nefndin einnig þá athugasemd að það samræmdest ekki þeim hugmyndum um

¹⁷ *Efling Háskóla Íslands* II. Ýmis gögn. Ályktunartillögur ásamt greinargerð o.fl. frá undirbúningsnefnd almenns kennarafundar í Háskóla Íslands, 1.

háskóla sem lagðar væru til grundvallar „að auglýsa t.d. prófessors-embætti í guðfræðideild án nánari afmörkunar“. Í tillögum til ályktunar fundarins var þetta sjónarmið ítrekað, en þar sagði að taka yrði „skýrt fram, er nýr kennari er skipaður eða ráðinn, á hvaða sérsviði hann skuli starfa, en ekki einungis í hvaða háskóladeild“.¹⁸ Annað gæti stefnt faglegum sjónarmiðum í voða en „[ó]ljós eða engin afmörkun fræðasviðs innan deildar býður heim hættu á káki og undanbrögðum“.¹⁹

Segja má að umrædd greinargerð sé heimild um að Háskólinn átti ekki aðeins við vanda að stríða sem snerti fjárhag og aðstöðuleysi heldur einnig skipulag sjálfrar háskólastarfseminnar. Þetta birtist t.d. í 9. grein greinargerðarinnar, en þar sagði: „Hér er gert ráð fyrir því, að það, sem kallað er háskóli, sé ekki einn einstakur skóli, heldur miklu fremur kerfi af skólum, heilt skólakerfi, og hafi *skóli* þá ... víðari merkingu en vant er.“ Um leið var hamrað á því atriði að hver deild skyldi sinna ákveðnum afmörkuðum kennslusviðum en „gert [er] ráð fyrir því, að í hverri háskóladeild séu afmörkuð fræðasvið eða greinar og skýrt sé kveðið á um sérgrein hvers kennara“. Þá sagði að „[þ]ar sem kennarar ... [væru] margir í sömu grein ... [myndaðist] eins konar skóli í greininni, sem hér er lagt til, að verði mótaður með sérstakri reglugerð og kallaður (deildar)-stofnun. Prófessorinn í greininni er sjálfkjörinn forstöðumaður stofnunarinnar.“²⁰

Háskólinn var nú greinilega fastráðinn í að breytinga væri þörf. Á fundi háskólaráðs þann 14. ágúst 1969 var samþykkt að kosin skyldi nefnd til að athuga hvernig best skyldi hagað „tengslum Háskólans og rannsóknarstofnana hans“. Nefndin átti þannig m.a. að fjalla um stjórn stofnananna og einnig um stöðu vísindalegra starfsmanna þeirra. Þar var m.a. átt við rannsóknar- og kennsluskyldu þeirra, rannsóknaraðstöðu sem og hvaða starfsheiti þeir skyldu bera. Í nefndina voru kosnir prófessorarnir Gaukur Jörundsson, er var formaður nefndarinnar, Halldór Halldórsson, Ólafur Bjarnason, Magnús Magnússon, Guðmundur Eggertsson og auk þeirra Halldór Elíasson sérfræðingur á Raunvísindastofnun. Á fundi sínum þann 4. september 1969 fylgdi háskólaráð skipun nefndarinnar eftir með ályktun sem henni var ætlað að taka mið af við nefndarstörf. „Háskólaráð beitir sér fyrir því, að rannsóknarstöður á rannsóknarstofnunum í tengslum við Háskólann skuli að jafnaði vera kennaraembætti (prófessors- dósents- eða lektorsstöður) við

¹⁸ *Efning Háskóla Íslands* II. Ýmis gögn. Ályktunartillögur ásamt greinargerð o.fl. frá undirbúningsnefnd almenns kennarafundar í Háskóla Íslands, 1, 5.

¹⁹ *Efning Háskóla Íslands* II. Ýmis gögn. Ályktunartillögur ásamt greinargerð o.fl. frá undirbúningsnefnd almenns kennarafundar í Háskóla Íslands, 5.

²⁰ *Efning Háskóla Íslands* II. Ýmis gögn. Ályktunartillögur ásamt greinargerð o.fl. frá undirbúningsnefnd almenns kennarafundar í Háskóla Íslands, 6. Leturb. í heimild.

II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN – II.8 SKREF Í ÁTT TIL RANNSÓKNARHÁSKÓLA

Háskólann, enda taki Háskólinn þátt í kostnaði vegna rannsókna viðkomandi starfsmanns.²¹

Tæpu ári eftir að nefndin var skipuð, eða í júní 1970, skilaði hún síðan plaggi upp á rúmlega 40 síður þar sem málið var tekið til vandlegrar athugunar. Bar það yfirskriftina „Nefndarálit um tengsl háskólans við rannsóknarstofnanir og um stöðu vísindalegra starfsmanna“.²² Í nefndarálitinu var lögð áhersla á eftirfarandi atriði: Í fyrsta lagi að kennslustöður við Háskólann yrðu um leið að vera rannsóknarstöður. Ekki væri fullnægjandi að kennarar stunduðu kennslu án þess að hún ætti sér stöð í rannsóknum á kennslusviðinu. Í öðru lagi að akademískt hæfnismat yrði ævinlega að liggja til grundvallar ráðningu á prófessorum og dósentum. Og í þriðja lagi að stefnt yrði að því að rannsóknarstofnanir á hinum ýmsu sviðum tengdust Háskólanum og háskólakennslu.

Í álitinu var vísað til laga um Háskóla Íslands sem kvæðu á um að hann „skuli vera vísindaleg rannsóknarstofnun og vísindaleg fræðslustofnun“ og ennfremur að „prófessorar, dósentar og lektorar ... [skyldu] ráðnir til kennslu og rannsókna“. Nefndin hamraði á þessu grundvallaratriði í lögum um Háskólann og ítrekaði að þau kvæðu skýrt á um það að „starfssvið Háskólans sé bæði rannsóknir og kennsla og að háskólakennarar í fullu starfi skuli sinna bæði rannsóknum og kennslu“. Það var raunar ekki að ófyrirsynju að þetta var undirstrikað svo mjög því eins og kom fram í álitinu þá var „í mörgum greinum ... aðeins aðstaða til kennslu, svo að starfsmenn Háskólans geta ekki sinnt öllu því starfi, sem þeir hafa verið ráðnir til samkvæmt lögum“. Til að ráða bót á þessu sagði nefndin að nauðsynlegt væri að skipuleggja stofnunina þannig að „hverjum vísindalega menntuðum starfsmanni hans í fullu starfi verði veitt aðstaða til að vinna að rannsóknum jafnframt kennslu“.²³

Nefndin setti fram nokkur atriði sem hún áleit mikilvæg til að þessu markmiði yrði náð, og má segja að þar hafi verið á ferð nokkurs konar grundvallaratriði í starfsemi háskóla. Í fyrsta lagi þyrfti að setja á stofn rannsóknarstofur eða rannsóknarstofnanir við Háskólann innan flestra greina sem þar væru kenndar. Þó væri í sumum greinum rétt að starfsmenn skólans fengju rannsóknarstöðu á stofnunum utan skólans, og ætti það einkum við um stofnanir sem störfuðu að hagnýtum rannsóknum og um sjúkra stofnanir. Í annan stað var það sérstakt áhersluatriði nefndarinnar að Háskólinn yrði skipulagður þannig að kennslu og rannsóknum á

²¹ HÍ. BA4: 181. Rektorskrifstofa 1967–1984. Bréfasafn. Nefndarálit um tengsl háskólans við rannsóknarstofnanir og um stöðu vísindalegra starfsmanna, 1.

²² HÍ. BA4: 181. Rektorskrifstofa 1967–1984. Bréfasafn. Nefndarálit um tengsl háskólans við rannsóknarstofnanir og um stöðu vísindalegra starfsmanna.

²³ HÍ. BA4: 181. Rektorskrifstofa 1967–1984. Bréfasafn. Nefndarálit um tengsl háskólans við rannsóknarstofnanir og um stöðu vísindalegra starfsmanna, 12.



Fyrsta skóflustungan tekin að húsi Raunvísindastofnunar sunnan við auðan vegg Háskólabíós vorið 1964.

hinum ýmsu fræðasviðum yrði komið fyrir undir hatti einnar háskóladeildar. Samkvæmt þessu skyldi „setja um það ákvæði í reglugerð Háskólans, hvaða fræðasvið skuli stunduð á vegum hverrar deildar“ og sömuleiðis skyldi „[v]ið ráðningu kennara ... tekið fram, á hvaða fræðasviði honum er ætlað að starfa“.²⁴

Í þessu sambandi útskýrði nefndin hvernig málum hefði verið háttað innan Háskólans. Þannig sagði í álitinu að víða væru „kennslugreinar úr sama fræðasviði í fleiri en einni deild“. Þetta væri „skaðlegt fyrir starfsemi Háskólans“, vegna þess að kennarar á hinum tilteknu fræðasviðum væru „dreifðir og þeim gert að leita stuðnings hugmyndum sínum um þróun og eflingu kennslu og rannsóknna til margra ákvörðunaraðila“. Það leikur varla á tveim tungum að nefndin hafði mikið til síns máls í þessu efni því eins og hún orðaði það þá teldi „enginn einn þessara aðila ... sig hafa sérstökum skyldum að sinna á viðkomandi fræðasviði“. Með öðrum orðum voru engir skilgreindir ábyrgðaraðilar eða stofnanir sem bæru meginábyrgð á tilteknum rannsóknarsviðum, og hlaut því að vera að nokkru leyti undir hælinn lagt hvernig rannsóknum fleytti fram. Þetta var líka raunin að mati nefndarinnar, og tók hún faggreininna tölfræði sem dæmi um hvernig málum væri fyrir komið. Hún væri einmitt dæmi um fræðasvið sem hefði „ekki ... notið forsjár ákveðinnar deildar“. Kennsla á þessu sviði hefði hingað til verið með þeim hætti að hver deild hefði ráðið til sín stundakennara eða

²⁴ HÍ. BA4: 181. Rectorskrifstofa 1967–1984. Bréfasafn. Nefndarálit um tengsl háskólans við rannsóknarstofnanir og um stöðu vísindalegra starfsmanna, 12–13.

II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN – II.8 SKREF Í ÁTT TIL RANNSÓKNARHÁSKÓLA

„aukakennara“, en slíkt fyrirkomulag bitnaði á rannsóknarstarfsemi innan skólans. „Með slíku skipulagi fæst lítið tölfræðilegt starf leyst af hendi við Háskólann miðað við þá fjármuni, sem í starfið eru lagðir.“²⁵

Þá sagði ennfremur að eins og málum væri nú háttað væri „unnt að ráða sérfræðinga, sem hafa aðalstarf sitt utan Háskólans, í lektorsstöður“. Vandinn við þetta fyrirkomulag að mati nefndarinnar var þó að það gerði ekki ráð fyrir tengslum milli rannsókna þess sérfræðings sem ráðinn var og kennslu hans. Tók nefndin dæmi af tengslum verkfræðilegra greina við rannsóknarstofnanir atvinnuveganna, en „seinnihlutakennsla“ í þeim fögum hlyti að byggjast verulega á því starfi eða þeim rannsóknum sem þar færu fram. Vegna þessa þyrfti „að vera unnt að ætlast til, að þessar rannsóknarstofnanir hafi það frumkvæði að uppbyggingu rannsókna og kennslu, sem annars er eingöngu krafizt af prófessorum og dósentum við Háskólann sjálfan“. Þessi samræming milli kennslu innan Háskólans og rannsóknarstofnana utan hans var megináhersluatriði nefndarinnar, og fylgdi hún þar ályktun háskólaráðs. Sagði hún það nauðsynlegt að „ef mikilvægar rannsóknarstofnanir verða áfram utan Háskólans ... [verði] við þessar rannsóknarstofnanir ... akademiskar stöður með kennsluskyldu við Háskólann. Þessar stöður verði nánar skilgreindar í lögum og reglugerð fyrir viðkomandi rannsóknarstofnun og uppfylli þær kröfur, sem Háskólinn fyrir sitt leyti gerir til slíkra stöðuveitinga.“²⁶

Fram kemur að umræður á borð við þessar lágu til grundvallar nýjum lögum um Háskólann 1969, en þar hafði 9. grein laganna frá 1957 verið breytt til að hnykkja á mikilvægi rannsóknarstofnana og tengsla þeirra við háskóladeildir og háskólaráð. Sagði þannig nú í umræddri lagagrein að „[v]ið Háskólann ... [störfuðu] rannsóknarstofnanir samkvæmt ákvörðun háskóladeilda og háskólaráðs og með samþykki menntamálaráðherra, og skulu þær að jafnaði heyra undir háskóladeild. Í reglugerð eða samþykktum má m.a. kveða á um starfssvið stofnunar, stjórn hennar og tengsl við háskóladeild og háskólaráð.“²⁷

Að lokum skal geta umræðna er fram fóru á ráðstefnu „námsmanna og sérfræðinga í stærðfræði, eðlisfræði og jarðeðlisfræði“ í ágúst 1967 þar sem einnig var rætt um svipuð efni. Til ráðstefunnar var boðað að frumkvæði Sambands íslenskra stúdenta erlendis (SÍSE).²⁸ Var hún haldin í fundarsal Raunvísindastofnunar

²⁵ HÍ. BA4: 181. Rektorskrifstofa 1967–1984. Bréfasafn. Nefndarálit um tengsl háskólans við rannsóknarstofnanir og um stöðu vísindalegra starfsmanna, 13.

²⁶ HÍ. BA4: 181. Rektorskrifstofa 1967–1984. Bréfasafn. Nefndarálit um tengsl háskólans við rannsóknarstofnanir og um stöðu vísindalegra starfsmanna, 26.

²⁷ *Stjórnartíðindi* 1970 A, 444, 446. – *Stjórnartíðindi* 1957 A, 236. – *Árbók Háskóla Íslands* 1973–76, 333.

²⁸ Árið 1969 var nafninu breytt í Samband íslenskra námsmanna erlendis, SÍNE, í tengslum við breyttar reglur um aðild að sambandinu. – „Afmæli. Samband íslenskra námsmanna erlendis 30 ára“, 3.

Háskóla Íslands, og sátu hana um 25 sérfræðingar og 15 námsmenn. Markmið hennar var þrenns konar. Í fyrsta lagi skyldi farið í saumana á því hvernig rannsóknarstarfsemi væri nú þegar framkvæmd á Íslandi í umræddum greinum. Þá skyldi fjallað um „fram-tíðaráætlanir“ og hvernig atvinnuöguleikum væri háttað. Í þriðja lagi var markmiðið að „skapa kynni á milli starfandi vísindamanna og námsmanna“.²⁹

Á ráðstefnunni var vandlega fjallað um skipulag á starfsemi Raunvísindastofnunar, og í umræðum um málefni hennar setti Halldór Elfásson fram þá skoðun að tengslin á milli Raunvísindastofnunar og Háskólans væru of laus. Eina samband stofnunarinnar við Háskólann fælist þannig í því að málefni hennar væru tekin fyrir í háskólaráði og að deildarstjórnir væru yfirleitt prófessorar.³⁰

Ein helsta gagnrýnin sem fram kom í máli Halldórs var sú að eins og málum væri fyrir komið þá væru „stöður sérfræðinga við stofnunina ekki akademískar“ þótt stofnuninni væri að „nokkru leyti stjórnað af Háskólaráði“. Að hans mati var hér um að ræða „skringilegt samband“, og hlyti það að setja „óeðlilegan blæ á starfsemi stofnunarinnar, sem ætti að heita akademísk rannsóknarstofnun, og gera stjórn hennar erfiða“. Undir þetta tók einnig Magnús Magnússon prófessor. Hann var sammála því að æskilegt væri að styrkja tengslin milli Raunvísindastofnunar og Háskólans og „eðlilegast að stöður yrðu akademískar líkt og tíðkaðist við erlenda háskóla“. Þá lýsti Magnús því að mál þetta hefði verið rætt þegar reglugerð stofnunarinnar var samin. Þó hefðu, eins og hann orðaði það, „ákveðnir erfiðleikar orðið þess valdandi að núverandi skipulag var sett á“.³¹

Vissulega var það hörð gagnrýni sem hér kom fram á Háskólann, en einnig má líta á þetta mál sem dæmi um hvernig vanefni mótuðu skipulag hans og hvernig hann síðan brást við þeim og leitaði úrbóta, oft á bæði kröftugan og skipulagðan hátt.

3. Stundakennsla

Málefni hinna svokölluðu „aukakennara“ eða stundakennara við Háskóla Íslands var eitt þeirra efna sem mjög komu við sögu í þróun skólans á sjöunda og áttunda áratugnum. Hafði það margar hliðar, og snerti ein þeirra þann skort á kennslustöðum sem skólinn bjó við. Í þessu samhengi má minna á tillögur um kennslu til BA-prófa þar sem drepit var á þetta mál og því haldið fram að þar

²⁹ HÍ. BA4: 181. Rektorskrifstofa 1967–1984. Bréfasafn. Ráðstefna námsmanna og sérfræðinga ... að frumkvæði Sambands ísl. stúdenta erlendis, 3.

³⁰ HÍ. BA4: 181. Rektorskrifstofa 1967–1984. Bréfasafn. Ráðstefna námsmanna og sérfræðinga ... að frumkvæði Sambands ísl. stúdenta erlendis, 10.

³¹ HÍ. BA4: 181. Rektorskrifstofa 1967–1984. Bréfasafn. Ráðstefna námsmanna og sérfræðinga ... að frumkvæði Sambands ísl. stúdenta erlendis “, 10–11.

II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN – II.8 SKREF Í ÁTT TIL RANNSÓKNARHÁSKÓLA

lægju rætur þess vanda Heimspekideildar að BA-námið væri í of lausum tengslum við annað nám í deildinni.³² Hér má einnig vitna í Sögu Háskóla Íslands eftir Guðna Jónsson þar sem fjallað er um þetta mál, en þar segir að „[k]ennarar í námsgreinunum til B.A.-prófs ... [séu] allir aukakennarar við heimspekideildina og ... [gegni] aðalstarfi annars staðar. Hjá flestum þeirra er háskóla-kennslan stundakennsla.“³³

Í annarri deild skólans, Verkfræðideild, voru málefni stundakennara mjög til umræðu á sjöunda áratugnum. Bæði voru stundakennarar fjarri því að vera ánægðir með kjör sín og forsvarsmenn deildarinnar lítt sáttir við hversu mjög deildin þyrfti að reida sig á þá sem vinnuafli. Árið 1965 bar til tíðinda í þessum efnum, en um haustið það ár tók hópur stundakennara sig saman með það fyrir augum að gera skurk í sínum málum. Þann 14. september var Verkfræðideild sent bréf þar sem launamál þeirra voru útskýrð, og kom fram að um lágar fjárhæðir var að ræða. Kennararnir sögðust telja „mál þetta mjög alvarlegs eðlis“ og óskuðu eftir breytingum þegar í stað, á þann veg að greiddur yrði „a.m.k. einn tími vegna undirbúnings fyrir hverja kennslustund“. Þá var beðið um að málið yrði til lykta leitt áður en kennsla hæfist. Undir bréfið rituðu sjö stundakennarar.³⁴

Ekki virðist þetta þó hafa dugað til að eitthvað yrði aðhafst í málinu. Í bréfi dagsettu þann 4. október 1965 sögðu sömu stundakennarar að einum undanskildum „allri kennslu við verkfræðideildina lausri frá næstu misseraskiptum“, ef ekki yrði „samið um breytingu á greiðslu fyrir stundakennslu fyrir 1. nóv.“³⁵ Umrædd hótun um uppsagnir náði eyrum háskólayfirvalda sem hefur vart litist á blikuna ef svo stór hópur kennara hyrfi frá störfum. Í bréfi í lok október 1965 sagðist rektor vissulega hafa kosið að laun fyrir stundakennslu „hefðu verið miklu ríflegri“. Þá sagði hann einnig að mál stundakennaranna hefði verið rætt „ítarlega við stjórnvöld og ... [hefði] deildarforseti lagt í það mikla vinnu“. Það væri von Háskólans að laun stundakennara hækkuðu og að skólinn mundi „einskis láta ófreistað til að rökstyðja þær óskir“.³⁶

Þegar komið var fram um miðjan nóvember 1965 var enn ekki kominn botn í málið, en þá skrifaði Magnús Magnússon, deildarforseti Verkfræðideildar, bréf til rektors þar sem hann tjáði honum gang þess. Í bréfi Magnúsar kom fram að málið hefði verið flutt við menntamálaráðherra „en engin lausn ... fengizt“. Þó hefði ráðherra

³² HÍ. BA4: 122. Nefndarálit um tillögur um kennslu til B.A.- og B.A.M.-prófa við Háskóla Íslands.

³³ Guðni Jónsson, *Saga Háskóla Íslands*, 143.

³⁴ HÍ. BA4: 7. Rektorskrifstofa 1960–1984. Bréfasafn. Bréf til verkfræðideildar Háskóla Íslands frá sjö kennurum 14. sept. 1965.

³⁵ HÍ. BA4: 7. Rektorskrifstofa 1960–1984. Bréfasafn. Bréf til verkfræðideildar Háskóla Íslands frá sex kennurum 4. okt. 1965.

³⁶ HÍ. BA4: 7. Rektorskrifstofa 1960–1984. Bréfasafn. Bréf til kennara í verkfræðideild frá rektor 27. okt. 1965.

óskað eftir því við Háskólann að „öll aukakennsla ... [yrði] tekin til athugunar“.³⁷

Ofangreind bréfaskipti stundakennara við yfirvöld innan Háskólans gefa ágæta innsýn í mál sem litaði sögu skólans á því tímabili sem hér um ræðir, þ.e.a.s. tilraunir stundakennara til að bæta kjör sín og um leið fyrirkomulag og uppbyggingu kennslunnar innan skólans. Þessi barátta, ásamt ábendingum um að þáttur stundakennslu í kennslu við skólann væri of mikill, virðist hafa orðið endurtekið stef í sögu stofnunarinnar sem erfitt var að ráða bót á. Rót vandans var að sjálfsögðu að skólinn var rekinn af vanefnum, en málið sýnir einnig að háskólayfirvöld virðkenndu að vandinn væri fyrir hendi þótt þau virðist hafa átt erfitt um vik með að ráða á honum bót vegna þröngra fjárhagsaðstæðna. Þá sýna heimildir einnig að með reglulegu millibili í sögu skólans, a.m.k. frá því um 1965, hafa stundakennarar tekið sig saman og reynt að bæta kjör sín.³⁸

Í fundargerðabók háskólaráðs í ágúst 1966 kemur fram að skipuð var nefnd til að gera tillögur um „[l]aunamál aukakennara“.³⁹ Hálfum mánuði síðar lágu tillögurnar fyrir, og var þá m.a. bent á „[a]lf hálfu forseta verkfræðideildar og viðskiptadeildar ... að æskilegt væri að greiða sérstaka aukabókun fyrir fyrirlestrakennslu fyrsta sinn sem hún fer fram“. Einnig nefndi forseti Heimspekideildar að það kynni að vera nauðsynlegt að „greiða sérstaklega fyrir stflaleiðréttingar í tungumálakennslu“.⁴⁰

Það vandamál að hlutfall stundakennslu af kennslu við Háskóla Íslands væri of hátt var mjög til umræðu innan Verkfræðideildar á sjöunda áratug 20. aldar. Fjórum árum síðar en sjömenningarnir áður nefndu kvörtuðu yfir kjörum sínum, árið 1969, barst forseta Verkfræði- og raunvísindadeildar bréf, „undirritað af 31 einstaklingi“, en þar af höfðu 24 starfað sem dósentar eða stundakennarar við deildina.⁴¹ Sögðu þeir farir sínar ekki sléttar. Meginefni þessa bréfs var að vísu ekki launamálin eins og fjórum árum áður heldur starfsaðstaða öll við deildina. Í bréfinu var staðhæft að á undanförunum árum hefði stundakennurum við Verkfræðideild fjölgað stöðugt „og bera þeir nú uppi mestan hluta kennslunnar“. Þó væri ekki nóg með að þeir hefðu kennslu við deildina að mestu leyti á sínum herðum heldur væru aðstæður þeirra einnig lítt hvetjandi. Birtist þetta t.d. í því að þótt stundakennarar bæru mikla ábyrgð, þar sem þeim var falinn svo stór hluti kennslunnar, fylgdi ekki að



Stundakennari kennir sagnfræði í Árnagarði, Jón Guðnason, síðar lektor og prófessor í samtímasögu.

³⁷ HÍ. BA4: 7. Rektorsskrifstofa 1960–1984. Bréfasafn. Bréf til háskólarektors frá Magnúsi Magnússyni 17. nóv. 1965.

³⁸ Má benda á að í nóv. 2009 var stofnað félagið Hagstund. Hagsmunafélag stundakennara á háskólastigi. – *Stúdentablaðið* 2010 7. tbl., 8.

³⁹ HÍ. Fundargerðabók háskólaráðs 18. ágúst 1966, 433.

⁴⁰ HÍ. Fundargerðabók háskólaráðs 1. sept. 1966, 435.

⁴¹ HÍ. BA4: 7. Rektorsskrifstofa 1960–1984. Bréfasafn. Bréf til menntamálaráðherra, rektors og háskólaráðs, kennara verkfræðideildar o.fl. frá fráfarandi og viðtakandi forsetum verkfræðideildar 30. ágúst 1969.

II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN – II.8 SKREF Í ÁTT TIL RANNSÓKNARHÁSKÓLA

sama skapi sú vegsemd að móta námið og hafa nokkuð að segja um innihald þess. Þannig sagði í bréfinu að „[s]tundakennurum ... [væri] gert að sinna kennslu undir umsjón annarra. Þeir ráða litlu um kennslutilhögun og engu um fjárhagsáætlun og þróun deildarinnar“. Við þetta bættust síðan starfsaðstæður sem af bréfinu að dæma voru með þeim hætti að þær voru frágangssök fyrir kennara að taka boði um stöður við deildina. Ekki var sem sé ljóst að stöðunum sem í boði voru fylgdi tilhlýðileg vinnuaðstaða. Þannig hafði nokkrum kennurum verið boðin staða við Verkfræðideild „en þeir hafa ekki séð sér fært að taka henni vegna óaðgengilegra skilyrða um afsal fyrri vinnuaðstöðu án tryggingar um jafngilda eða betri vinnuaðstöðu í staðinn“. Fleira kom til sem stundakennarar voru ósáttir við og ályktuðu þeir því að „[a]llt þetta, og sérstaklega það, hve algerlega er gengið framhá almennum kennurum við allar ákvarðanir deildarinnar ... [ylli] þykkju og ósamlyndi sem unnt er að komast hjá“.

Kennararnir 31 sem rituðu undir bréfið vildu freista þess að ná samkomulagi við prófessora Verkfræði- og raunvísindadeildar um nokkur meginatriði sem þeir tilgreindu nánar í meðfylgjandi plaggi og væntu þess að deildin yrði „við þessari málaleitan og þá eigi síðar en 10. september“. Ella mundu þeir sem þegar hefðu tekið að sér kennslu segja sig frá henni og „aðrir undirritaðir ekki taka að sér kennslu á komandi vetri“.⁴²

Í tillögum sem fylgdu bréfinu er farið fram á að Verkfræði- og raunvísindadeild geri ákveðnar ályktanir um umbætur á stöðu mála. En umrætt plagg varpar jafnframt athyglisverðu ljósi á það umbreytingaferli sem Háskólinn var að ganga í gegnum. Á það má líta sem eitt af fjölmörgum dæmum um hvernig kröfur voru að myndast um fastmótaðra skipulag innan skólans. Þannig var t.d. rætt um atriði á borð við það að Verkfræðideild skyldi skiptast í fjórar skorir og hver skor síðan kjósa fulltrúa í deildarráð. Þá má sjá hvernig krafan um að stúdentar skyldu eiga aðild að stjórn skólans var að öðlast aukið vægi, en kveðið var á um að stefnt skyldi að „sem nánustu samstarfi við stúdenta og þátttöku þeirra í skorar- og deildarráðsfundum“ og lagt til að tveir stúdentafulltrúar sætu í deildarráði. Önnur atriði er fram komu sýna glögglega að skipulag innan skólans hefur þurft athugunar við á þessum tíma. Þannig var farið fram á að „skriflegir ráðningarsamningar [yrðu gerðir] við alla þá, sem stunda kennslu í deildinni“. Af sjálfu sér leiðir að þetta ákvæði hefði vart

⁴² HÍ. BA4: 7. Rektorsskrifstofa 1960–1984. Bréfasafn. Bréf til forseta verk- og raunvísindadeildar frá 31 kennara 25. ágúst 1969.

verið sett inn nema vegna þess að látið hafi verið líða hjá að gera slíka samninga, og sýnir það vel að úrbóta var þörf.⁴³

Vart er hægt að segja annað en að greinargerð 31-menninganna hafi verið vel tekið. Í bréfi frá „fráfarandi“ og „viðtakandi“ forsetum Verkfræðideildar, Lofti Þorsteinssyni og Þorbirni Sigurgeirssyni, sagði að forsvarsmenn deildarinnar hefðu lengi gert sér grein fyrir því að eftir því sem bæði stúdentum, kennurum og kennslugreinum hefði fjölgað „væru ríkjandi stjórnunar- og starfshættir orðnir úreltir og nauðsyn bæri til að gera breytingar þar á“.⁴⁴

Almennt má þó líta á þetta mál sem merkilega heimild um hvernig umræddar breytingar áttu sér stað, hverjir voru helstu gerendur og hvernig samspilið var á milli Háskólans sem stofnunar annars vegar og „breytingaraflanna“ hins vegar. Þeir sem léku meginhlutverk voru ungir fræðimenn sem voru að hasla sér völl sem kennarar við Háskóla Íslands. Aftur á móti er ekki beinlínis hægt að halda því fram að forsvarsmenn Háskólans hafi streist á móti umræddum umskiptum, a.m.k. ef dæma skal af bréfaskiptunum. Þótt kannski megi merkja í þeim ákveðna spennu þá virðast hinir yngri fræðimenn og prófessorar sem fyrir sátu hafa haft svipuð viðhorf varðandi þær breytingar sem gera þurfti, enda má segja að það hafi verið hagsmunir beggja hópanna að þær næðu fram að ganga. Kemur þetta heim og saman við aðrar heimildir um það umbreytingaferli sem Háskólinn gekk í gegnum á árunum í kringum 1970.

Hvað snertir Verkfræðideild á síðari hluta sjöunda áratugarins kemur a.m.k. skýrt fram að bæði prófessorar og yngri kennarar höfðu verulegar áhyggjur af stöðu kennslumála við deildina. Þar má enn vitna í Háskólaskýrsluna svonefndu, en í fylgiskjali með henni kemur fram að Háskólanefnd fór þess á leit við Verkfræðideild að hún gerði tillögur um „æskilegt starfslið við deildina næstu áratugina“. Á fundi í október 1968 kaus Verkfræðideild þá Loft Þorsteinsson prófessor í verkfræði, Magnús Magnússon prófessor í eðlisfræði og Sigurð Þórarinsson jarðfræðiprófessor í nefnd til að gera áætlun um þessi efni.⁴⁵ Í álit þeirra er að finna ítarlegar upplýsingar um hvernig kennslu var háttáð við deildina, hversu stór hluti hennar var á vegum fastráðinna kennara, prófessora og dósenta, og hversu stóran hluta stundakennarar höfðu með höndum. Þar kom fram að við deildina störfuðu alls 40 kennarar. Þar af væru prófessorar sex talsins og dósentar fjórir, en aðrir kennarar væru stundakennarar.

⁴³ HÍ. BA4: 7. Rektorsskrifstofa 1960–1984. Bréfasafn. Tillaga til ályktunar verkfræði- og raunvísindadeildar Háskóla Íslands. Fylgiskjal með bréfi til forseta verk- og raunvísindadeildar frá 31 kennara 25. ágúst 1969.

⁴⁴ HÍ. BA4: 7. Rektorsskrifstofa 1960–1984. Bréfasafn. Bréf til menntamálaráðherra, rektors og háskólaráðs, kennara verkfræðideildar o.fl. frá fráfarandi og viðtakandi forsetum verkfræðideildar 30. 8. 1969.

⁴⁵ *Efning Háskóla Íslands II*. Verkfræði- og raunvísindadeild. 4. Þróun verkfræðideildar áratugina 1970–1990. – Þorsteinn Vilhjálmsson, „Verkfræði og raunvísindi við Háskóla Íslands“, 116–17.

II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN – II.8 SKREF Í ÁTT TIL RANNSÓKNARHÁSKÓLA



Mörgum fannst gert lítið úr kennarastarfinu, og var þá stundum brugðist við því með kaldhæðni. Þessi teikning var birt í Samstund, fréttabréfi stundakennara.

Þá var tekið fram að kennslustundir væru að meðaltali um 160 á viku og „annast stundakennarar um 60% þeirra“. Höfundar álitserðarinnar gerðu lesendum það ljóst að „hlutur stundakennslu í verkfræðideild ... [væri] óeðlilega mikill“. En þar með var ekki öll sagan sögð því dósentsstarfið væri líka, eins og þeir orðuðu það „algert aukastarf“. Eitt meginálit nefndarmanna fólst þannig í því að það „ætti að vera sjálfsgöð krafa, að aðalkennari í öllum stærri kennslugreinum hafi kennsluna að aðalstarfi“. Þá væri í ýmsum tilvikum einnig mikilvægt að sá kennari hefði fastráðinn aðstoðarkennara sér til fulltingis. Að lokum undirstrikuðu þeir að þótt stundakennsla yrði ávallt veruleg þá ætti hlutfall hennar að verða „minni en þriðjungur af heildarkennslu í stað meira en helmingis eins og nú er“.⁴⁶

Lok áttunda áratugarins eru áhugaverð vegna þróunar málefna stundakennara við Háskóla Íslands, en þá virðist ákveðnum hópi þeirra enn hafa verið nóg boðið, og brettu þeir upp ermar og tóku til sinna ráða. Í apríl árið 1978 skýrði Stúdentablaðið frá því að stundakennarar við skólann hefðu stofnað með sér hagsmunafélag. Aðdragandi málsins var sá, samkvæmt blaðinu, að haustið á undan hafði komið upp óánægja meðal stundakennara vegna þess að hjá var látið líða að greiða hluta af launum þeirra á svokallaðan Bið-reikning lífeyrissjóðsiðgjalda. Við umræður hefði komið í ljós að „hér var pottur brotinn og fékkst því loks framgengt, að Háskólinn tæki umsaminn hluta af launum þessara starfsmanna sinna og greiddi jafnframt sinn hluta af lífeyrissjóðsiðgjaldinu eins og aðrir atvinnurekendur“. Í framhaldi af þessu var fundað og stofnaður starfshópur um málefni stundakennara, og þann 8. mars 1978 voru stofnuð Samtök stundakennara við skólann.⁴⁷

Í greininni, sem undirrituð var af samtökunum, var skýrt frá því að nákvæmar tölur um fjölda stundakennara við Háskóla Íslands lægju ekki á lausu, en þeir myndu þó vera u.þ.b. 200–300 manns. Hópurinn væri stór og mjög dreifður, „hinir einstöku stundakennarar hittast sjaldan, enda hafa þeir ekki vinnuástöðu í skólanum nema í kennslustundum“.⁴⁸

Í pistli hinna nýstofnuðu Samtaka stundakennara í Stúdentablaðinu var gerð grein fyrir þeirri ályktun stofnfundar Samtakanna að teknar skyldu upp samningaviðræður við háskólayfirvöld, „samkvæmt kröfugerð, sem samþykkt var á fundinum“. Af greininni virðist ljóst að ekki var vanþörf á að hópur þessi gerði tilraun til að vekja athygli á sínum málstað. Þótt hann gegndi mikilvægu hlut-

⁴⁶ *Efning Háskóla Íslands* II. Verkfræði- og raunvísindadeild. 4. Þróun verkfræðideildar áratugina 1970–1990. 1.

⁴⁷ *Stúdentablaðið* 1978 4. tbl., 1.

⁴⁸ *Stúdentablaðið* 1978 4. tbl., 1.

Samtök stundakennara gáfu úi fréttabréfið Samstund.



verki við rekstur Háskóla Íslands var hann engu að síður ósýnilegur á margan hátt, dreifður og erfitt að meta stærð hans nákvæmlega. Þá átti hann ekki aðild að stéttarfélagum og kom ekki að því sjálfur að semja um kaup sín og kjör. Hin nýstofnuðu Samtök stundakennara bentu á að innan vébanda Bandalags háskólamanna væri starfandi stéttarfélag er nefndist Félag háskólakennara. Meðlimir þess félags væru prófessorar, dósentar og lektorar við Háskóla Íslands, svo og fastráðnir starfsmenn háskólastofnana. Stundakennarar aftur á móti ættu þar enga aðild, og hefði það þær afleiðingar að kjör þeirra væru „háð einhliða ákvörðun viðkomandi ráðuneyta,

II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN – II.8 SKREF Í ÁTT TIL RANNSÓKNARHÁSKÓLA

menntamála- og fjármálaráðuneytis“. Eins og fram kom í pistlinum var þessi bága staða stundakennara hvað snerti kaup og kjör í verulegri mótsögn við hlutverk þeirra innan skólans. Samtökin nýstofnuðu bentu á að þótt stundakennsla á háskólastigi væri skilgreind sem „bráðabirgðastarf“ væri ábyrgð stundakennara engu að síður mikil. Í ýmsum greinum væri um og yfir helmingur allrar kennslu á herðum stundakennara, og dæmi væru um „að heilar námsgreinar séu einvörðungu kenndar af stundakennurum“.⁴⁹ Um leið var stundakennsla við Háskóla Íslands í raun og veru aðalstarf margra þeirra sem hana höfðu með hendi, eins og Ólafur Jónsson, einn af fyrstu stjórnarmönnum Samtaka stundakennara, sagði í viðtali við Stúdentablaðið árið 1980. Stundakennarar væru þannig að hans sögn „einungis fastir kennarar á lægri launum eða með margfalda vinnuskyldu, hvernig sem menn vildu orða það, – en án allrar starfstryggingar og atvinnuöryggis“.⁵⁰

Með stofnun Samtaka stundakennara í byrjun árs 1978 hljóp mikill kraftur í umræðuna um málefni stundakennara, og upphófst átök við Háskólann um kaup og kjör, átök sem leiddu til þess að haustið 1978 lýstu stundakennarar við Háskóla Íslands yfir verkfalli. Skrifaði Stúdentablaðið um þann atburð að það hefði verið „í hendi stundakennara að stöðva mestalla kennslu við skólann“.⁵¹ Verkfall þetta stóð í viku og í kjölfar þess var „samin reglugerð um greiðslur fyrir stundakennslu“.⁵² Samtakamáttur stundakennara á þessum árum vekur raunar athygli, en skýrt kemur fram í heimildum að barátta þeirra fyrir kjörum sínum var afar vel skipulögð. Héldu þeir m.a. reglulega fundi og gáfu út fréttablað er bar heitið Samstund. Fréttabréf samtaka stundakennara við H.Í.⁵³ Þá má nefna að í byrjun nóvember árið 1980 efndu menntamálanefnd Stúdentaráðs og Samtök stundakennara til ráðstefnu undir heitinu „Stjórnun og kennsluhættir í Háskóla Íslands“. Meðal efna sem fjallað var um á ráðstefnunni var stundakennsla í skólanum.⁵⁴ Til annars verkfalls var síðan boðað vorið 1981 sem hafði „nokkuð víðtæk áhrif á starfsemi Háskólans“ að sögn Morgunblaðsins í frétt þess um málið.⁵⁵ Af heimildum sést einnig að stundakennarar náðu eyrum yfirvalda menntamála og tóku sjálfir upp samninga um kjör sín.⁵⁶

Að lokum skal tekið fram að málið var rætt í háskólaráði, og má þar vitna til tillagna er bornar voru fram af rektor og samþykktar þann 9. júní 1981. Tillögurnar sýna að háskólayfirvöld tóku undir sjónarmið stundakennara í ýmsum meginatriðum, en í fyrstu

⁴⁹ *Stúdentablaðið* 1978 4. tbl., 1.

⁵⁰ *Stúdentablaðið* 1980 5. tbl., 18.

⁵¹ *Stúdentablaðið* 1980 5. tbl., 18.

⁵² *Djóðviljinn* 7. apríl 1981, 3.

⁵³ HÍ. BA4: 202. Rektorsskrifstofa 1977–1984. Bréfasafn. Samtök stundakennara 1980–1984.

⁵⁴ *Stúdentablaðið* 1980 5. tbl., 15.

⁵⁵ *Morgunblaðið* 7. apríl 1981, 19.

⁵⁶ HÍ. BA4: 202. Rektorsskrifstofa 1977–1984. Bréfasafn. Samtök stundakennara 1980–1984. Sjá t.d. bréf frá Menntamálaráðuneyti til rektors 15. okt. 1981, bréf frá Menntamálaráðuneyti til Fjármálaráðuneytis með afriti til Samtaka stundakennara 14. ágúst 1981 og bréf frá samninganefnd stundakennara til Fjármálaráðuneytis 21. ágúst 1981.

tillöggunni sagði að „Háskólaráð ... [teldi] að hlutfall stundakennslu ... [væri] orðið allt of hátt“. Brýnt væri að Háskólinn fengi nýjar kennarastöður þannig að „hlutfall stundakennslu minnki úr rösklega helmingi í um þriðjung af heildarkenndu“.⁵⁷ Rektor lagði áherslu á að það væri vilji Háskólans að draga úr hlutfalli stundakennslu, en í annarri tillögu hans sagði að einungis ætti að „ráða einstaka stundakennara til að kenna innan tiltekins hámarks á ári hverju eftir eðli kennslu“. Þriðja tillagan um málefni stundakennara sem samþykkt var í háskólaráði snerti síðan hagsmuni stundakennaranna sjálfra, en samkvæmt henni skyldi ráðið vinna að því að stundakennarar ættu þess kost að sækja um fé til rannsókna vegna ákveðinna verkefna.⁵⁸

⁵⁷ *Árbók Háskóla Íslands* 1980–81, 81.

⁵⁸ *Árbók Háskóla Íslands* 1980–81, 81.

9. Kvennafræði og kvennabarátta

1. Nýtt og pólitískt fræðasvið

Á árunum upp úr 1970 þurfti Háskólinn að takast á við nýjan veruleika á fjölmörgum sviðum og laga sig að nýjum öflum sem knúðu á af miklum krafti. Einn þeirra þátta sem kvaddi dyra með sívaxandi þunga var málefnið „kvennabarátta“ og „kvennafræði“.

Hér skal tekið fram að fræðilegt sjónarhorn „kvennafræða“ hefur tekið verulegum breytingum frá því að þau komu fyrst fram um 1970. Hugtakið „kyngervi“ (*gender*) olli m.a. þáttaskilum á níunda og tíunda áratug 20. aldar, og um leið tóku „kvennafræði“ að þróast yfir í „kvenna- og kynjafræði“. Á því tímabili sem hér um ræðir var kvennafræðahugtakið þó ráðandi við Háskóla Íslands.¹ Tilurð og þróun kvennafræða við skólann má að mörgu leyti bera saman við stofnun Félagsvísindadeildar, en um var að ræða algerlega nýtt fræðasvið sem bar með sér nýja sýn á veruleikann, og til þess að koma því á við skólann þurfti að vinna mikið og öflugt frumkvöðlastarf. Að öðru leyti skáru kvennafræðin sig aftur á móti úr öllum öðrum fræðigreinum, en þau voru fyrsta fræðasviðið sem stofnað var til innan Háskólans sem meðvitað tengdi saman persónulega reynslu og lífssýn rannsakandans annars vegar og fræðistörf hans hins vegar og hafði um leið skýr pólitísk markmið. Hér má t.d. vitna til greinargerðar sem fylgdi með tillögu að reglugerð um Rannsóknastofu í kvennafræðum sem komið var á fót árið 1991, en þar sagði að „[k]vennafræði ... [væru] þverfagleg og ... [tækju] til vísindalegrar umfjöllunar viðfangsefni annars vegar um konur og hins vegar um önnur efni út frá gagnrýnu sjónarhorni kvennafræða“. Síðan sagði:

Á öllum sviðum fræða og vísinda hafa fræðimenn, þó einkum fræðikonur, um nokkurt árabil unnið að nýjum og skapandi rannsóknum á þessu sviði. Þessi nýsköpun á ekki stst rætur sínar í því að til þessa fræðasviðs hafa konur borið sértæka reynslu sína, vitund og lífssýn en ekkert af þessu hafði áður verið mótandi afl á nokkru fræðasviði. Í rökréttu framhaldi af

¹ Unnur Dís Skaptadóttir, „Áherslubreytingar í rannsóknum á kynferði“, 223–28. – Agnes Arnórsdóttir, „Frá kvennasögu til kerfisbundinna rannsókna“, 33–39. – Scott, *Gender and the Politics of History*. Yfirlit yfir hinar ýmsu stefnur innan fræðigreinarinnar gefur Þorgerður Einarsdóttir í „...Hið vísindalega er pólitískt““, 202–04.



Tvær heiðurskonur sem áttu langa starfsævi í Háskóla Íslands, Erla Elíasdóttir aðstoðarháskólaritari 1949–91 og Elísabet Jónsdóttir húsvörður aðalbyggingar 1962–86.

stórauðinni menntun kvenna á undanförunum áratugum eru konur nú í aðstöðu til að koma með ný sjónarhorn, viðhorf og skilning inn í fræðigreinarnar ...²

Eins og ráða má af ofangreindum tilvitnunum voru kvennafræðin frá upphafi nátengd kvennapólítískri baráttu. „Nútíma kvennafræðisráðgjafir eru sprotnar upp úr þeirri miklu sóknarlotu í baráttu kvenna fyrir jafnrétti og jafnstöðu sem hófst rétt fyrir 1970“, sagði Guðrún Ólafsdóttir landfræðingur í erindi á ráðstefnunni *Íslenskar kvennafræðisráðgjafir* sem haldin var við Háskóla Íslands haustið 1985. „Markmið þessara rannsókna“, sagði Guðrún, „hefur frá upphafi verið að afla þekkingar um konur sem koma megi þeim að gagni í baráttunni með því að auka þeim skilning á sjálfum sér, stöðu sinni og möguleikum.“³ Í grein Helgu Kress bókmenntafræðings sem birtist í *Skírni* áratug áður eða 1975 var einmitt lagt út af tengslum kvenfrelshreyfingarinnar annars vegar og fræðanna hins vegar. „Með kvenfrelshreyfingu síðustu ára hefur risið upp ný grein innan bókmenntafræðinnar, sem er könnun á stöðu og hlutverki kvenna í bókmenntum“, sagði Helga. En hjá henni kom einnig skýrt fram að kvennafræðisráðgjafir höfðu pólitískt markmið enda miðuðu þær að „vitneskju um hugmyndir um konur fyrr og síðar og jafnframt að skilningi á raunverulegri stöðu þeirra“. Þar með voru þær „liður í þeirri vitundarvakningu sem er forsenda jafnréttis“.⁴

Hér má einnig benda á rannsóknir Þorgerðar Einarisdóttur félagsfræðings á hinum nánú tengslum milli „femínískrar hreyfingar og hinna vaxandi fræða“. Þorgerður skrifar að það megi snúa slagorði femínískra hreyfinga, „hið persónulega er pólitískt“ upp á fræðilegan

² HÍ. BRIKK: 1. Rannsóknastofa í kvennafræðum 1985–1991. Rannsóknastofa í kvennafræðum. Tillaga að reglugerð. Leturb. hér.

³ Guðrún Ólafsdóttir, „Lífskjör kvenna, byggðapróun og byggðastefna“, 115.

⁴ Helga Kress, „Kvenlýsingar og raunsæi“, 73.



II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN – II.9 KVENNAFRÆÐI OG KVENNABARÁTTA



Jafnréttissinnar unnu á margvíslegan hátt úr alkunnu kvenkynstákni. Þessi teikning birtist í Stúdentablaðinu árið 1985.

femínisma og halda því fram að einkunnarorð hans séu „að hið vísindalega sé pólitískt“.⁵ Í það minnsta urðu kvennarannsóknir og kvennabarátta að mörgu leyti hliðar á sama peningi, og því er rétt að huga að kvannahreyfingunni og stöðu kvenna í kringum árið 1970.

2. Rauðsokkur og Kvennalisti

Hin svokallaða „nýja kvannahreyfing“ á Íslandi spratt upp úr svipuðum aðstæðum og kvannahreyfingar erlendis.⁶ Viðhorf til kvenleikans á kaldastríðsárunum skiptu þar t.d. máli, en Dagný Kristjánsdóttir prófessor hefur rannsakað þær hugmyndir og bent á að sjaldan hafi „kvenleikinn verið jafn stílfærður og ýktur eins og á sjötta áratugnum“. Einnig hefur hún fjallað um hvernig þetta var tímabil kynslóðar sem hyllti öryggi á öllum sviðum og lagði þar með t.d. áherslu á hina sterku fjölskyldu, en í henni voru kynhlutverkin bæði hefðbundin og vandlega skilgreind.⁷ Á sjöunda áratugnum öðluðust konur aukna menntun, og þeim fjölgaði sífellt á atvinnumarkaði, en kerfislæg staða þeirra og hinar samfélagslegu hugmyndir um kvenhlutverkið breyttust ekki í samræmi við það. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir prófessor hefur lýst því hvernig árekstur varð milli hinnar viðteknu samfélagslegu skilgreiningar á kvenleikanum og hlutverki kvenna annars vegar og raunverulegrar stöðu þeirra hins vegar. Konur voru áfram skilgreindar út frá hlutverki sínu innan einkasviðsins, sem mæður og húsmæður, þótt raunveruleg þjóðfélagsstaða þeirra hefði tekið miklum stakka-skiptum. Það að konur voru orðnar virkar á hinu opinbera, karllæga sviði gerði það að verkum að þeim varð æ ljósari hin mótsagna-kennda og flókna staða sem þær bjuggu við.⁸ Heimilið átti t.d. enn að eiga hug þeirra og hjarta, og vinna á heimilunum hélt áfram að vera á þeirra herðum sem og umönnun barna, en fátt var að gert til að samræma þetta tvöfalda hlutverk.⁹

Heimildum ber saman um að hér var að finna ræturnar að tilurð hinnar „nýju kvannahreyfingar“ um 1970. Hér má t.d. vitna í skrif Herdísar Helgadóttur mannfræðings sem gefa fróðlega innsýn í stöðu mála á sjöunda áratugnum. Herdís segir að konur hafi orðið „fyrirvinnur við hlið karla“ en þó ekki verið

viðurkenndar sem slíkar þótt húsbýggingar og aukin neysla heimila krefðist tveggja fyrirvinna. Árið 1963 voru t.d. 28.6% giftra kvenna útivinnandi og 1971 42.3%. Mikill launamunur

⁵ Þorgerður Einarsdóttir, „Hið vísindalega er pólitískt“, 210.

⁶ Fræðikonur hafa lýst kvannahreyfingunni sem spratt upp um 1970 með hugtökum á borð við „nýja kvannahreyfingin“ og „önnur bylgja kvannahreyfinga“. – Sjá t.d. Auður Styrkarsdóttir, „Mæðrahyggja“, 272–78. – Kristín Jónsdóttir, „Hlustaðu á þína innri rödd“, 14–17. – Dahlerup, *Rødstrømperne* II, 43.

⁷ Dagný Kristjánsdóttir, „Karlar í krapinu“, 189–99.

⁸ Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, *Doing and Becoming*, 146.

⁹ Sjá t.d. Gestur Guðmundsson og Kristín Ólafsdóttir, '68, 227.





Anna Sigurðardóttir (yst til vinstri á myndinni) stofnaði Kvennasögusafn Íslands á heimili sínu 1. janúar 1975. Myndin var tekin þegar safninu var afhent efni varðandi forsetakjör Vigdísar Finnbogadóttur 1980. Nú er Kvennasögusafnið sjálfstæð deild í Landsbókasafni.

var milli kynja, þrátt fyrir lög um launajöfnuð frá 1961, fram-
möguleikar kvenna voru litlir, menntunin skilaði sér ekki í
launaumslögin, þær voru sniðgengnar við stöðuhækkunar,
komust ekki til áhrifa, og flest sem þær gerðu var lítils metið.¹⁰

Þar fyrir utan voru dagheimili „fá, nær eingöngu rekin fyrir börn
einstæðra foreldra og námsmenn, og (3ja mánaða) fæðingarorlofs
nutu aðeins þær konur sem voru í störfum hjá því opinbera og í hönk-
um“.¹¹ Sú mynd sem hér er dregin upp af stöðu kvenna er ekki
glæsileg en kemur þó vel heim og saman við aðrar lýsingar.¹²

Hin íslenska Rauðsokkahreyfing var stofnuð árið 1970. Tengsl
hennar við '68-hreyfinguna voru nánin hér sem annars staðar á Vestur-
löndum,¹³ en um leið hefur verið bent á að konur í „nýju vinstri-
hreyfingunni ... [hafi] smám saman fengið sig fullsaddar á hug-
myndum karla sinna og skoðanabræðra um nýtt og réttlátara
samfélag því að í þeim var lítil gaumur gefinn að sérstöðu kvenna“.
Hefur því verið haldið fram að karlarnir hafi ekki haft neinn
raunverulegan áhuga á kvenréttindamálum, „þetta voru bara orðin
tóm“.¹⁴ Baráttuaðferðir Rauðsokkahreyfingarinnar voru nýstárlegar
og ögrandi og vöktu mikla athygli.¹⁵ Ennfremur fóru fram innan
hreyfingarinnar víðtækar umræður um afstöðu til kvenleikans og til
jafnréttismála, og var þannig m.a. ákveðið að hreyfingin skyldi vera
opin körlum, sem ekki tíðkaðist í sambærilegum hreyfingum er-

- ¹⁰ Herdís Helgadóttir, „Vaknaðu kona“, 291.
- ¹¹ Herdís Helgadóttir, „Vaknaðu kona“, 291.
- ¹² Sjá t.d. Vilborg Sigurðardóttir, „Vitund vaknar – augu opnast“, 477. – Dagný Kristjánsdóttir, „Karlur í krapinu“, 189–99.
- ¹³ Vilborg Sigurðardóttir, „Vitund vaknar – augu opnast“, 476–92. – Dahlerup, *Rødstrømperne I*. – Rowbotham, „Mapping the Women's Movement“, 1–16. – Íslensk kvenréttinda-hreyfing varð fyrir hugmyndafræðilegum áhrifum víða að, t.a.m. frá franska rithöfundinum og femínístanum Simone de Beauvoir. Sjá Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, „Konan með kyndilinn“, 68–71.
- ¹⁴ Vilborg Sigurðardóttir, „Vitund vaknar – augu opnast“, 477.
- ¹⁵ *Heimildamynd*. Halla Kristín Einarsdóttir, *Konur á rauðum sokkum*.



II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN – II.9 KVENNAFRÆÐI OG KVENNABARÁTTA



Einn af fyrstu kvennasögufræðingunum og síðar alþingiskona Kvennalistans, Kristín Ástgeirsdóttir sagnfræðingur. Myndin birtist með viðtali í tímaritinu Sæmundi 1985.

lendis. Sósíalískar kenningar og stéttabarátta komu einnig mjög við sögu, en árið 1974 samþykkti hreyfingin t.d. sósíalíska stefnufrýsingu þar sem sagði að baráttu kvenna yrði ekki „slitin úr tengslum við baráttu undirokaðra stétta fyrir þjóðfélagslegum jöfnuði“. Þessi afstaða mætti þó andstöðu meðal margra kvenna innan hreyfingarinnar.¹⁶

Rauðsokkahreyfingin markaði tímamót í sögu kvenna og um leið í íslensku þjóðfélagsþróun almennt.¹⁷ Kristín Jónsdóttir sagnfræðingur segir að á meðal mikilvægustu áhrifa Rauðsokkahreyfingarinnar á Íslandi hafi verið þau „að réttur kvenna til vinnu var viðurkenndur“. Hún bendir einnig á að Rauðsokkur hafi átt „virkan þátt í að samþykkt voru lög nr. 78/1976 um jafnrétti kvenna og karla“, og einnig hafði baráttu þeirra áhrif á að löggjöf um fóstureyðingar var breytt.¹⁸ Þó segir hún einnig að undir lok áttunda áratugarins hafi Rauðsokkahreyfingin verið orðin „einangruð og stöðnuð að mati margra kvenna og bitlaust tæki í kvennabaráttu“.¹⁹

Saga áttunda og níunda áratugar 20. aldar er hlaðin merkisviðburðum á sviði kvenréttinda og kvennabaráttu. Meðal atburða sem upp úr standa eru að sjálfsögðu kvennafrídagurinn sem haldinn var þann 24. október 1975 og kjör Vigdísar Finnbogadóttur í forsetaembætti 1980, en hún varð fyrsta konan í heiminum sem kosin var þjóðhöfðingi í almennum kosningum.²⁰ Upp úr 1980 fóru síðan að koma fram hugmyndir um pólitísk framboð kvenna, og árið 1982 skipulögðu konur sérstök kvennaframboð til sveitarstjórna í Reykjavík og á Akureyri og komu tveimur fulltrúum að á hvorum stað. Fyrir alþingiskosningar árið eftir, 1983, var síðan efnt til nýrrar hreyfingar, Samtaka um kvennalista. Í alþingiskosningunum 1987 vann sá listi stórsigur, bauð fram í öllum átta kjördæmunum og tvöfaldaði fylgi sitt. Vann hann sex þingsæti og 10% allra atkvæða.²¹

Kristín Ástgeirsdóttir sagnfræðingur og ein af þingkonum Kvennalistans hefur lýst hugmyndafræði kvennalistanna á þann veg að gengið hafi verið út frá því að konur ættu „sameiginlegan reynsluheim og sameiginlegra hagsmuna að gæta sem konur“. Sá reynsluheimur væri á ýmsan hátt ólíkur reynsluheimi karla.²² Í hugmyndafræði Kvennalistans var lögð áhersla á hugtakið „kvennamening“, og eins og Kristín Jónsdóttir orðar það þá gekk sú umræða „þvert á fyrri hugmyndafræði um samstöðu með verkalyðsstéttinni og hinum fátæku og þjáðu „öreigum allra landa“, en kvennameningar-nálgunin „gerði ráð fyrir að konur samsömuðu sig öðrum konum

¹⁶ Gestur Guðmundsson og Kristín Ólafsdóttir, '68, 232–33, 246. – Vilborg Sigurðardóttir, „Vitund vaknar – augu opnast“, 488.

¹⁷ *Heimildamynd*. Halla Kristín Einarisdóttir, *Konur á rauðum sokkum*.

¹⁸ Kristín Jónsdóttir, „Hlustaðu á þína innri rödd“, 22.

¹⁹ Kristín Jónsdóttir, „Hlustaðu á þína innri rödd“, 23.

²⁰ Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld*, 393–94.

²¹ Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld*, 395. – Gunnar Karlsson, *Iceland's 1100 Years*, 355.

²² Kristín Ástgeirsdóttir, „Sú pólitíska synd“, 44.

óháð stétt og uppruna“.²³ Kvennaframboðskonur skilgreindu samfélagið upp á nýtt út frá sjónarhorni kvenfrelsisstefnunnar, „rýndu í hefðbundið málfar og skyggndust bak við orð og hugtök til að freista þess að varpa nýju ljósi á mál“. Má þar benda á að með Kvennalistanum komust hugtök á borð við „hina hagsýnu húsmóður“ og „reynsluheim kvenna“ inn í orðaforða íslensku þjóðarinnar.²⁴ Kvennalistakonur voru þeirrar skoðunar að til þess að rjúfa hina félagslegu þöggun kvenna hafi það verið lykilatriði að gera kvenlega reynslu og kvenlegan menningarheim sýnilegan.²⁵

Hvað snertir áhrif Kvennalistans þá voru þau víðtæk, en ljóst virðist að listinn hafi m.a. orðið til þess „að auka hlut kvenna í stjórnámálum og á þann hátt efla lýðræðið í landinu“. Þar má benda á að strax í sveitarstjórnarkosningum árið 1982 tvöfaldaðist hlutfall kvenna bæði í Reykjavík og á landsvísu. Árið eftir þrefaldaðist hlutfall þetta á landsvísu, og í alþingiskosningum 1999 tókst í fyrsta skipti að rjúfa hið svokallaða „glerþak“, en þá urðu konur 35% allra fulltrúa á Alþingi.²⁶ Sjálfur lifði Kvennalistinn þessar breytingar þó ekki af, og eru ástæður þess að sjálfsögðu bæði margvíslegar og flóknar. Þar má t.d. nefna hinn hugmyndafræðilega grundvöll þar sem konur urðu því andvígari en áður „að vera flokkaðar saman á grundvelli kynferðis eða sérstaks sameiginlegs reynsluheims“. Kvennalistinn var aldrei lagður niður formlega, en segja má að sögu kvennaframboðanna hafi lokið árið 1999 þegar samþykkt var að hann stæði að „stofnun nýs stjórn málaafis með samstarfsaðilum í Samfylkingunni“.²⁷

3. Kvenréttindi og stúdentapólitík

Sterkir þræðir lágu á milli umræðu um kvenréttindi og uppgangs kvennafræða innan Háskóla Íslands annars vegar og kvennapólitíkurinnar í landinu hins vegar. Teikn á lofti um að umræður um jafnréttismál og stöðu kynjanna væru að taka sér bólfestu í Háskólanum var að finna innan stúdentahreyfingarinnar strax árið 1974 en þá mátti t.d. sjá fyrirsögn af alveg nýjum toga í Stúdentablaðinu; „Jafnrétti kynjanna“ stóð skrifað þar og í greininni sem með fylgdi sagði meðal annars:

Konur á hinum ýmsu vinnustöðum þurfa að binda endi á samtakaleysi sitt. Þær þurfa að beita sér fyrir því að uppræða hver aðra og karlmennina um stöðu konunnar. Þær þurfa að

²³ Kristín Jónsdóttir, „Hlustaðu á þína innri rödd“, 33.

²⁴ Kristín Jónsdóttir, „Hlustaðu á þína innri rödd“, 47.

²⁵ Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, *Doing and Becoming*, 216.

²⁶ Kristín Jónsdóttir, „Hlustaðu á þína innri rödd“, 203–05.

²⁷ Kristín Jónsdóttir, „Hlustaðu á þína innri rödd“, 223, 233.

II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN – II.9 KVENNAFRÆÐI OG KVENNABARÁTTA

Arnlín Óladóttir læknanemi og síðar skógræðingur var fyrsti kvenkyns formaður Stúdentaráðs, kjörin árið 1974.



kynna sér launasamninga og allar hliðar kjarabaráttunnar og koma síðan út í launabaráttuna sem sterkur og áhrifamikill hópur. Stór hópur kvenna virðist sætta sig við ríkjandi ástand, en það bendir einmitt til þess, að þær geri sér alls ekki grein fyrir því, að þær eru beittar misrétti ... Það er ekki nóg, að konurnar komi út af heimilunum til vinnu, þær þurfa að koma innan um annað fólk, *venja sig á að rökræða og nema. Þær þurfa að viðurkenna þá stétt sem þær eru í ...*²⁸

Umræða á borð við þá sem hér kemur fram var afar nýstárleg innan veggja Háskólans um miðbik áttunda áratugarins, en hún var tákni nýrra tíma að margháttaðu leyti. Í fyrsta lagi var það óvanalegt að mál-efni kvenna væru sett á dagskrá og þær væru hvattar til að berjast fyrir stöðu sinni. En einnig eru greinarskrif þessi lýsandi fyrir þær jafnréttishugmyndir sem tóku að setja svip sinn á íslenskt þjóðfélag á árunum upp úr 1970 og bárust inn fyrir veggja Háskólans. Baráttan fyrir jafnrétti kynjanna var um leið stéttabarátta og var Stúdentablaðið raunar afdráttarlaust þeirrar skoðunar að ekki skipti mestu „*hvaða kyni maður tilheyrir, heldur hvaða stétt*“ og að konur mundu „*ná jafnrétti, verði stéttlaust þjóðfélag einhvern tíma að veruleika*“.²⁹

Stúdentaráðskosningar í mars árið 1974 boðuðu um leið kaflaskil, en í kjölfar kosninganna gerðist sá merkisatburður að kona var kjörin formaður Stúdentaráðs. Hét hún Arnlín Óladóttir, var læknanemi og kosin af lista vinstrianna.³⁰ En lýsing Stúdentablaðsins á þessum atburði sýnir að hér þóttu vera tímamót á ferð. „Það kann að vera að sumir reki upp stór augu þegar þeir koma inn á skrifstofu Stúdentaráðs um þessar mundir“, skrifaði blaðið:

²⁸ Stúdentablaðið 1974 11. tbl., 5–10. Leturbr. í heimild.

²⁹ Stúdentablaðið 1974 11. tbl., 10. Leturbr. í heimild.

³⁰ Stúdentablaðið, fréttablöðungur 8. apríl 1974, 1.

Það fyrsta sem augum mætir er barnagrind, þar sem máski situr lítið barn og hjalar. Á skrifstofunni er síðan kvennafans og ef vel er að gáð, einn og einn lítt áberandi strákur. Ef furðulostinn aðkomumaður spyrði hvort hann væri að villast inn á skrifstofu Rauðsokka væri honum svarað neitandi: þetta er starfslið og forysta Stúdentaráðs og hjalandi barnið á formaður ráðsins, sem jafnframt er framkvæmdastjóri þess ...³¹

Að mati Stúdentablaðsins virðist hinn nýi formaður Stúdentaráðs hafa verið persónugervingur þeirra breytinga sem samfélagið stóð nú frammi fyrir.

Það er athyglisvert að í kynningu sinni á formanninum lagði Stúdentablaðið út af ákveðnum mótum milli „einkasviðsins“ og hins „opinbera sviðs“, en úr skrifum blaðsins má lesa að ekki aðeins hefði kona tekið sér stöðu á hinum hefðbundna og karllæga vettvangi stúdentapólitíkurinnar heldur með henni einnig heimur kvenlegs umönnunarhlutverks og barnauppeldis. En mörk þessara tveggja heima voru einmitt eitt helsta viðfangsefni kvennahreyfingarinnar nýju.³²

Kjör Arnlnar er ekki aðeins athyglisvert fyrir þær sakir að hún var fyrst kvenna til að gegna embætti formanns Stúdentaráðs. Það markaði einnig tímamót að því leyti að með henni urðu kvenréttindi í fyrsta sinn baráttumál á vettvangi stúdenta. Þar skal nefnt að á stúdentaráðsfundi í byrjun árs 1975 „var kosin sérstök nefnd til að kanna stöðu konunnar á Íslandi m.t.t. „æðri“ menntunar“. Skyldi nefndin taka saman „tölulegar upplýsingar“ og ræða niðurstöður þeirra.³³ Nefndin var skipuð í tilefni af kvennaárinu 1975³⁴ og svo að vitnað sé í Stúdentablaðið var markmiðið með nefndarskipuninni að fá „betri grundvöll undir umræður um það misrétti kynjanna, sem ríkir nú á Íslandi, sérstaklega með hliðsjón af háskólamenntun.“³⁵

Hér var á ferð athyglisvert framtak, og svo virðist sem umrædd könnun hafi verið fyrsta tilraunin til „jafnréttisátaks“ sem sett var af stað innan veggja Háskólans. Könnuninni var ætlað að varpa ljósi á „hversu fjölmennar og úthaldsgóðar íslenskar konur eru í háskólanámi“, og kom fram að það úrtak sem valið var hefði verið allir stúdentar sem innrituðust í skólann haustið 1969. Markmiðið var að greina samspil kyns og félagslegrar stöðu eða að „reyna að fá fram hugsanlegan mun á aðstæðum þeirra, sem ljúka prófi og þeim sem falla út“.³⁶ Í Stúdentablaðinu var ekki skafið utan af því þegar fyrstu niðurstöður tóku að berast, „ástandið er vægast sagt hörmu-

³¹ *Stúdentablaðið* 1974 5. tbl., 3. „Stúdentaráð er verkalýðsfélag! Viðtal við Arnlni Óladóttur“.

³² Sjá t.d. Sigríður Þorgeirsdóttir og Kristín Björnsdóttir, „Velferðarþjónusta á tímamótum“, 280.

³³ *Stúdentablaðið* 1975 1. tbl., 8.

³⁴ *Lbs. Án safnmarks. Fundargerðabók stjórnar Stúdentaráðs* 18. jan. 1975.

³⁵ *Stúdentablaðið* 1975 1. tbl., 8. – *Lbs. Án safnmarks. Fundargerðabók stjórnar Stúdentaráðs* 18. jan. 1975.

³⁶ Arnlni Óladóttir, „Í tilefni kvennaárs“, 5.

legt“, mátti lesa þar, en blaðið sagði að konur væru „fáar í upphafi og þær falla mikið fleiri út en karlmenn“. Þörf væri á því að taka þessi mál til skoðunar í öllum deildum háskólans.³⁷

Kvenréttindi tóku nú að skipa stærri sess á síðum Stúdentablaðsins,³⁸ og árið 1977 var kvenfrelsisbaráttan gerð að umræðuefni á hátíð stúdenta á fullveldisdaginn, 1. desember. Ræður dagsins af þessu tilefni fluttu Bjarnfríður Leósdóttir og Silja Aðalsteinsdóttir.³⁹

4. Framgangur kvenna og tilurð kvennafræða

Það gekk hægt fyrir konur að komast til frama innan Háskóla Íslands. Framgangur kvenna við Háskólann er rakinn í úttekt Erlu Huldu Halldórsdóttur sagnfræðings í tengslum við skýrslu frá árinu 2004 um stöðu og þróun jafnréttismála. Þar kemur fram að „konur sem fengust við kennslu við hinar ýmsu deildir Háskólans voru titlaðar auka- eða stundakennarar allt fram undir 1970“.⁴⁰ Fyrsta konan sem gegndi embætti prófessors við Háskóla Íslands var Margrét Guðnadóttir, en hún var skipuð í þá stöðu í Læknadeild árið 1969. Það liðu síðan sautján ár þar til næsta kona var skipuð prófessor, en Þórdís Kristmundsdóttir var sett í þetta embætti í lyfjafraeði árið 1986. Tveimur árum síðar eða 1988 voru konur síðan skipaðar í stöður prófessora við bæði Heimspekideild og Verkfræðideild, en Álfrún Gunnlaugsdóttir var skipaður prófessor í almennri bókmenntafræði og Anna Soffía Hauksdóttir í verkfræði.⁴¹

Einn af helstu kvenkyns brautryðjendum við Háskóla Íslands var án nokkurs vafa Helga Kress bókmenntafræðingur, en hún var raunar fyrst kvenna til að gegna lektorsstöðu við Háskóla Íslands, og sömuleiðis til að gegna stöðu deildarforseta. Helga var settur lektor í íslensku fyrir erlenda stúdenta árið 1970 og skipuð árið 1971, og árið 1997 var hún kjörin forseti Heimspekideildar.⁴² Hún er þó án efa þekktust fyrir brautryðjendastörf sín á sviði kvennafræða, en eins og segir í ritinu Íslensk bókmenntasaga V þá tóku femínískar bókmenntarannsóknir fyrst að ryðja sér til rúms á áttunda áratugnum. „Þar var Helga Kress í fararbroddi en greinar hennar í *Skírni* 1975–77 ruddu brautina.“⁴³

Hið sama gildir um kennslu í kvennafræðum, en fyrsta námskeiðið sem kennt var á þessu sviði við Háskóla Íslands var á vegum Helgu Kress. Var það haldið háskólaárið 1980–81 og bar yfirskriftina „Konur og bókmenntir“.⁴⁴ Í byrjun áttunda áratugarins var síðan tekið að kenna fleiri valnámskeið út frá kvennafræðilegu sjónarhorni, og má þar nefna námskeið um kynhlutverk, kynferði og samfélag í Félagsvísindadeild þar sem kennarar voru m.a. Dóra

³⁷ Amlín Óladóttir, „Í tilefni kvennaárs“, 5.

³⁸ Sjá t.d. *Stúdentablaðið* 1980 I. tbl., 11. „Hvað ætlar þú að verða þegar þú ert orðin stór – móðir?“, 1980 7. tbl., 6. „Við erum óvart helmingurinn af mannkyninu. Sagt frá kvennaráðstefnu í Ósló.“

³⁹ *Þjóðviljinn* 2. des. 1977, 2.


⁴⁰ Vef Erlu Huldu Halldórsdóttur, „Staða og þróun jafnréttismála 1997–2002“, 14. – *Háskóli Íslands 90 ára*, 4.

⁴¹ Vef Erlu Huldu Halldórsdóttur, „Staða og þróun jafnréttismála 1997–2002“, 14. – *Árbók Háskóla Íslands* 1987–88, 65; 1988–89, 194. – *Háskóli Íslands 90 ára*, 4.

⁴² *Árbók Háskóla Íslands* 1969–73, 98. – *Háskóli Íslands 90 ára*, 4.

⁴³ *Íslensk bókmenntasaga* V, 546.

⁴⁴ Vef Erlu Huldu Halldórsdóttur, „Staða og þróun jafnréttismála 1997–2002“, 27. – *Háskóli Íslands. Kennsluskrá 1980–1981*, 77.



Árið 1985, þegar þessi teikning birtist í *Stúdenta-bladini*, voru konur enn fáar í fastráðnu kennaraliði Háskólans. Meðal prófessora var ein kona af rúmlega 80, meðal dósentna tíu af hundrad, meðal lektora 14 af 52 eða rúmlega fjórðungur. Konur voru þá sömuleiðis rúmlega fjórðungur stundakennara.

S. Bjarnason og Guðný Guðbjörnsdóttir.⁴⁵ Þá má nefna að háskólaárið 1981–82 kenndi Dóra S. Bjarnason námskeið undir yfirskriftinni „Jafnrétti og samfélag“, en um það sagði í kennsluskrá að m.a. skyldi leitast við „að greina eiginleika og umfang félagslegs mismunar kynjanna“. Námskeiðið var kennt áfram næstu ár á eftir.⁴⁶

Saga faggreinarinnar hófst þannig með konum sem lögðu stund „á kennslu og rannsóknir í kvennafræðum um árabíl, algjörlega að eigin frumkvæði og oft í óþökk umhverfisins“, eins og Þorgerður Einarsdóttir prófessor hefur orðað það. „Það var sannkölluð grasrótarátt.“⁴⁷ Þessi fyrstu skref kvennarannsókna við Háskóla Íslands báru sem sé skýr einkenni grasrótaráttar eða „aktívisma“, og var upphafið um leið mjög í samræmi við frumbylgingarátt kvennarannsókna í löndunum í kring sem einkenndust af „grasrótaráttu sem stofnavæðist“. Þorgerður Einarsdóttir vitnar til greiningar finnska félagsfræðingsins Harrietas Silius, sem hefur fjallað um þróun eins og þá er hér um ræðir. Samkvæmt þeirri greiningu má skipta henni í „nokkur stig stofnavæðingar, allt frá grasrótaráttu og stökum valnámskeiðum, yfir í skipulagða námsbraut með föstum kennara, stofnun/um fyrir kennslu og rannsóknir, fjármagn og útskriftir“. Þó skal hafa í huga að ekki er hægt að tala um hrein skil milli stiga, enda sýnir þróunin á Íslandi að þau grípa hvert inn í annað. Framgangur kvennarannsókna við Háskóla Íslands virðist þó um margt hafa fylgt svipuðu ferli og þarna er lýst, enda einkenndust upphafsskref þessa fræðasviðs af einstaklingsframtaki ákveðinna fræðikvenna við Háskólann.⁴⁸ Um haustið 1985 má aftur á móti segja að orðið hafi ákveðin skil.

⁴⁵ *Fyrirlestur*. Þorgerður Einarsdóttir, „Usli í vísindasamfélaginu.“ – Vef. Erla Hulda Halldórsdóttir, „Staða og þróun jafnréttismála 1997–2002“, 27.

⁴⁶ *Háskóli Íslands. Kennsluskrá 1981–1982*, 360–61. – *Háskóli Íslands. Kennsluskrá 1981–1982*. – *Háskóli Íslands. Kennsluskrá 1982–1983*.

⁴⁷ *Fyrirlestur*. Þorgerður Einarsdóttir, „Usli í vísindasamfélaginu“.

⁴⁸ *Fyrirlestur*. Þorgerður Einarsdóttir, „Usli í vísindasamfélaginu“. – Silius, „Women’s Employment, Equal Opportunities and Women’s Studies in Nine European Countries“, 470–514.



- 49 *HÍ*. BRIKK: 1. 1985–1991. Rannsóknastofa í kvennafræðum. Tillaga að reglugerð. – Irma Erlingsdóttir, „Rannsóknastofa í kvennafræðum 10 ára“, 19.
- 50 *HÍ*. BRIKK: 1. Rannsóknastofa í kvennafræðum 1985–1991. Áhugahópur um íslenskar kvennarannsóknir 1985–... Upphafsorð fundargerðabókar, undirrituð af Gerði G. Óskarsdóttur.
- 51 *HÍ*. BRIKK: 1. Rannsóknastofa í kvennafræðum 1985–1991. Áhugahópur um íslenskar kvennarannsóknir 1985–...
- 52 *HÍ*. BRIKK: 1. Rannsóknastofa í kvennafræðum 1985–1991. Áhugahópur um íslenskar kvennarannsóknir 1985–... – Anna G. Jónasdóttir, „Kyn, völd og pólitík“, 1–21.
- 53 *HÍ*. BRIKK: 1. Rannsóknastofa í kvennafræðum 1985–1991. Áhugahópur um íslenskar kvennarannsóknir 1985–... Fundur 28. okt. 1985.
- 54 Fundargerðabók Áhugahópsins nær frá okt. 1985 til maí 1990. Þó stóð hópurinn fyrir norrænu námskeiði um kvennafræði með styrk frá NORFA í Skálholti sumarið 1991. – *HÍ*. BRIKK: 1. Rannsóknastofa í kvennafræðum 1985–1991. Áhugahópur um íslenskar kvennarannsóknir 1985–...

5. Áhugahópur um kvennarannsóknir


Heimildum ber saman um að ákveðin tímamót hafi orðið þegar fyrsta íslenska ráðstefnan á sviði kvennafræða var haldin, en það gerðist haustið 1985.⁴⁹ Þing þetta bar að með þeim hætti að „[f]yrri hluta árs 1985 kom saman hópur kvenna sem starfa við Háskóla Íslands og ákváðu að standa fyrir ráðstefnu um íslenskar kvennarannsóknir. Þær höfðu samband við fjölda annarra kvenna og þannig stækkaði hópurinn.“ Margir undirbúningsfundir voru haldnir og bréf voru send til tæplega 100 kvenna. Í undirbúningsnefnd ráðstefnunnar sátu þær Gerður G. Óskarsdóttir, Guðný Guðbjörnsdóttir, Guðrún Erlendsdóttir, Guðrún Jónsdóttir, Inga Dóra Björnsdóttir, Margrét S. Björnsdóttir og Sigríður Erlendsdóttir.⁵⁰

Af lýsingum að dæma heppnaðist ráðstefnan fádæma vel, en áhugi reyndist mikill, og var talið að „á annað þúsund manns, aðallega konur, hafi sótt hana“. Þingið stóð í fjóra daga, frá 29. ágúst til 1. september, og voru þar „flutt 26 erindi um rannsóknir í bókmenntum, sögu, lögfræði, raungreinum, guðfræði og félagsvísindum“.⁵¹ Inngangserindið flutti Anna G. Jónasdóttir lektor við háskólann í Örebro í Svíþjóð, og bar það yfirskriftina „Kyn, völd og pólitík. Tilraun til greiningar á gerð og undirstöðum nútíma karlveldis í þjóðfélögum með formlegu jafnrétti.“⁵²

Skemmst er frá því að segja að ráðstefna þessi blés fræðikonum við Háskóla Íslands anda í brjóst, og var í framhaldi af henni stofnaður svokallaður „Áhugahópur um kvennarannsóknir“. Undirbúningshópur ráðstefnunnar tók að sér að boða til fundar strax í október, og var fyrsti fundurinn haldinn þann 28. þess mánaðar í Odda. Tekið var fram í fundarboði að kallað væri til fundarins „til að víkka út áhugahóp um íslenskar kvennarannsóknir og skipuleggja starfið framundan“.⁵³ Hópur þessi, sem starfaði á árunum 1985–91, átti eftir að hafa lykiláhrif á þróun kvennafræða við skólann næstu árin og mynda nokkurs konar brú milli grasrótastarfsemi og stofnanavæðingar í kvennafræðum.⁵⁴

Starfsemi hópsins fólst í fyrsta lagi í því að haldnir voru fræðilegir fundir þar sem konur fjölluðu um rannsóknir sínar á hinum ýmsu sviðum. Má t.d. nefna að á öðrum fundinum sem var haldinn var fjallað um aðferðir í kvennarannsóknnum, og kynntu fimm konur það efni, hver á sínu fræðasviði, en áhugahópurinn var í raun fyrsti vettvangurinn þar sem konur úr hinum ýmsu greinum kvennafræða





Margrét Guðnadóttir á vinnustað sínum, fyrsta konan sem hlaut embætti prófessors við Háskóla Íslands.

komu saman og kynntu rannsóknir sínar.⁵⁵ Hópurinn leitaðist við að kynna það sem efst var á baugi í fræðigreininni, og má í því sambandi nefna að vorið 1990, undir lok þess tímabils sem hann starfaði, var breska prófessornum Margaret Stacy boðið til landsins til að halda svokallaða smiðju í kvennafræðum og kvennarannsóknum. Stóð hún í vikutíma, frá 28. apríl til 4. maí, og voru þátttakendur sautján talsins.⁵⁶ Var þar fjallað um fjölmargar spurningar sem efst voru á baugi í kvennafræðum, t.a.m. fræðisetningu eina sem mjög átti eftir að bera á góma í íslenskum kvenna- og kynjafræðum næstu árin eða svokallaðan „póstmóðernisma“ og „póststrúktúralisma“.⁵⁷

Í öðru lagi lágu fjármál hópnunum vissulega á hjarta, en opinber fjárstuðningur var ein af mikilvægustu forsendum þess að kvennafræðin næðu að vaxa og blómstra. Í lok sama árs og fyrsta kvennafræðiráðstefnan var haldin við Háskóla Íslands eða árið 1985 lögðu þingkonur Kvennalistans ásamt nokkrum fleiri þingkonum fram breytingartillögu við fjárlög ársins 1986 um að einni milljón króna yrði varið til að „styrkja þann frjóa en fjársvelta vísindavettvang sem kvennarannsóknir hér á landi eru“.⁵⁸

Framgangur þessa máls er gott dæmi um hvernig samspil og samvinna „grasrótarinnar“ innan Háskólans og þingkvenna Kvennalistans fleytti kvennarannsóknum áfram. Áhugahópurinn studdi þannig við bakið á tillögnum, en Sigríður Dúna Kristmundsdóttir,

⁵⁵ HÍ. BRIKK: 1. Rannsóknastofa í kvennafræðum 1985–1991. Áhugahópur um íslenskar kvennarannsóknir 1985–... – HÍ. BRIKK: 4. Áhugahópur um íslenskar kvennarannsóknir. Ýmis gögn. – HÍ. BRIKK: 4. Áhugahópur um íslenskar kvennarannsóknir. Ýmis gögn. Guðný Guðbjörnsdóttir, „Kvindeforskningsens udvikling i Island“, 1–2.

⁵⁶ HÍ. BRIKK: 1. Rannsóknastofa í kvennafræðum 1985–1991. Áhugahópur um íslenskar kvennarannsóknir 1985–... – HÍ. BRIKK: 1. Rannsóknastofa í kvennafræðum 1985–1991. Bréf Gerðar G. Óskarsdóttur, Guðrúnar Jónsdóttur, Guðrúnar Ólafsdóttur og Sigurbjargar Aðalsteinsdóttur til Rannsóknastofu í kvennafræðum 6. feb. 1995.

⁵⁷ Sjá t.d. Guðný Guðbjörnsdóttir, „Sjálfsmyndir og kynferði“, 135–200. – Dagný Kristjánsdóttir, *Kona verður til*, 28–31. – Sigríður Þorgeirsdóttir, „Póstmóðernismi sem heimspekilegt hugtak“, 128–40.

⁵⁸ *Alþingistíðindi* 1985–86 B1, 2060.

II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN – II.9 KVENNAFRÆÐI OG KVENNABARÁTTA

alþingiskona Kvinnalistsans, mælti fyrir henni á Alþingi.⁵⁹ Í fram-söguræðu sinni um málið notaði Sigríður Dúna tækifærið til að fræða alþingismenn um kvennarannsóknir, enda alls ekki vanþörf á ef marka má Alþingistíðindi.⁶⁰ Vitnaði hún m.a. til umræðna sem skapast höfðu þegar tillögunni var dreift og sagði það hafa komið í ljós „að sumir hv. þm. vissu ekki hvað kvennarannsóknir voru, töldu jafnvel að flm. hefðu farið ráðuneytavillt við gerð till.“ Á Alþingi hefði sem sé verið uppi sú skoðun að tillaga þessi ætti heima á borði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, og félli helst undir málefni Borgarspítala, „því að hér hlyti að vera um að ræða læknisfræðilegar rannsóknir á konum“.⁶¹ Af umræðunum er í það minnsta ljóst að Alþingi veitti ekki af uppfærðslu um kvennafræði.

Tillagan fékkst ekki samþykkt við fyrstu tilraun en var lögð fram aftur ári síðar og hlaut þá náð fyrir augum þingsins.⁶² Umræddum fjárstyrk frá Alþingi var varið til styrkveitinga á sviði kvennarann-sókna, og var umsjón fjárins á hendi Áhugahóps um kvennarann-sóknir.⁶³ Styrkir þessir voru veittir árlega í nokkur ár, en sem dæmi má nefna að árið 1987 veitti hópurinn sjö styrki til kvennarann-sókna, og hlaut hver fræðimaður laun til þriggja mánaða er sam-svöruðu byrjunarlaunum lektors. Árið 1989 var úthlutað sex styrkj-um til rannsókna í kvennafræðum, og árið 1991 voru fimm launa-styrkir veittir.⁶⁴ Þótt styrktímabilin væru kannski ekki löng eða fjárhæðirnar háar er samt ekki vafi á að styrkveitingar þessar gerðu Áhugahópnum kleift að leggja ákveðinn grunn að kvennafræðum á Íslandi. Áttu styrkirnir án efa þátt í að gera kvennafræði sýnileg og höfðu þannig táknræna þýðingu auk þess sem þeir voru að sjálfsögðu bæði hvatning þeim sem fengu þá og raunverulegur stuðningur til að leggja stund á rannsóknir.

Áhugahópurinn lét einnig að sér kveða þegar kom að stödu-veitingum innan Háskólans, en á fundi þann 3. febrúar 1986 var á dagskrá „[n]ýleg embættisveiting í íslenskum bókmenntum“ og „[f]orsendur og afleiðingar fyrir kvennarannsóknir og jafnrétti“.⁶⁵ Aðdragandi málsins var sá að á fundi í Heimspekideild í lok nóv-ember 1985 var lagt fram álit dómnefndar um hæfi umsækjenda um lektorsstöðu í íslenskum bókmenntum. Sex manns höfðu sótt um stöðuna, og taldi dómnefnd fimm þeirra hæfa, en af þeim skæru tveir sig úr eða þau Helga Kress og Matthías Viðar Sæmundsson. Atkvæða-greiðsla um málið á fundi Heimspekideildar féll þannig að Helga fékk langflest atkvæði.⁶⁶ Í lok janúar var aftur á móti lagt fram bréf í

⁵⁹ HÍ. BRIKK: 1. Rann-sóknastofa í kvenna-fræðum 1985–1991. Áhugahópur um ís-lenskar kvennarann-sóknir 1985– ... Fundir 3. feb. og 2. des. 1986. – *Alþingistíðindi* 1985–86 B1, 2060–62.

⁶⁰ *Alþingistíðindi* 1985–86 B2, 2059–70.

⁶¹ *Alþingistíðindi* 1985–86 B2, 2060.

⁶² *Alþingistíðindi* 1986–87 B1, 2078.

⁶³ HÍ. BRIKK: 1. Rann-sóknastofa í kvenna-fræðum 1985–1991. Áhugahópur um ís-lenskar kvennarann-sóknir 1985– ...

⁶⁴ *Tíminn* 12. júní 1987, 6. – *Alþýðublaðið* 31. maí 1989, 4. – *Þjóð-viljinn* 23. júlí 1991, 13. – *Morgunblaðið* 23. júlí 1993, 29. – Sjá einnig HÍ. BRIKK: 1. Rann-sóknastofa í kvenna-fræðum 1985–1991. Áhugahópur um ís-lenskar kvennarann-sóknir 1985– ...

⁶⁵ HÍ. BRIKK: 1. Rann-sóknastofa í kvenna-fræðum 1985–1991. Áhugahópur um ís-lenskar kvennarann-sóknir 1985– ... Fundur 3. feb. 1986.

⁶⁶ HÍ. Gjörðabók heim-spekideildar Háskóla Íslands, 29. nóv. 1985, 82–83.

deildarráði Heimspekideildar þar sem skýrt var frá því að Matthías Viðar Sæmundsson hefði verið settur í stöðuna, og var það samkvæmt ákvörðun menntamálaráðherra er þá var Sverrir Hermannsson.⁶⁷ Fulltrúar stúdenta brugðust hart við þessu og sendu bréf á deildarfund þar sem mótmælt var að menntamálaráðherra hefði hunsað „vilja deildarinnar í sambandi við veitingu lektorstöðu í íslenskum bókmenntum“ og fóru fram á að málið yrði rætt nánar á sérstökum fundi.⁶⁸

Á fundi hjá Áhugahópnum skýrði Helga Kress svo „frá því, hvernig dómnefndir um stöðuveitingar í heimspekideild hefðu fjallað um rannsóknir sínar í dómnefndarálitum í þau skipti, sem hún hefur sótt um stöðu við deildina“. Á sama fundi var gerð grein fyrir sjónarmiðum nemenda í cand. mag.-námi í íslensku, en Ragnildur Richter sagði að áhugi væri meðal þeirra á því að „heimspekideild haldi námskeið í kvennabókmenntum“, og ræddi hún einnig „mikilvægi þess, að fastur kennari með kvennabókmenntafræði sem sérsvið sinni handleiðslu kandídatritgerða“. Að því loknu var eftirfarandi ályktun samþykkt samhljóða: „Fundurinn mótmælir harðlega nýlegri embættisveitingu menntamálaráðherra í stöðu lektors í íslenskum bókmenntum við heimspekideild Háskóla Íslands. Hópurinn telur að stöðuveitingin endurspegli fordóma, vanmat og virðingarleysi á kvennarannsóknum og konum.“ Ennfremur taldi hópurinn veitinguna stangast á við jafnréttislög og vera í andstöðu við samning sem samþykktur var á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna árið 1980 um „afnám alls misréttis gegn konum“.⁶⁹

Sérstakt markmið Áhugahópsins var að reyna að koma á, skipuleggja og „stofnanavæða“ kvennarannsóknir á Íslandi. Í erindi sem Guðný Guðbjörnsdóttir hélt fyrir hönd hópsins hjá Kvennasumarháskólanum *Nordisk Forum* sumarið 1988 gerði hún grein fyrir því að umræður um hvernig sett yrði á fót formleg kennsla í kvennafræðum við Háskóla Íslands hefðu frá upphafi verið eitt af meginþemum innan hans. Þá hefði einnig verið fjallað um stofnun miðstöðvar fyrir kvennarannsóknir.⁷⁰ Erindi Guðnýjar gefur ágæta inn-sýn í þá kosti sem fræðikonur á sviði kvennafræða og Háskólinn í heild stóðu frammi fyrir þegar kennsla og rannsóknir í kvennafræðum voru að taka á sig skipulagða mynd í lok nífunda áratugarins. Fram kom að hópurinn hefði safnað upplýsingum um hvernig þessum málum væri fyrir komið t.d. á Norðurlöndunum og í Bandaríkjunum og víðar, og væru þrjár leiðir mest áberandi. Í fyrsta lagi tíðkaðist það fyrirkomulag að hafa sérstakar miðstöðvar fyrir kvenna-

⁶⁷ Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld*, 534.

⁶⁸ *HÍ*. Gjörðabók deildarráðs heimspekideildar 24. jan. 1986, 207, 211.

⁶⁹ *HÍ*. BRIKK: 1. Rannsóknastofa í kvennafræðum 1985–1991. Áhugahópur um íslenskar kvennarannsóknir 1985–... Fundur 3. feb. 1986.

⁷⁰ *HÍ*. BRIKK: 4. Áhugahópur um íslenskar kvennarannsóknir. Ýmis gögn. Guðný Guðbjörnsdóttir, „Kvindeforskningsens udvikling i Island“, 2.



II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN – II.9 KVENNAFRÆÐI OG KVENNABARÁTTA

Anna Sigurðardóttir, sjálfmenntaður sagnfræðingur og stofnandi Kvennasögusafns Íslands, var sæmd nafnbót heiðursdoktors við Heimspekideild Háskóla Íslands árið 1986 og var fyrsta konan sem hlaut þá nafnbót. Hér afhendir deildarforseti, Höskuldur Þráinsson, henni doktorsskjalið á háskólahátíð.



rannsóknir þar sem nokkrir fastráðnir kennarar skipulegðu nám í kvennafræðum í samráði við kennara innan hinna ýmsu háskóla-deilda. Í annan stað væri þessum málum þannig hagað að ekki væru sérstakar deildir eða brautir í kvennafræðum en ábyrgðin á kennslu og rannsóknum í fræðigreininni væri til skiptis á hendi hinna ýmsu deilda. Þriðja fyrirkomulagið var síðan að koma kvennafræðunum fyrir innan ákveðinnar deildar, t.d. innan félagsvísinda-deilda.⁷¹ Á Íslandi, sagði Guðný, hefði sú stefna verið mótuð að fara síðastnefndu leiðina, enda hefði fljótt komið í ljós hversu erfitt væri að koma á fót þverfaglegri kennslu við Háskóla Íslands nema hún væri á ábyrgð einnar tiltekinnar deildar.

6. Umræður um námsbraut og stofnun Rannsóknastofu í kvennafræðum

Umræður um skipulag kennslu í kvennafræðum ber víða á góma í fundargerðabók Áhugahópsins sem nær frá 1985 og fram til 1990. Á fundi þann 11. maí árið 1986 kom fram að álitíð var að sú staðreynd að konur hefðu veika stöðu í valdakerfi Háskólans gerði það að verkum að erfitt væri að koma á framfæri málum er snertu kvennafræði. Strax á þessum fundi komu fram hugmyndir um að stofna til skipulagðrar námsbrautar, eða að „athuga hvort ekki mætti sameina þá kennslu sem nú er í kvennafræðum í nokkrum greinum, og setja undir einn hatt“. Var stofnaður vinnuhópur sem

⁷¹ HÍ. BRIKK: 4. Áhuga- hópur um íslenskar kvennarannsóknir. Ýmis gögn. Guðný Guðbjörnsdóttir, „Kvíndeforskningens udvikling i Island“, 2-3.



skyldi taka þetta mál að sér og skila um það tillögum. Í hópnum voru þær Dóra Bjarnason, Guðný Guðbjörnsdóttir, Guðrún Ólafsdóttir, Helga Kress, Yrsa Þórðardóttir, Margrét Guðmundsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir.⁷²

Um haustið 1986 var síðan gerð grein fyrir hugmyndum vinnuhópsins. Guðný Guðbjörnsdóttir skýrði frá því að tillögurnar „gerðu ráð fyrir að stefna á að tekið verði upp nám í kvennafræðum sem aukagrein við félagsvísindadeild H.Í.“. Kom fram að til þess þyrfti „ekki neinar reglugerðar- eða lagabreytingar, aðeins samþykki deildarforseta.“⁷³ Hópurinn setti þannig fram tillögu „til deildarfundar Félagsvísindadeildar Háskóla Íslands um að bjóða upp á nám í kvennafræðum til 30 e.“, og virðist það vera fyrsta fastmótaða tillagan sem lögð var fram innan Háskólans um nám í þessum fræðum. Skýrt var tekið fram að þótt nám þetta yrði á vegum Félagsvísindadeildar væri engu að síður „gert ráð fyrir að hluti námsframboðs verði úr öðrum deildum eins og tíðkast yfirleitt um námspakka af þessu tæi“. Hvað varðaði stjórn þeirrar námsbrautar sem hér var í deiglunni þá var ætlunin að stofna sérstaka námsnefnd þar sem þrír kennarar og þrír nemendur ættu sæti, og skyldi a.m.k. einn kennaranna vera utan Félagsvísindadeildar. Formaður nefndarinnar skyldi aftur á móti ávallt koma úr Félagsvísindadeild.⁷⁴

Skemmst er frá því að segja að tillaga þessi frá haustinu 1986 náði ekki fram að ganga. Á fundi hjá Áhugahópnum sagði Gerður Óskarsdóttir frá afgreiðslu deildarfundar Félagsvísindadeildar á málinu og að því „var vísað frá á þeim grundvelli að um formgalla á tillögunni væri að ræða, þar sem það þyrfti reglugerðarbreytingu frá Háskólaráði til að hægt væri að framkvæma tillöguna“. Áhugahópurinn lét málið þó ekki niður falla og samþykkti að halda áfram að reyna að vinna því brautargengi.⁷⁵ Umræður um námsbraut héldu enda áfram að bera á góma⁷⁶ en námsbraut í kvennafræði sem aukagrein var komið á fót tíu árum síðar en tillaga um þetta efni var fyrst sett fram eða haustið 1996.⁷⁷

Tillaga um nám í kvennafræðum frá árinu 1986 gefur nokkra hugmynd um stöðu fræðigreinarinnar við Háskóla Íslands um miðbik nítunda áratugarins. Í það minnsta sýnir hún að þá þegar var kominn grundvöllur til að bjóða upp á slíkt nám. Þar var t.d. sett fram hugmynd um hvernig umræddur „námspakki“ yrði saman settur, og var hann miðaður við það framboð á námskeiðum sem útlit var fyrir að kennt yrði á næsta skólaári. Fram kom að kúrsar á þessu sviði

⁷² HÍ. BRIKK: 1. Rannsóknastofa í kvennafræðum 1985–1991. Áhugahópur um íslenskar kvennarannsóknir 1985– ... Fundur 11. maí 1986.

⁷³ HÍ. BRIKK: 1. Rannsóknastofa í kvennafræðum 1985–1991. Áhugahópur um íslenskar kvennarannsóknir 1985– ... Fundur 9. okt. 1986.

⁷⁴ HÍ. BRIKK: 1. Rannsóknastofa í kvennafræðum 1985–1991. Tillaga til deildarfundar Félagsvísindadeildar Háskóla Íslands um að bjóða upp á nám í kvennafræðum til 30 e, 2.

⁷⁵ HÍ. BRIKK: 1. Rannsóknastofa í kvennafræðum 1985–1991. Áhugahópur um íslenskar kvennarannsóknir 1985– ... Fundur 17. feb. 1987.

⁷⁶ HÍ. BRIKK: 1. Rannsóknastofa í kvennafræðum 1985–1991. Áhugahópur um íslenskar kvennarannsóknir 1985– ... Fundur 23. nóv. 1988.

⁷⁷ Vef. Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Konur í vísindum á Íslandi, 12–13. Heiti brautarinnar var breytt 1998 í „Námsbraut í kynjafræðum“.

II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN – II.9 KVENNAFRÆÐI OG KVENNABARÁTTA

Mynd tekin 1994 þegar út kom greinasafn Rannsóknastofu í kvennafræðum, Fléttur. Fremri röð, frá vinstri: Ragnhildur Richter, ritstjóri bókarinnar, Hólmfríður Árnadóttir, kápuhönnuður hennar, og Þórunn Sigurðardóttir, ritstjóri. Í aftari röð eru nokkrir greinarhöfundar, frá vinstri: Sigríður Dína Kristmundsdóttir, Helga Kress, Guðný Guðbjörnsdóttir, Kristín Björnsdóttir og Rannveig Traustadóttir.



voru kenndir innan bókmennta, sagnfræði, uppeldisfræði og guðfræði auk nokkurra fleiri námskeiða. Einnig var rætt um að áhugi væri á að fá „námskeið úr sem flestum fræðigreinum inn í þennan „pakka“ s.s. mannfræði, stjórnmálafræði, sálarfræði, líffræði, læknisfræði, viðskiptafræði, landafræði, o.s.frv.“ Engu að síður yrðu slíkar tillögur að koma frá viðkomandi fræðigreinum.⁷⁸

Tillöguna má þó einnig lesa sem heimild um hugmyndafræðilegar áherslur á þessum tíma innan kvennafræða. Bent hefur verið á að kvennafræðin hafi í upphafi einkennst af „kröfunni um sýnileika“. „Fyrsta kynslóð kvennarannsókna einbeitti sér ... að því að *bæta konum við sem viðföngum rannsókna*.“ Þannig var „[ó]sýnileiki kvenna í hinum hefðbundnu vísindum ... meðal þess fyrsta sem gagnrýni fræðikvenna beindist að innan fræðaheimsins. Líf kvenna, framlag þeirra til sögunnar og samfélagsins, aðstæður þeirra og reynsla höfðu verið hundsud, eða – ef þau voru skoðuð – skilgreind sem hluti af ráðandi kynjamynstri, fyrirfram gefin og eðlislæg.“⁷⁹

Slík viðfangsefni voru í forgrunni á þessum upphafsárum kvennafræða við Háskóla Íslands, en í greinargerð sem fylgdi umræddri tillögu að námsbraut var vísað til rannsóknarspurninga sem urðu knýjandi upp úr 1970 í háskólunum:

Hvers vegna eru jafn fáir kvenkennarar í háskólum og raunber vitni? Hvers vegna eru svona fáir kvenrithöfundar, -lista-

⁷⁸ HÍ. BRIKK: 1. Rannsóknastofa í kvennafræðum 1985–1991. Tillaga til deildarfundar Félagsvísindadeildar Háskóla Íslands um að bjóða upp á nám í kvennafræðum til 30 e, 1.

⁷⁹ Þorgerður Einarsdóttir, „...Hið vísindalega er pólitíski“, 212. Leturbr. í heimild.

menn, eða -vísindamenn í kennslubókunum? Hvers vegna er mannkynssagan skráð út frá styrjöldum og „stórmennum“? Hvers vegna virðast vísindin vera afurð eða svið karla og lítið gert úr framlagi kvenna til þeirra? Hvers vegna er vinnuframlag kvenna bæði heima fyrir og á vinnumarkaðnum lítils metið? Hvers vegna eru litlar sem engar lýsingar á lífi og starfi formæðra okkar? ... Hvers vegna eru konur fyrst og fremst skoðaðar út frá tengslum sínum við karla og út frá þeirra kenningum en sjaldan sem sjálfráða manneskjur?⁸⁰

Greinargerðin varpar þó einnig ljósi á mikla og um leið snögga landvinninga kvennafræðanna innan vestrænna háskóla. Þannig sagði að völ væri á þúsundum námsleiða í þessum fræðum og tekið fram að árið 1982 hefðu þær verið 30.000 í Bandaríkjunum einum. Námsleiðirnar sem lægju til háskólagráða allt upp í doktorspróf skiptu einnig hundruðum, flestar í Bandaríkjunum en einnig í Englandi, Þýskalandi, Skandinavíu og víðar. Því var haldið fram að nú þegar „þessi viðleitni [væri] orðin u.þ.b. 15 ára“ þá hefði hún „fengið það orð á sig að vera eitt merkasta framlag til menntamála á 7. áratugnum“. Það lék heldur ekki vafi á því í hugum þeirra fræðikvenna sem að tillögunum stóðu að kvennafræði væru hápólitísk faggrein. Þannig var fullyrt að almenn samstaða virtist um „að eitt merkilegasta markmið kvennafræða sé að hvetja konur til að vera ákveðnar og sjálfstæðar og taka ekki forræði karla sem sjálfgefið og sjálfsgagt. Oft [væri] lítið á kvennafræði sem mennta-arm kvenfrelsis-hreyfingarinnar.“⁸¹

Það má að lokum segja að fjölmörg þeirra álitaefna og markmiða sem hér hafa verið rædd hafi einnig borið á góma við stofnun Rannsóknastofu í kvennafræðum.⁸² Hér má nefna að á fundi Áhugahóps um kvennarannsóknir í október 1986 voru reifaðir möguleikar varðandi skipulagningu kvennarannsókna og tvær leiðir nefndar. Annars vegar „að stofna sérstaka rannsóknarstofnun í kvennafræðum“ og hins vegar að koma á fót því sem hópurinn nefndi „rannsóknastöð í kvennafræðum“ sem skyldi vera tengd Félagsvísindastofnun, en á fundinum reyndist vera stuðningur við síðarnefndu hugmyndina.⁸³ Einnig voru settar fram hugmyndir um að stofnuð yrði það sem í fundargerðarbók var nefnt „sjálfstæð kvennarannsóknamiðstöð“ sem starfrækt yrði án tengsla við Háskólann.⁸⁴

Nokkrum árum síðar hafði bæði verið ákveðið að Rannsóknar-

⁸⁰ HÍ. BRIKK: 1. Rannsóknastofa í kvennafræðum 1985–1991. Tillaga til deildarfundar Félagsvísindadeildar Háskóla Íslands um að bjóða upp á nám í kvennafræðum til 30 e, 2. – Greiningu á viðfangsefnum kvennarannsókna á upphafsárunum er að finna í *Vef. NIKK. Nielsen, „Kvinne- og kjønnsforskning i Norden“, 19–21.*

⁸¹ HÍ. BRIKK: 1. Rannsóknastofa í kvennafræðum 1985–1991. Tillaga til deildarfundar Félagsvísindadeildar Háskóla Íslands um að bjóða upp á nám í kvennafræðum til 30 e, 3.

⁸² HÍ. BRIKK: 6. Rannsóknastofa í kvennafræðum. Bréfasafn 1991–1992. Opunarhátíð.

⁸³ HÍ. BRIKK: 1. Rannsóknastofa í kvennafræðum 1985–1991. Áhugahópur um íslenskar kvennarannsóknir 1985– ... Fundur 9. okt. 1986.

⁸⁴ HÍ. BRIKK: 1. Rannsóknastofa í kvennafræðum 1985–1991. Áhugahópur um íslenskar kvennarannsóknir 1985– ... Fundur 23. nóv. 1988.



II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN – II.9 KVENNAFRÆÐI OG KVENNABARÁTTA

Frá ráðstefnu Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum, Konur og Balkanstríðin, í hátíðarsal Háskóla Íslands árið 2001. Lengst til vinstri á myndinni er Irma Erlingsdóttir, forstöðukona Rannsóknastofunnar, þriðja frá vinstri Gréta Ólafsdóttir. Hít eru útlendir gestir sem munu vera flestum lesendum ókunnir.



stofan starfaði innan Háskólans og að hún heyrði „beint undir háskólaráð en ekki undir einstakar deildir, þar sem um þverfaglega rannsóknastofu er að ræða“. Eins og sagði í tillögu að reglugerð um stofuna þá var henni m.a. ætlað að „stuðla að kennslu og þjálfun í kvennafræðum, einkum ... á efri námstigum“ og að „samhæfa rannsóknir í kvennafræðum“. Þetta síðastnefnda markmið þótti mikilvægt, en bent var á að um leið og „sívaxandi áhugi og gróska á sviði kvennafræða“ væri ríkjandi hér á landi væri „jafnframt ... ljóst að kraftarnir eru dreifðir og að mikið skortir á nauðsynlega samhæfingu og samræmingu á þessu sviði“. Einnig var undirstrikuð nauðsyn þess að stofnunin starfaði innan vébanda Háskólans „sem er eðlilegur vettvangur nýrra strauma á sviði rannsókna og fræða“.⁸⁵ Reglugerð um Rannsóknastofu í kvennafræðum var samþykkt í háskólaráði í janúar 1990,⁸⁶ en stofnunin tók til starfa árið 1991, og var opnunaráttíð hennar haldin með glæsibrag þann 25. ágúst það ár.⁸⁷

⁸⁵ HÍ. BRIKK: 1. Rannsóknastofa í kvennafræðum 1985–1991.

⁸⁶ HÍ. Fundargerðabók háskólaráðs 25. jan. 1990, 20.

⁸⁷ HÍ. BRIKK: 6. Rannsóknastofa í kvennafræðum. Bréfasafn 1991–1992. Opnunaráttíð. – *Árbók Háskóla Íslands* 1994–97, 451–52.

